ÆFISAGA

JÓNS ÓLAFSSONAR INDÍAFARA

SAMIN AF HONUM SJÁLFUM
(1661)

NÚ Í FYRSTA SKIFTI GEFIN ÚT
AF
HINU ÍSLENSKA BÓKMENTAFJELAGI

MEÐ ATHUGASEMDUM EFTIR
SIGFÚS BLÖNDAL

I. HEFTI

KAUPMANNAHOFN
PRENTAÐ HJA S. L. MÖLLER
1908

ÆFISAGA

JÓNS ÓLAFSSONAR INDÍAFARA

SAMIN AF HONUM SJÁLFUM

(1661)

NÚ Í FYRSTA SKIFTI GEFIN ÚT

AF

HINU ÍSLENSKA BÓKMENTAFJELAGI

MEÐ ATHUGASEMDUM

EFTIR

SIGFÚS BLÖNDAL

II. HEFTI

KAUPMANNAHÖFN
PRENTSMIÐJU S. L. MØLLERS
1909

923.9
910.4
Jón

ÆFISAGA
JÓNS ÓLAFSSONAR
INDÍAFARA

SAMIN AF HONUM SJÁLFUM

(1661)

NÚ Í FYRSTA SKIFTI GEFIN ÚT

AF

HINU ÍSLENSKA BÓKMENTAFJELAGI

MEÐ ATHUGASEMDUM

EFTIR

SIGFÚS BLÖNDAL

KAUPMANNAHÖFN

PRENTSMIÐJU S. L. MØLLERS

1908—1909

FORMÁLI.

I.

Bók sú, sem hjer kemur á prent í fyrsta skifti, nærri því þrjúhundruð og fimtíu árum eftir að hún var samin, er að mörgu leyti merkileg. Hún er ein af hinum fáu sjálfsæfum í íslenskum bókmentum og ein af okkar fáu reglulegu ferðabókum. Í henni eru mjög merkilegar og góðar lýsingar á lífinu í Kaupmannahöfn á dögum Kristjáns 4., og hún fræðir um ýmislegt, er menn ekki hafa vitað til hlítar áður, viðvíkjandi staðarlýsing þeirrar borgar. Hún er á kafla merkilegt heimildarrit fyrir verslunarsögu Norðurlandaþjóða á Indlandi og gefur góðar upplýsingar um sum atriði í Íslands sögu, sem ekki fást annars staðar. Af öllu þessu leiðir, að hana má telja með merkari ritum í íslenskum bókmentum á 17. öld.

Að íslenskri alþýðu hefur fallið sagan vel í geð má ætla af því hvað margar afskriftir eru til af svo löngu riti. Lærðir Íslendingar og útlendingar, sem þektu ritið, hafa heldur ekki verið í neinum vafa um gildi þess. Finnur biskup Jónsson (Hist. Eccl. Isl. III, bls. 563) bendir á, að í riti Jóns sje ýmislegur fróðleikur, sem ekki sje annarsstaðar að fá, og Hálfdán Einarsson (sem nefnir bókina Hist. litt. Isl. 1786, bls. 154—155) reyndi til að gera hana kunna í útlöndum. Sendi hann hinum danska sagnaritara J. H. Schlegel útdrátt á dönsku úr sögunni. Schlegel ljet svo prenta útdrátt úr sögunni á þýsku, í hinu merka safnriti sínu Samlung zur Dänischen Geschichte II, 4, bls. 173—179, Kph. 1775, er sá útdráttur eingöngu úr 1. hlutanum; átti framhaldið að koma síðar, en Schlegel dó frá verkinu

og varð svo ekki meira úr því. — Merkilegt er það að Espólín ekki virðist hafa þekkt söguna, að minnsta kosti hefur hann ekki í árbókum sínum tilfært neitt um víg Pjeturs hirðstjóra, og eru þó ekki mörg hirðstjóravígin á Íslandi, ekki heldur um bardagann milli Englendinga og Frakka fyrir Látrabjargi, nje sendiförina til Bessastaða og það sem í 3. parti sögunnar er sagt um Tyrki þar, en alt þetta hefði hann líklega notað ef hann hefði þekkt bókina.

Á 19. öldinni fengust nokkrir við ritið. Í Konunglega bókasafninu í Khöfn er til dönsk þýðing (hdr. Ny kgl. Saml. 2077 a, sjá skrá Dr. Kålunds, bls. 289—90), en hún endur í 16. kap. fyrsta partsins, og er full af misskilningi og vitleysum; hún hefur því aldrei verið gefin út. Heyrt hef jeg sagt að Páll heitinn Briem amtmaður hafi haft í hyggju að gefa söguna út, en orðið að hætta við það. Þá gerði Valdimar Ásmundsson ritstjóri útdrátt úr sögunni, og birti í blaði sínu Fjallkonunni 4. árg. 1887. Ólafur Davíðsson birti í Sunnanfara V, 37—38 frásögn Jóns um viðræðu sína og Jóns Halldórssonar við Kristján 4. (hjer bls. 49—50) og um Íslendinga í Höfn (hjer bls. 33—34). Dr. Jón Þorkelsson landsskjalavörður gaf út kaflana um Tyrkjaránið (III. partur, k. 2—6) í »Tyrkjaránið á Íslandi 1627. Sögufélag gaf út. Rvík 1906-09«, bls. 200—316. Árið 1905 kom út fyrsti partur bókarinnar í danskri þýðingu eftir mig: Jon Olafssons Oplevelser som Bøsseskytte under Christian IV. Nedskrevne af ham selv. I Oversættelse ved S. Blöndal. Udgivne af Julius Clausen og P. Fr. Rist. Gyldendalske Boghandel, Nordisk Forlag (København 1905), V + 244 bls. 8°, og er sú þýðing 1. bindi í ritsafninu »Memoirer og Breve« sem þeir Julius Clausen bókavörður og P. Fr. Rist ofursti gefa út. Athugasemdirnar voru langflestar eftir þá útgefendurna, jeg ritaði líka stuttan formála og ýmsar athugasemdir um það er Ísland snerti. Árið 1907 kom svo síðari hlutinn: Jon Olafssons Oplevelser som Ostindiefarer under Christian IV. Nedskrevne af ham selv. I Oversættelse ved S. Blöndal. Udgivne af Julius Clausen og P. Fr. Rist. Gyldendalske Boghandel, Nordisk

Forlag (København 1907), V + 198 bls. og er það 7. bindi í »Memoirer og Breve«. — Seinni hlutinn er mjög styttur í þýðingunni, og er fremur að skoða sem útdrátt en eiginlega þýðing víðast hvar. — Viðv. athugasemdunum skiftum við eins verkum með okkur og við fyrra partinn. Mjer varð ánægja að því, að áður en bókin kom á prent, var handritið að henni notað sem aðalheimildarrit fyrir elstu sögu dönsku nýlendunnar í Tranquebar af dönskum vísindamanni er fjekkst við það efni um þær mundir (Hr. Kay Larsen í De dansk-ostindiske Koloniers Historie I. Kbh. 1907). — Þýðingum þessum var vel tekið, og ýmsir hvöttu mig til, sumir opinberlega, aðrir í brjefum til mín, að gefa út íslenska frumritið. Hafði jeg lengi haft það í hyggju og rjeði þá af að gera það. Hafnardeild Bókmentafjelagsins samþykkti svo að gefa það út á ársfundinum 23. Apríl 1907. Er þeirri útgáfu nú lokið. Skal jeg hjer í formálanum drepa á nokkur atriði viðvíkjandi höfundinum, sögunni, og starfi mínu.

II.

Jón Indíafari reit þessa bók í elli sinni og er því eðlilegt að hann sumstaðar hefur misminnt um ártöl og svo um nöfn og einstök önnur atriði. Flest af þessu er þó óverulegt, og er leiðrjett hjer í athugasemdunum. En til þess að fá glöggt yfirlit yfir alt saman set jeg hjer helstu atriðin úr tímatalinu.

Jón Indíafari er fæddur 4. Nóv. (gl. st.) 1593 (bls. 5); hann fer til Englands snemma um sumarið 1615 (bls. 13); til Danmerkur frá Englandi um haustið sama ár, og gengur rjett á eftir í herþjónustu sem byssuskytta (bls. 31). Árið 1616 fer hann í siglingar um Norðurhöf með Jörgen Daae (bls. 107—123), kemur á þeirri ferð víða við í Noregi og alt norður til Kildin við Norður-Íshafið, en fer þaðan til Færeyja (bls. 120—123). Vorið 1617 er hann aftur á flotanum

og þá í siglingum með Kristjáni 4. (bls. 46—53). Árið 1618 er hann við innreið biskupsins af Verden í Höfn. Um haustið það ár hefur hann líklega farið til Krónborgarkastala (bls. 87, sbr. ath. við þá bls. og bls. 85 og 91). Hann talar um mikil frost »annan veturinn«, er hann var á Krónborgarkastala, og segir að það hafi verið sama veturinn og halastjarnan sást (bls. 91). »Annan veturinn« verður hjer að skilja sem »annanhvorn veturinn«, því halastjarnan sást þar í Nóv. og Dec. 1618, og Jón hefur þá aðeins verið kominn fyrir nokkrum mánuðum. Árið 1619 nefnir hann »á því öðru ári er eg þjenti á Krónborgarsloti« (bls. 92). og segir (bls. 98) að það hafi verið sama ár sem Kristján 4. og Gústaf Adolf hittust í Halmstad, en það var í Febrúar 1619. Jón hefur verið á Krónborg aðeins einn vetur, en part úr tveimur árum, því um vorið 1619 (hann segir sjálfur ranglega 1618, bls. 125) fer hann með Henrik Vind til Spitsbergen (bls. 125—140). Haustið 1619 er hann aftur í Kaupmannahöfn, og veturinn 1619—1620, er íslensku sendimennirnir út af einokunartaxtanum voru þar, komst hann í klandur við týhúsið og var settur í Bláturn (bls. 140—164). Svo var hann áfram við týhúsið, þangað til 1622 (hann segir ranglega 1621, bls. 177) að hann fór til Björgynjar með Kristjáni 4., og 8. Okt. s. ár fer hann til Indlands (bls. 208). Hann kemur við á Madagaskar á leiðinni og fleiri stöðum. Hann dvelur svo í Dansborgarkastala við Tranquebar til þess í September 1624. Þá er það að hann stórslysast (bls. 338—345), og fer rjett á eftir aftur til Norðurálfunnar. Eftir ógurlega hrakninga kemst skipið til Youghal á Írlandi snemma í Júní 1625 (bls. 364). Þaðan fer hann til Noregs og Danmerkur, og kemur þangað seint um haustið sama ár. Næsta vetur er hann í Khöfn, en fer svo til Íslands vorið 1626 (bls. 384). Veturinn 1626—1627 er hann í Bæ á Rauðasandi (bls. 388). Sumarið 1627 er hann sendur til Bessastaða af Ara í Ögri, og er þar þegar Tyrkir komu þangað. Nokkru síðar, þegar hann er kominn heim, giftist hann Ingibjörgu Ólafsdóttur og reisa þau bú á Tröð. Líklega hafa þau giftst árið 1628, að því er ráða má af því

er segir á bls. 400, að hann hafi búið í »Eyrardal«, í 11 ár áður en hann fór til Vestmannaeyja 1639; líklega er »Eyrardal« misminni þess er skrifaði fyrir »Tröð«, í Eyrardal bjó Jón seinna; ef það er rjett, hefur brúðkaupið staðið sumarið eða haustið 1627, og þau hjón svo búið í Tröð um veturinn, en flutt til Eyrardals vorið 1628. Hann gerist svo konstabel í Vestmannaeyjum 1639 og er þar þangað til sumarið 1640, fer þá aftur til Vestfjarða og sama haust drukknar kona hans (bls. 402). Í Janúar 1641 deyr sonur hans Kristófer Bogi. Árið 1644 giftist hann aftur Þorbjörgu Einarsdóttur, það ártal má ráða af því er segir í 8. kap. (bls. 403), býr með henni 5 ár í Uppsölum, en síðan 30 ár í Eyrardal, sem hann árið 1654 fjekk afgjaldslaust til ábúðar. Hvenær Ólafur sonur hans er fæddur verður ekki sagt með vissu. Um fáein af ritum hans vitum við hvenær þau eru samin, og skal síðar minnst á það. Loks deyr Jón Indíafari 2. Maí 1679 nærri því 86 ára gamall, ekki á 87. árinu einsog segir bls. 406.

III.

Um æfi Jóns Indíafara vita menn ekki mikið annað en það, sem í æfisögunni stendur. Bestar upplýsingar gefur hdr. í Kalls safni í Konungl. bókasafninu í Khöfn, Nr. 616, 4°, sem er lýst nánar hjer síðar; þar hefur verið bætt fáeinum línum fyrir aftan annan part sögunnar, sem stuttlega segja frá síðari æfi Jóns; þær enda svo: »... var hann (ɔ: Jón) maður skemtinn og glaður og kunni mörg tíðindi að segja. Hann var skraddari sæmilegur og vissi líka skyn á lækningum, hagmæltur og vel greindur á marga luti, en átti bágt í búi jafnan ..... Átti Ólaf fyrir son, er með lækningar fór eftir föður sinn . . .«

Ýmsar þjóðsögur hafa myndast um Jón Indíafara, og eru nokkrar af þeim prentaðar í viðaukunum hjer fyrir aftan bókina. Eiga þær mest að sýna krafta hans og karlmensku, og getur verið að einhver fótur sje fyrir sögunni

um ferð hans á Suðurlandi, en þó er það alveg óvíst. — Sæmundur Eyjólfsson segir um hann (Búnaðarrit 10, Rvk. 1896, bls. 111) að þegar hann kom fyrst í landsýn við Ísland úr siglingum sínum, og sá jöklana koma upp úr hafinu, hafi hann orðið frá sjer numinn, hlaupið í loft upp á þilfarinu, og kallað: »Ísland er þó það besta land, sem sólin skín uppá.« Jeg veit ekki hvaða heimild Sæmundur hefur fyrir þessu, en hann var lærður maður og áreiðanlegur, og er í sjálfu sjer ekkert því til fyrirstöðu að þetta geti verið rjett, það líkist Jóni mjög, ást hans til Íslands var svo mikil, að hann mátti aldrei heyra því neitt til hnjóðs talað, og kaus heldur að lifa þar sem fátækur bóndi, en vera í góðri stöðu erlendis. En hinsvegar er óvíst hvort orðatiltæki þetta upprunalega stafar frá Jóni.

Í þriðja parti æfisögunnar er ekki minnst einu orði á aðallífsstarf Jóns, ritsmíðar hans, sem gera hann að merkismanni í íslenskum bókmentum sinna tíma. En þó vita menn ýmislegt um rit hans, og bæði Hálfdán Einarsson, Hallgrímur djákni Jónsson og Einar Bjarnason frá Mælifelli gefa skrár yfir þau. Jeg set hjer skrá Einars tilfærða með hans eigin orðum:

»1. Ferðasaga í 2 pörtum, langt rit og greinilegt.
2. Grænlands króniku, er út kom á dönsku 1608, sneri hann á íslensku.
3. Útlagði hann á íslensku úr dönskum kvæðum sögu af Persenober konungi fyrir sýslumann Ara Magnússon.
4. Orkti hann kvæði, sem innihjelt ágrip æfisögunnar, að tilmælum Ara Magnússonar sýslumanns í Ísafjarðarsýslu; er 197 eyrindi; byrjar þannig:

»Hrær þú Drottinn hjarta og tungu mína,
þar með líka lífið, sál,
limirnir, æðar, vit og mál[1])
virði og prísi velgjörninga þína.«

5. Sálminn: »Jesú ágætur! Hvað ertu mjer sætur!« etc.«

---

[1]) „sál“, hdr.

Auk þessara rita vitum við að Jón þýddi fyrir Ara Magnússon úr dönsku hin frægu gömlu kvæði um Stíg Andrjesson stallara (»Marsk Stig«); eru sumar af þeim þýðingum enn til.

Við skulum nú athuga nánar það sem hjer er sagt, og líta þá fyrst á kvæðin.

Sagan af Persenober konungi finst í dönsku kvæði frá miðöldunum (Persenober og Constantianobis), og er það sama efni og í Partalópa sögu. Um danska kvæðið læt jeg mjer nægja að vísa í bók J. Paludans, Danmarks Literatur í Middelalderen, Kbh. 1896, bls. 130. Hvort þýðing Jóns hefur verið í bundnu máli eða óbundnu er óvíst, orð Einars virðast benda á, að hann hafi þýtt kvæðin í óbundið mál. Jeg hef hvergi getað frjett neitt annað um þessa þýðingu Jóns, og væri þó hugsanlegt að einhversstaðar á Íslandi væri til afskrift af henni.

Kvæði það er Jón orti um utanför sína hef jeg heldur ekki sjeð, og er mjer ekki kunnugt um að það sje í neinu opinberu safni; það lítur þó út fyrir að Einar hafi sjeð það.

Þýðingar Jóns á kvæðunum um Stíg stallara eru í handritinu í safni Árna Magnússonar Nr. 153, 8°. Það handrit er safn af ýmsum fornkvæðum og er því nákvæmlega lýst í skrá Dr. Kålunds yfir safnið (II, bls. 418—19) og því óþarfi að lýsa því hjer. Alls eru þar þýðingar á 6 kvæðum, en hafa verið fleiri áður. Er í bókinni brjefpartur frá Snæbirni Pálssyni á Mýrum í Dýrafirði dags. 28. Júní 1708, og segir þar svo:

». . . Marsk Stígs kvæði hygg jeg tvö vanti, sem tengdamóðir mín Ástríður segir fyrir sjer glatast hafi. Jeg heyri Jón Ólafsson Indíafari hafi þau öll útlagt. Fornkvæðabókin þykir mjer ekki svo rík af fornkvæðum sem hjörtu og brjóst áttræðra kerlinga hef jeg vitað nær jeg var barn, en þær með þeim fróðleik eru flestar í jörð grafnar nú . . .«

Fyrsta kvæði byrjar svo:

Eirekur Glipping áður í öld
átti Danmörk ráða,

sá bar hjálm og skygðan skjöld
til skarpra hreystidáða.
Frúin situr í Sællandi og syrgir sinn vanda.
Alls er kvæðið 70 erindi.

Annað kvæðið byrjar svo:

Marsk Stígur vaknar um miðja nátt
og mælti við frúna blíða:
»Af sjerlegum er mjer draumi dátt,
Drottinn veit hvað hann skal þýða.«
Minn eðallegi ungi herra Marsk Stíg!
Alls 41 erindi.

Þriðja kvæðið byrjar svo:

Þeir dyljast margir Danmörk í
sem drotnar vilja heita,
sumir í Ríbsborg setjast með frí,
sínum klæðum breyta.
Nú stendur landið í voða!
Alls 58 erindi.

Fjórða kvæðið byrjar svo:

Seint er að orka sögn um stað
úr sjálfri historíunni,
þó skal víkja efni að
aftur í fjórða sinni.
Vjer erum drifnir af Danmörk í vanda.
Alls 35 erindi.

Fimta kvæðið »af Marsk Stígs dætrum« byrjar svo:

Þá vísinn deyr, það verður að ske,
vilt munu býurnar flýja,
hygg eg eins þeim háttað sje
sem harma ber hjer grúa.
Hrekjast verður um heiminn margur víða.
Alls 39 erindi.

Sjötta kvæðið byrjar svo:

Rymur dans um Ribshúss stræti —
Slotið það er unnið —
fyrir gleðinni riddarar gengu mætir —
Fyrir Eirek, kónginn unga;
með þeim svo voru þeir.

Alls 21 erindi.

Líklega hefur Jón Indíafari snúið kvæðum þessum eftir kvæðasafni Vedels (kom fyrsta sinni út 1591).

Öll þessi kvæði eru kveðin fyrir 1652, dauðaár Ara í Ögri.

Sálminn »Jesú ágætur«, hef jeg ekki getað fundið í neinni af sálmabókum vorum nje Grallaranum, en get þess þó, að jeg hef einungis farið gegn um registrin við þær útgáfur, sem til eru hjer á Konunglega bókasafninu í Khöfn. Jeg þori því ekki að fortaka að hann sje prentaður, en ólíklegt þykir mjer það.

Ritin í óbundnu máli, sem Einar nefnir, eru bæði til. »Grænlands chronica« finnst nú í safni Árna Magnússonar, Nr. 779 c, 4°; þrjár fyrstu ritgerðirnar (24 bl., 24 bl. og 30 bl.) þar eru afskriftir af þýðingu Jóns Indíafara. Handritinu er lýst í skrá Dr. Kålunds, II, bls. 200—201. Frumritið er eftir danskan rithöfund, Claus Christoffersen Lyschander, Grønlandske Chronica, Kbh. 1608.

Hitt ritið, aðalrit Jóns Indíafara, er æfisaga hans, sú er hjer er prentuð. Hann samdi hana í elli sinni, árið 1661, að því er handritin segja. Að því er ráða má af formálanum gjörði hann áður aðra tilraun til þess, en lánaði þá bók frá sjer og hún glataðist. Það getur verið að hjer sje átt við kvæði það um ferðir hans, er hann orti fyrir Ara í Ögri, en líklegra finst mjer þó, að hann eigi við æfi- eða ferðasögu í óbundnu máli. Líklega hefur það verið stutt rit og alveg glatast.

Einsog þegar hefur verið drepið á eru ýmsar smávegis villur í æfisögunni, einkum hvað tímatal snertir, og bendir það á að hann hefur samið bókina eingöngu eftir minni, en ekki eftir dagbókum. Hafi hann samið eitthvað þegar hann var í fyrra skifti í Danmörku og á Indlandi, þá hefur

það að líkindum glatast með góssi hans; minsta kosti getur hann um handrit (þýðingar?) úr lækningabók Henrik Smiths, sem hafi verið borin með góssi hans inn í káetuna (bls. 175) þegar hann lemstraðist, og auðvitað glatast, því það sem þangað var komið fjekk hann aldrei aftur. Að vísu er dagbókarsnið á einstaka stað, t. d. bls. 337: »Fóru þann dag, sem var sá 28. Augusti«, o. s. frv., en það mun tilviljun ein.

Þegar þessa er gætt þá er það hrein og bein furða hvað lítið er skakt af því sem hann segir, því víða er hægt að reyna það. Sýnir það hvað hann hefur verið eftirtektasamur og stálminnugur.

Niðurröðun efnisins er sumstaðar nokkuð ábótavant, og leiða af því smávegis endurtekningar. Hann segir t. d. frá því, sem bar fyrir hann á siglingum árið 1616, í kafla, sem hann skýtur inn á eftir atburðum, sem gerast árið 1619; hann mun hafa gert það til þess að hafa í samhengi frásagnirnar um ferðir sínar í norðurhöfum 1616 og 1619. — Hann hefur stundum verið nokkuð auðtrúa, hann trúir t. d. því sem honum hefur verið sagt um ræður páfagauksins (bls. 345), og eins um sjávarorminn (bls. 265), en að því er orminn snertir, þá er enginn vafi á því, að hann hefur sjeð eitthvað, sem hann og aðrir á skipinu hjeldu að væri stór sjávarormur, því allir trúðu þá (og sumir enn) að þesskonar væri til. — Frásögnin er sumstaðar ekki alveg laus við sjálfhól, t. d. bardaginn við höggorminn (bls. 312—15) og sagan um hvernig hann sætti foringjana (bls. 135—136), og á einstöku stað ber á ýkjum, (t. d. frásögnin um herlið Calicuts, bls. 321). En sjálfhólið styður hann með góðum rökum, og að því er ýkjurnar snertir, þá hefur hann líklega ekki tekið eftir þeim sjálfur. Hann dregur engar dulur á breiskleika sína, og margir kaflar bókarinnar bera vott um innilega guðrækni og hjartans auðmýkt. Það sjest líka á öllu að hann hefur verið mesta lipurmenni í umgengni, vel metinn af fjelögum sínum og yfirmönnum, og best af þeim sem bestir voru. Það hefur snemma borið á bóklegum tilhneigingum hjá honum, á leiðinni til Indlands er hann að kenna fjelögum sínum að lesa og skrifa, og þegar hann

kemur aftur til Danmerkur er honum boðin staða sem skólakennari, og síðar á Íslandi hefur hann kennarastarf á hendi samhliða búskapnum, ritstörfum sínum og læknisstörfum.

Þekking íslenskrar alþýðu í almennri landafræði var á þeim dögum lítil, einsog við mátti búast. Til þessa hefur Jón fundið, og vegna þess, og líka til þess að gera bók sína sem fullkomnasta og áreiðanlegasta, hefur hann tekið upp ýmsa kafla úr dönsku fræðiriti, þar sem lýst var löndum þeim, er hann ritar um. Bók sú, er hann hefur notað er Compendium Cosmographiæ, stutt landafræði á dönsku, eftir Hans Nansen, hinn fræga borgarstjóra í Khöfn. Sú bók þótti gott alþýðurit á sinni tíð; af henni eru til útgáfur frá árunum 1633, 1635 og 1646, og er nokkur munur á þeim. — Kaflarnir, sem Jón hefur tekið, eru lýsingarnar á Rússlandi (bls. 113—114, aftur að orðinu »hlýddi« l. 10), Afríku (bls. 243—244), og Indlandi og Asíu (bls. 255—260). Á ýmsu má sjá að hann hefur farið eftir útgáfunni 1646; þannig er í þeirri útgáfu taldir upp þjóðhöfðingar á Indlandi (»Kongen i Pegu . . Den store Mogor«, osfr., sbr. hjer bls. 257), en því er slept í báðum hinum útgáfunum. Ritháttur sumra nafnanna bendir og á sama, og fleiri smáatriði, t. d. að í þeirri útgáfu er af vangá sett komma milli nafnanna Medina og Talnaby, sem í eldri útgáfunum ekki eru aðgreind, þar sem þau í raun rjettri eru eitt, samsett nafn á þessari borg, en komman í útgáfunni 1646 hefir orðið til þess, að Jón Indíafari hefur haldið að Talnaby væri sjerstakt borgarheiti (sbr. bls. 259 og 1. athugas. neðanmáls). — Þessar þýðingar Jóns eru nærri því orðrjettar á köflum, en nokkuð dregnar saman, t. d. þegar borgir eru taldar upp, tilfærir Hans Nansen auðvitað nöfnin, en Jón lætur sjer oft nægja að segja að þar og þar inni sjeu svo og svo margar borgir.

IV.

Rit Jóns hefur upprunalega endað með afturkomu hans til Íslands og því aðeins verið 2 fyrstu partarnir. Eftir dauða hans hefur þriðja kaflanum verið bætt við. Hann er einkennilegur að ýmsu leyti.

Í yfirskriftinni stendur »samanskrifað eftir fyrirsögn Ólafs Jónssonar, eftir því sem hann frekast minnast kann eftir síns sáluga föðurs frásögn«. — Það lægi næst að ætla að Ólafur Jónsson væri höfundurinn, þó þarf eigi að skilja orðin svo, heldur má taka þau þannig að Ólafur hafi verið aðalheimildarmaður þess sem skrifaði; það er hvergi sagt að það sje samanskrifað af Ólafi, heldur »eftir fyrirsögn« Ólafs. »Fyrirsögn« getur í þessu sambandi þýtt þrent 1) frásögn; 2) það að segja fyrir hvernig og hvað rita skuli (forsögn), og 3) loks má jafnvel nota það um sjálft höfundarstarfið. Jeg held hjer hljóti það að vera notað í fyrstu merkingunni. Það er líka ýmislegt sem bendir á að Ólafur ekki muni vera höfundurinn. Það eru í þessum kafla villur og mótsagnir við söguna sjálfa, sem ólíklegt er að svo kunnugur maður hafi sett, þó það að vísu hafi getað hent að hann hafi mismint eða misskilið eitthvað, sem hann hafði heyrt föður sinn segja frá fyrir löngu.

Hjer er fyrst að geta þess sem sagt er bls. 386 að þeir langömmubræður Jóns Indíafara, Hannes og »Baltazar«, hafi verið á lífi 1625—26 og þá boðið honum til sín. Fyrst er nú nafnið Baltazar rangt, höf. hefur ruglast í nöfnunum á þremur Austurlandaspekingunum, maðurinn er í sögunni nefndur Melchior, — og í öðru lagi er ólíklegt að þeir hafi þá verið á lífi eða vitað nokkuð um Jón (sbr. athugas. við bls. 386). Jeg þori ekki að neita því, að þessi sögn geti stafað af misskilningi Ólafs, en auðvitað getur hún líka stafað af misskilningi þess, sem skrifaði eftir Ólafi. — Þá segir á bls. 387 að Jón hafi komið út til Íslands með Holger Rosenkranz í Seilunni á Bessastöðum. Þetta er í beinni mótsögn við orð Jóns sjálfs, sem í 33. kap. 2. kafla (bls. 384) segist hafa komið út á Skutulsfjarðareyri. Að Ólafur hafi skrifað þetta er mjög ólíklegt. — Þá kemur villan um jarðirnar, sem Jóni voru veittar (bls. 389 og ath.), náttúrlega gat Ólafi orðið á að setja þesskonar smávillu, það getur verið af vanþekking manns, sem var ókunnugur á Norðurlandi, eða þá bláber skrifvilla. — En vafalaust verður að álíta að Ólafur hafi þekkt faðerni fyrri konu föður síns,

Ingibjargar, dóttur Síra Ólafs Sveinssonar á Stað í Súgandafirði. Hjer kemur það til greina, að elsta handritið af sögunni B (sjá hjer síðar), sem öll hin hdr., er hafa 3 þáttinn, hafa sótt hann til, beinlínis eða óbeinlínis, hefur eyðu fyrir föðurnafni Síra Ólafs á öðrum staðnum, er það kemur fyrir (bls. 399, sbr. orðamuninn við þann stað), en sú eyða hefur svo verið útfylt með nafninu »Jónssonar«, sem er bersýnilega rangt, einsog bent er á í 1. athugasemdinni við bls. 390. Höfundurinn hefur því ekki munað nafnið, en það er afarólíklegt að slíkt hafi hent Ólaf, eða rjettara sagt, það tekur öll tvímæli af, svo það má telja víst að hann er ekki höfundurinn.

En hver er hann þá? Höfundurinn er, að mínu áliti, Magnús Magnússon, sýslumaður í vesturhluta Ísafjarðarsýslu 1652—81, fróður og merkur maður. Um æfi hans og rit hefur verið skrifað allítarlega af öðrum, og vísa jeg í ath. 1 við bls. 404 í það helsta af því. Það sem mjer finst benda á að hann sje höfundurinn er einkum það sem hjer skal greina.

1. Handritið B er að aftan skrifað af Magnúsi. Hönd hans er vel kunnug og á því er enginn vafi. Allur þriðji kaflinn er með hans hendi. Nú má sanna að öll þau handrit, sem hafa þriðja kaflann, stafa beinlínis eða óbeinlínis frá þessu handriti. Það sýnir orðamununrinn (sjá hjer síðar) og ýmislegt fleira. — Þriðji parturinn er skrifaður í flýti í þessu handriti, við og við er af vangá slept orðum, sem þyrfti meiningar vegna; þegar nú hin hdr. fylla upp í skörðin gera þau það oftast sitt á hvern hátt, og sýna þannig að orðið hefur vantað í frumritið. Sumstaðar eru, einsog dæmi hefur verið fært til, eyður fyrir nöfnum, og hefur Magnús sjálfsagt ætlað að fylla þær út síðar er hann frjetti nánar um þau; þessar eyður eru vanal. skakt útfyltar í afskriftunum.

2. Þar sem sagt er frá því, að Jón fjekk Eyrardal til ábúðar afgjaldslaust (bls. 404—405) er tilfært brjef frá Thómasi Nikulássyni fógeta á Bessastöðum til Magnúsar Magnússonar og skýrt svo óþarflega ítarlega frá innihaldinu, að

jeg á bágt með að skilja í að nokkur maður hafi farið að segja frá því á þann veg, nema Magnús sjálfur, enda snerti málið hann líka, þar sem hann ljet jörðina af hendi við Jón.

3. Í sömu átt bendir enn, þó lítið sje, athugasemdin um starf Jóns sem hreppstjóri (bls. 406); það er æðri valdsmaðurinn sem hjer lýsir velþóknun á starfi hins óæðra. Vitaskuld þarf ekki sýslumann til að skrifa slíkt, en sje litið á þessa athugasemd með aðalsönnununum, finnst mjer hún styðja þær.

Jeg álít það fullsannað að Magnús sýslumaður sje höfundur síðasta partsins. Við megum vera honum þakklátir fyrir verkið, því þar er margt fróðlegt, t. d. kaflinn um bardagann fyrir Látrabjargi og afleiðingar hans, líka alt það er lýtur að Tyrkjaráninu, og kafli þessi er aðaluppspretta þekkingar okkar á æfi Jóns Indíafara eftir að hann kom úr siglingum. En Magnúsi sýslumanni hafa hjer verið mislagðar hendur, því yfirleitt er þessi kafli ekki vel saminn. 1 og 2 persónu er blandað saman í fyrstu köflunum. Það gæti stafað af því, að hann á þeim parti hefði stuðst við eitthvað skriflegt frá Ólafi, þar sem Jón var látinn tala, en þó er það ólíklegt. Hinsvegar má telja víst að Ólafur hefur verið heimildarmaður hans í ýmislegu, einsog ráða má af fyrirsögninni, og hjá Ólafi hefur hann líkl. fengið (máske til láns með frumhandritinu af sögunni) vottorð Níels Clemenssonar, sem hann afskrifar aftan við bókina (sjá hjer í viðaukunum). — Svo er, einsog áður er getið um, sleppt orðum og nöfnum sumstaðar, það er fljótaskriftarsnið á því öllu, og líklega hefur Magnús sýslumaður ætlað sjer að bæta það síðar en ekkert orðið úr. En mesti gallinn er þó, að ekkert er sagt frá ritstörfum Jóns og lítið sem ekkert af því, sem á dagana dreif fyrir hann eftir að hann giftist í síðara sinni. Um það hefði Ólafur getað skrifað margt. Magnús ljet það ógjört.

V.

Handritin að sögunni skiftast í tvo aðalflokka. Kalla jeg hjer hinn fyrri A-flokkinn. Til hans teljast:

1. Handritið 2076, 4⁰ í Ny kongelig Samling í Konunglega bókasafninu í Khöfn. Það er 460 bls. og blaðsíðustærðin 19,3×16 cm. Lýst í skrá Dr. Kålunds, bls. 289 (Nr. 908). Á titilblaðinu stendur að bókin sje: »Enn nú ä ný med flyte vppskrifud ad Augre vid Issafjardardjúp Anno 1729. I Decembri manude fyrer Iol«. — Jeg hef því kallað þetta hdr. Ögursbók. Sem saurblað er að framan notað danskt blaðrifrildi frá 1761 og standa á því orðin »e libris Magni Titi«; sem saurblað að aftan er notað brjefrifrildi og skrifað utan á til Guðm. Eiríkssonar lögrjettumanns í Reykjarfirði. Með annari hendi eru þar líka orðin »prófasturinn herra Magnús Teitsson«. Á þessu má sjá að bókin hefur verið eign Síra Magnúsar Teitssonar, prests í Vatnsfirði 1741—1779 og prófasts í norðurhluta Ísafjarðarsýslu. — Frá honum er bókin komin í eign hins ágæta danska sagnaritara og bókavinar Suhm's († 1798), var hún í safni hans nr. 421, 4⁰, og komst með öðrum bókum hans og handritum á Konunglega bókasafnið.

Skriftin er greinileg fljótaskrift. Í þessu handriti finnst formáli höfundarins og dönsku brjefin í lok annars kafla standa hjer á sínum stað í textanum, án íslenskrar þýðingar. Bókin endar á fullmaktinni til Söfrens Villatssonar; síðasta bls. hálf auð.

2. Handrit í Landsbókasafninu í Reykjavík, nr. 212, 4⁰; 167 blöð; blaðsíðustærð 20×15,5 cm. Fljótaskrift frá fyrri hluta 19. aldar. Það endar í 13. kap. annars parts á orðunum »2. Gára, 3. Marasia, 4. Catagan, 5. Satigan«, og hefur frá upphafi ekki verið lengra, því á eftir fara óskrifuð blöð, en hinn ágæti bókavinur Páll amtsskrifari Pálsson hefur bundið inn handritið og bætt við niðurlagi 13. kap. með sinni hendi. Handrit þetta er náskylt Ögursbók, og má ráða af samanburði þeirra að það er af henni komið, líklega

þó ekki bein afskrift, heldur eftir afskrift af henni, tekinni áður en hún komst til Suhms. Má ráða þetta af ýmsum smávillum, sem eru einkennilegar fyrir bæði þessi handrit, t. d. bls. 97^{28} Sniðingahjeraði, 157^{28} að taka, 197^{19-20} Stop, o. s. frv. Sbr. orðamuninn. Þar sem Ögursbók er til, er þetta hdr. því þýðingarlaust og hefur ekki verið notað við útgáfuna.

3. Handrit í Árnasafni nr. 959, 4°. 200 blöð; blaðsíðustærð 20,3 × 16,8 cm. Hjer í útgáfunni nefnt *E*. Það er ritað á fyrri hluta 19. aldar með fallegri snarhönd. Árnasafn fjekk það 1883 hjá Konungl. norræna Fornfræðafjelaginu. Víða er frásögnin talsvert stytt, og sleppt úr einstökum köflum. Í þessu handriti er formáli höfundarins, og dönsku brjefin í lok annars kafla standa hjer á sínum stað í textanum án íslenskrar þýðingar. Textinn nær aftur að fullmaktinni til Söfrens Villatssonar í lok 2. kafla, og standa fyrir neðan orðin »Sagan er á enda«.

Þetta handrit er mjög líkt Ögursbók, (þegar ekki er litið á það, að einstaka köflum er sleppt), en er þó ekki afskrift af henni, beinlínis eða óbeinlínis. Af lesháttum, sem eru einkennilegir fyrir bæði þessi handrit hef jeg í orðamuninum tilfært ýmsa, og get hjer nefnt t. d. bls. 54^{28} fyrst, sem bæði sleppa, 57^{4} segir, sem bæði sleppa, 59^{4} bað, þar sem BCD hafa »bið«, 64^{15} Martein Jacobsson, þar sem BDC hafa »M. Jacob«. o. s. frv. En að það ekki er afskrift af Ögursbók er þó bersýnilegt á því, að það hefur sumstaðar sama rithátt og hin hdr., og tekur með ýmislegt smávegis, sem ritari Ögursbókar hefur hlaupið yfir af vangá, t. d. bls. 67^{31} hnálega, 332^{6} af landsmönnum, sem vantar í Ögursbók, en E og hin hdr. hafa. Það er því augljóst að til grundvallar fyrir Ögursbók og E liggur sama afskriftin af frumriti Jóns Indíafara.

4. Handrit í Landsbókasafninu í Reykjavík nr. 723, 4°, áður í safni Síra Eggerts Brims (Nr. 66, 4°), og komst á Lbs. með safni hans 8. Maí 1893. Alls nú 171 bl.; blaðsíðustærð 19,2 × 15,2 cm. Hjer í útgáfunni nefnt *D*. Handrit þetta hafa ýmsir skrifað, 1. höndin er á bl. 1, þá vantar

5—6 bl., hjer í útg. frá bls. 7^{5}: hans 2, til bls. 19^{4}: og mjótt inn-; svo kemur 2. hönd bl. 2—9 og 3. hönd bl. 10—13^{r}, sem á þeim kafla er uppfrískuð af 4. höndinni (?); þriðja höndin heldur áfram bl. 13^{v}—21^{v}, (kafli ofantil bl. 19^{r} uppfrískað af fjórðu höndinni); þá kemur fjórða höndin bl. 22^{r}—43^{r}, þá aftur þriðja höndin 43^{v}—69^{v}, þá fimta hönd 70^{r}—133^{v}, þá aftur þriðja höndin 134^{r}—171. Eyður eru á bl. 22^{r}—^{v}, hjer í útg. bls. 73^{17}: leyfi til, til bls. 75^{18}: því skeðu, bl. 39^{r}—^{v}, hjer í útg. bls. 108^{17}: nálægast höfninni, til bls. 110^{30} gjörð sinni, og bl. 146^{r}—^{v}, hjer í útg. bls. 324^{14} í það sinn, til bls. 325^{37} Á næsta degi. Hendur þessar eru laglegar fljótaskriftarhendur. Aftan á bókinni stendur »S. Sölvason« og er það líklega hinn nafnkunni lögmaður († 1782), sem einu sinni hefur verið eigandi bókarinnar. Innan í henni, neðantil á spássíu á bl. 22^{r} stendur Sr. (?) Árna Illugasyni, og er óvíst hver það er — máske Síra Árni á Hofi á Skagaströnd († 1825). Bókin endar á útdrætti á íslensku á fullmaktarbrjefinu til Söfrens, en í textanum er á sínum stað brjef Kristjáns (V.) prins á dönsku án íslenskrar þýðingar. Útdrátturinn úr brjefinu til Söfrens, með tilvísunarmerkjum, ber þess vott, ásamt brjefi prinsins, að í bók þeirri, sem D er ritað eftir hafa dönsku brjefin öll staðið á sínum stað í textanum án íslenskrar þýðingar. — D er ágætt handrit, í lesháttum svipar því ýmist til Ögursbókar eða B, en frá hvorugu þeirra er það runnið. Það er að öllum líkindum bein afskrift af frumriti Jóns Indíafara.

6. Handrit í safni Kalls, nr. 616, 4° í Konunglega bókasafninu í Khöfn. 158 bl., blaðsíðustærð 20×15,9 cm. Frá 18. öld. Lýst nákvæmlega í skrá Dr. Kålunds (nr. 1238, bls. 385). — Á þessari bók eru margar sögur, og er »Reisusaga« Jóns þar bl. 13—32. Dönsku brjefin eru hjer öll á sínum stað í textanum, og sagan endar á fullmaktinni til Söfrens. Frásögnin er hjer víðast dregin mjög saman, svo handrit þetta getur ekki komið að verulegum notum við orðrjetta útgáfu. Fyrir aftan fullmaktarbrjefið er bætt við fáeinum línum um síðari æfi Jóns, sem getið er um hjer að framan.

Þá er hinn handritaflokkurinn, sem eftir aðalhandritinu má kalla B-flokkinn; til hans heyra:

7. Handrit Bókmentafjelagsins nr. 92, 4°, hjer nefnt *B*, nú í Landsbókasafninu í Rvík. Blaðsíðustærð (heil blöð) 17×14,2 cm. Alls er það hdr. 237 blöð í afarslæmu standi, alt í blöðum, og nærri því hvert blað fúið á röndum. — Handriti þessu er lýst í Skýrslu um handritasafn hins Ísl. Bókmentafjelags I, bls. 44. Á fyrstu þremur blaðsíðunum er sjerstök hönd; þá kemur hönd sem mjer sýnist vera sama höndin (eða mjög lík) sem er á nr. 2 í handritinu 779 c, 4° í Árnasafni, þýðingu Jóns á Grænlandskroniku Lyschanders, en það er hönd Steindórs Ormssonar, og er hún vel kunn annarsstaðar frá; nær sú hönd út bl. 101, til loka 1. partsins. Byrjunin á 2. partinum, bl. 102—150 er með hendi Magnúsar sýslumanns Magnússonar; þá kemur bl. 151—209 aftur með hönd Steindórs, en endirinn bl. 210 til loka bókarinnar er með hendi Magnúsar. Allar eru hendur þessar greinilegar, en engin eiginlega falleg; bönd eru lítil. Magnús sýslumaður dó 1704, svo hdr. er skrifað fyr, og líkl. ekki mjög löngu eftir dauða Jóns (1679). Sagan sjálf nær hjer aftur á bls 218r. Þriðji kaflinn byrjar á bl. 218v og endar neðst á bl. 232r. Þá kemur bl. 232v sem fylgiskjal danski textinn af brjefi Kristjáns prins og fullmaktarbrjefi Jóns Ólafssonar, og svo 233v vitnisburður Níels Clemenssonar. Þá loks registur bl. 234—237. Formáli er enginn við bókina og hans er ekki getið í registrinu. Þó má ekki ályktа af því að hann ekki hafi verið, því registrið er ónákvæmt, telur t. d. ekki heldur öll seinustu fylgiskjölin. Það er einmitt líklegt að inngangsbrjefið hafi verið einhverntímann í þessari bók, því eitt af handritunum, sem af henni er komið, Ny kgl. Sml. 2076 b, 4° hefur það. En hinsvegar er inngangsbrjefinu eðlilega oft slept í afskriftum. — Í bókina vantar eitt blað, milli bl. 38—39 frá orðunum á bls. 74[9] »af kónglegri skikkan« aftur að orðinu á bls. 75[28] »kóngi«. Í hdr. liggur brjef frá Jónasi Jónssyni í Sigluvík til Síra Jóns Ingjaldssonar í Húsavík, sem útvegaði það hjá Jónasi handa Bókmentafjelaginu. Segir Jónas í því brjefi,

að handrit þetta hafi þeir átt faðir sinn Jón Þórarinsson í Sigluvík, faðir hans Síra Þórarinn Sigfússon á Tjörn í Svarfaðardal, og faðir hans Síra Sigfús Sigurðsson á Felli í Sljettuhlíð á seinni hluta 18. aldar. Verður ekki rakin saga handritsins frá því það fór úr eign Magnúsar sýslumanns til þess það komst í eign Síra Sigfúsar. — Blað af skrifuðu sálmakveri hefur verið notað til innlags í bindið að framan, en að aftan brjefrifrildi frá Jóni sýslumanni Jakobssyni á Espihóli til Síra Þórarins Sigfússonar, (sem þá var pr. á Hvanneyri í Siglufirði), dags. 14 Júní 1797, standa á því ýms nöfn, sem óþarfi er hjer frá að greina.

Handrit þetta er elsta handritið af sögunni, svo kunnugt sje.

Einkenni þessa handrits þegar það er borið saman við A-flokkinn eru: 1. Það sleppir ýmsum setningum (sjá orðamuninn) einkum guðrækilegum hugleiðingum, og styttir nokkuð aðrar setningar. 2. Það hefur brjefin inni í textanum í íslenskri þýðingu, en dönsku frumbrjefin sem fylgiskjöl aftan við. 3. Það hefur þriðja part sögunnar, og er einsog sýnt er fram á hjer að undan, frumrit á þeim kafla. 4. Auk þess sem nú er talið hefur þetta hdr. ýmsa einkennilega leshætti, svo sem bls. 8^{24} »Marteinsmessu«, þar sem A-fl. hefur »Andrjesarmessu« ofl. (sjá orðamuninn)

Frá þessu handriti eru komin ýms önnur, og skal jeg hjer lýsa stuttlega þeim sem jeg hef skoðað.

8. Handrit í Ny kgl. Samling Nr. 2076 b í Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn. — 377 bls., blaðsíðustærð 19,6×16,1 cm. Það er með fallegri settleturshendi frá síðari hluta 18. aldar (ca. 1780—1800 á að giska); fyrstu 16 og seinustu 7 blaðsíðurnar (bls. 378 óskrifuð) eru með annari hendi frá byrjun 19. aldar. Handritið var áður í eign próf. Byrgis Thorlacius og á bókauppboði hans að honum látnum keypti safnið það árið 1830. — Hjer er inngangsbrjef Jóns, sem einsog áður er getið vantar í B, en hefur líkl. verið þar meðan það hdr. var heilt. — Þó er það ekki líka alveg ómögulegt að sá sem skrifaði upp aftur

fjelagsins, nr. 147, 4°. Ritað á 18. öld. Nú 95 blöð, en vantar nokkur. Blaðsíðustærð 20,3×16,5 cm. Áður í eign Þorl. O. Johnsons kaupmanns. Handriti þessu er lýst nákvæmlega í Skýrslu um hdr. safn. hins Ísl. Bókmfj. I, bls. 66, og vísa jeg þangað. Frásögnin er víðast mjög stytt, og hefur þetta hdr. enga þýðingu fyrir orðrjetta útgáfu; jeg hef því ekki notað það.

Jeg bar hdr. 8—11 saman við B, á mörgum stöðum, og kom það fram að enginn vafi var á að þau væru þaðan runnin. En þegar það var ljóst sá jeg líka að þau aðeins höfðu þýðingu á þeim stöðum sem B var skaddað eða vantaði í það. Jeg hef því aðeins notað nr. 8—10 þegar svo hefur á staðið.

Einkenni A-flokksins og einkenni B-flokksins sum koma bæði fram í tveimur merkilegum handritum, sem nú skal lýst.

12. Handrit Landsbókasafnsins 405, 4°; hjer nefnt *C*. 218 blöð, blaðsíðustærð 19,9×14,7 cm. Prýðilega skrifað með greinilegri settleturshönd, nema hvað titilblaðið og þrjú síðustu blöðin eru með nýlegari hendi. — Á titilbl. stendur »skrifað á ný á [!] Svefneyjum á Breiðafirði Anno 1758 af Pjetri Jónssyni«. Handrit Pjeturs endar neðst á bls. í 6. k. 3 parts á orðunum »Vigur, og fór út eftir Álfta—« Titilblaðið er sjálfsagt afskrift af gamla titilblaðinu, og seinustu blöðunum og því hefur verið bætt við síðar, líklega um leið og bókin hefur verið bundin upp. Brjefrifrildi til Síra Ólafs Sívertsens í Flatey hefur verið notað sem saurblað; síðan fjekk Ólafur Guðmundsson hjeraðslæknir á Stórólfshvoli bókina eftir afa sinn og gaf hana árið 1885 þáverandi stud. theol. Birni Jónssyni, nú presti á Miklabæ í Blönduhlíð í Skagafirði, en hann gaf Landsbókasafninu. — Hjer eru brjefin í textanum á íslensku og þriðji partur sögunnar með, og væri það í sjálfu sjer nóg til að sýna að bókin er komin af B, en auk þess styrkist sú skoðan við orðamuninn, sem mjög oft er líkur B. — En aftur á móti er þess að gæta að hjer er líka formáli

fyrstu 16 bls. hafi skrifað þær eftir handriti af A.-fl., og á þann hátt fengið inngangsbrjefið með.

9. Handrit Landsbókasafnsins í Reykjavík nr. 1183, 4°, áður nr. 17 í safni Dr. Jóns Þorkelssonar landskjalavarðar, er hann seldi Landsbókasafninu 5. Febr. 1904. 328 bls., blaðsíðustærð 18,5×14,4 cm. Bls. 1—2 og 327—28 nýlegri, frá því um miðja 19. öld eða nokkru síðar, en aðalhluti bókarinnar virðist vera skrifaður með sömu hönd og hdr. næst hjer á undan (nr. 8); aftan við bókina stendur »þann 23. Febr. 1795« og mun það tákna, að þá var lokið að skrifa hana. — Dr. Jón fjekk bók þessa hjá tónskáldinu Síra Bjarna Þorsteinssyni (nú presti á Siglufirði) á stúdentsárum hans, en hann hafði fengið hana hjá Símoni Sigurðssyni á Kvígstöðum. Eru nöfn Símonar og Þórdísar Símonardóttur á bókinni.

Nr. 8 og nr. 9 eru mjög lík, og orðamunur enginn verulegur. Einkennilegt er það, að þessi tvö hdr. umsteypa þriðja partinum mjög í orðfæri, til að fá betra mál á hann, og bæta inn í aukaklausum. Dönsku fylgiskjölunum er alveg slept, en íslensku þýðingunum haldið í textanum. Nr. 9 hefur ekki inngangsskjalið, hvort sem það nú hefur vantað frá upphafi, eða verið sleppt þegar byrjunin var skrifuð um á 19. öld.

10. Handrit Landsbókasafnsins nr. 668, 4°. Áður nr. 10 í safni Síra Eggerts Bríms, og keypt með hans safni. 460 bls., blaðsíðustærð 20,5×16 cm. Í bókinni stendur að hún sje rituð 1. Jan til 27. Mars 1853 af Þorsteini Þorsteinssyni í Bæ. Höndin er greinileg en ekki falleg. Fyrst er bls. 1—68 »Reisubók Friðriks Bollins«, þá æfisaga Jóns Ólafssonar bls. 69—458, með íslensku þýðingunum í textanum; dönsku fylgiskjölunum er sleppt, nema vitnisburði Nielsar Clemenssonar sem er þar á bls. 459. Loks eru nokkrar vísur til heiðurs Jóni Indíafara »úr vísum, sem framan til við bókina voru, sem þessi er eftir skrifuð«. — Bókin, sem þetta hrd. er gert eftir, hefur verið góð afskrift af B.

11. Hdr. Landsbókasafnsins, áður í safni Bókmenta-

höfundarins, sem nú vantar í B, og ennfremur er haldið hinum andlegu hugleiðingum og ýmsu öðru smávegis sem B fellir úr. Þetta bendir á að til grundvallar hafa legið tvö handrit, annað af A-flokknum, hitt af B-flokknum. — Held jeg A-flokkshandritið hafi verið notað mest, þangað til það þraut, en úr því B-flokkshandritið eingöngu. Einkennilegir fyrir þetta handrit og hið næsta eru ýmsir smákaflar, er hin handritin sleppa, báðir flokkar, t. d. athugasemdin um Konráð Íslending á bls. 12 að hann hafi verið »síðasti kaupmaður Hamborgara hjer í höfnum«; ennfremur kaflinn um jarlinn af Cork, sem prentaður er neðanmáls bls 371, og er alt öðru vísi sagt þar frá en í hinum handritunum. Það er varla nema um tvent að gera, annaðhvort eru þessir viðaukar frá Jóni Indíafara, síðari leiðrjettingar hans, máske á lausum blöðum lögðum inn í handritið og hafa því verið týndar úr þegar t. d. D og frumritið af Ö og E voru skrifuð, — eða þá einhver annar fróður maður hefur bætt þessu við, kaflann um jarlinn af Cork hefur hann máske smíðað í eyðu, sem kann að hafa verið í bókinni, sem hann skrifaði eftir. Líklegri þykir mjer síðari tilgátan. — Annars ber C það með sjer að það er leiðrjett handrit, setningunum víða snúið við til að fá betra mál á þær, óljósum stöðum slept eða þeir umskrifaðir svo þeir skiljist betur, osfr.

13. Náskylt C er handrit Landsbókasafnsins nr. 617. 4^0; það er skrifað með ljómandi fallegri hendi og er á að sjá hjerumbil frá sama tíma og C, líklega lítið eitt yngra. Það er alls 338 bls. og blaðsíðustærðin $20{,}3 \times 15{,}5$ cm. Landsbókasafnið keypti það 2. Jan. 1892 af Pjetri Eggerz og mun það áður hafa verið í eign föður hans Síra Friðriks Eggerz. Framan á titilblaðinu stendur »Brynjólfur Bjarnason á bókina«. Á síðasta saurblaði: »Vigfús Sigarsson(?) á bókina«. Þessi tvö hdr., C og 617, eru svo lík, að jeg held helst 617 sje afskrift af C; orðamunur mjög ómerkilegur og víðast hvar eru handritin alveg eins, sleppa sömu setningunum, hafa sömu einkennilegu viðaukana, sömu umskriftirnar osfr. — Eitt er þó ólíkt, og gæti bent á að 617 ekki væri runnið

frá C heldur frá sameiginlegu frumhandriti, en það eru myndirnar, sem í C vanalega eru einsog teiknaðar með reglustriku, en eðlilegri í 617 (t. d. myndin af gálganum bls. 106). Jeg þori því ekki að neita að þau geti verið það, en líklegra finst mjer þó hitt, að 617 sje komið af C, minsta kosti hvað textann snertir, þó skrifarinn máske hafi teiknað sumar myndirnar, út í spássíunni eftir öðru handriti, af því honum þóttu þær óeðlilegar í C. En aftur á móti held jeg það sje áreiðanlegt að C er ekki skrifað upp eftir 617, bæði eru ýmsir rithættir sem eru á sinn veg hjá hvoru þeirra, líkari eldri hdr. í C, og ennfremur má sjá það á myndinni á veifunni (bls. 274), sem er mjög einkennileg og lík í báðum handritunum, nema hvað myndin í C er með skafti (einsog myndin í D, sem er prentuð í textanum) en myndin í 617 er skaftlaus; ef nú einhver hefði teiknað eftir 617 þá hefði hann varla fundið upp á því að bæta svo einkennilegu atriði við myndina; má því telja víst að C er ekki ritað eftir 617. — Annar mismunur á þessum hdr. er líka sá, að í 617 er vitnisburður Níels Clemenssonar, þýddur á íslensku, fyrir aftan bókina, en hann hefur vafalaust líka verið í C, þegar sú bók var heil.

14. Að lokum skal hjer nefnt handrit áður í safni Bókmentafjelagsins 78, 8°. Það er brot, 10 blöð, 15,5×9,5 cm. bls.-stærð. — Það er útdráttur úr 2. og 3. parti sögunnar, hefur hann verið skrifaður eftir öðrum eins, að því er segir í enda kversins, en sá útdráttur hefur líklega ekki verið gerður eftir neinu handriti, heldur hefur einhver skrifað aðalinntakið úr sögunni eftir minni að jeg held. — Handritsbrot þetta hefur enga þýðingu fyrir textann í æfisögunni, að því jeg fæ sjeð.

Auk þessara handrita hef jeg frjett af þeim, sem hjer skal greina, en ýmsra ástæðna vegna hef jeg ekki sjeð mjer fært að nota þau fáu af þeim, sem jeg hef frjett til hvar niður eru komin, enda engin brýn þörf á því, þar sem jeg hafði svo mörg góð handrit sjálfur undir höndum.

Á lausum miða sem lagður er inn í B, sem Daði Níelsson fróði hefur skrifað, kemst hann svo að orði: »Af sögu

Jóns Indíafara hefi jeg sjeð: 1) Exemplar skrifað af Síra Sæmundi sál. Þorsteinssyni í Garpsdal, það átti merkur bóndi Bjarni Oddson frændi minn 1825, 4°. 2) Exemplar skrifað með fallegri settleturshönd af þeim nafnfræga bókaritara Pjetri Jónssyni, bónda í Svefneyjum á Breiðafirði og víðar þar í eyjunum fram á seinni hluta 18. aldar, það átti Síra Tómas Sigurðsson, síðast prestur að Holti í Önundarfirði, 4°. 3) Bók með mörgum ferðasögum, og seinast sögu Jóns Indíafara, fyrstu blöðin af henni hafði skrifað Síra Hjalti sál. Jónsson á Stað í Steingrímsfirði, síðan alla söguna til enda Síra Guðmundur sál. Bjarnason (hinn síðari) að Árnesi, ágæta vel. Hana átti, þá eg síðast vissi, Guðbrandur bóndi Hjálmarsson á Valshamri í Geiradal vestur, hún var í arkarbroti. 4) Eina á Síra Benedikt próf. á Hólum, 4° með gamalli hönd.« Sig. Jónasson, sem líka prentar þessa athugasemd Daða í Skýrslu um hdr. s. h. Ísl. Bókm. (I), bls. 44—45, bætir við. »Auk þessa eru til, sem vjer vitum til, þrjár afskriftir af sögu þessari, eina á hin stóra Konungl. Bókhlaða í Kmh., aðra Fornfræðafjelagið og þriðju Skúli Thorlacius, registrator við skjalasöfn stjórnarinnar.« — Líkl. er nr. 2 hjá Daða = C; nr. 1 hjá Sigurði er Ögursbók, en nr. 2 = E.


Í brjefi til mín dags. 1. Júní þ. á. segir próf. B. M. Ólsen mjer frá, að í safni Jóns Sigurðssonar í Lbs. finnist í nr. 29 fol. afskrift af sögu Jóns Indíafara ásamt fleiri ferðasögum, útlendum, þýddum á íslensku. Skráin segir að sú bók sje »með hendi Síra Hjálmars Þorsteinssonar (?)« Hann dó 1819 (Sv. N. Prt)

Dr. Jón Þorkelsson, landsskjalavörður í Rvík, hefur sagt mjer frá tveimur öðrum handritum, einu í eign Hr. Ólafs Eyjólfssonar, skólastjóra í Rvík; það er ritað á Látrum í Breiðafirði; öðru í eign Hr. Einars Jónassonar, málafærslumanns í Rvík.

Þá hefur Frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir sagt mjer frá handriti af sögunni, er maður hennar sálugi, Valdimar ritstjóri Ásmundsson átti, en nú er glatað. Hefur hann lík-

lega notað það handrit við útdrátt þann úr sögunni, er hann gerði í Fjallkonunni, en þó er það óvíst.

Handritin má nú setja upp í töflu til að sýna skyldleika þeirra; tákna x, y og z handrit, sem víst er að hafa verið til, en menn nú ekki vita hvar eru.



Þegar nú gætt er að aðaleinkennum flokkanna ber mest á tveimur, 1) að brjefin í A-flokknum eru á dönsku í textanum, en í B-flokknum þýdd á íslensku, og 2) að B-fl. hefur 3 partinn, sem vantar í A-flokkinn. Má ganga að því vísu, að B-flokkurinn er hjer ekki eins upprunalegur, og að brjefin í frumritinu hafa verið á dönsku óþýdd, því það er alveg ótrúlegt að nokkur hafi farið að þýða þau á dönsku aftur og setja þau inn í textann, ef hann hefði sjeð þau í honum fyrir sjer á íslensku.

B hefur líklega verið skrifað eftir sjálfu frumriti Jóns meðan það var heilt; virðist Magnús sýslumaður hafa fengið það til láns ásamt fleiri skjölum um Jón. Hefur það handrit því líka seinasta blaðið, sem verið hefur í frumritinu, kaflann í lok annars parts, frá því er fullmaktarbrjefið endar. Það blað hefur týnst aftan af frumritinu, og því enda öll þau handrit A-flokksins sem lengst ná, á fullmaktarbrjefinu. Magnúsi sýslumanni hefur þótt óviðkunnanlegt að sjá skjöl á dönsku inni í íslenskum sögutexta, hann hefur því þýtt þau á íslensku en til fróðleiks sett dönsku frumbrjefin aftan við bókina.

*) Inngangsbrjefið þó ef til vill eftir hdr. af A-flokknum.

Starf útgefandans er nú fólgið í því, að reyna að láta textann verða eins líkann orðalagi frumritsins og hægt er, og er það mikill vandi, þar sem handritunum ber mjög á milli. Þó eru miklar líkur til þess að það sje rjett, sem stendur samhljóða í aðalhandritum beggja flokka. Jeg hef aðallega lagt til grundvallar handritin Ö, D og B. Þar sem Ö og B hafa verið samhljóða hef jeg látið það vanalega standa, hafi þau greint á hef jeg oftast látið D skera úr; þó hef jeg líka tekið einstöku leshætti úr C og E, þar sem ætla mátti að ritháttur hinna aðalhandritanna væri rangur. Hin handritin hef jeg vanalega aðeins notað í eyðum höfuðhandritanna. Þriðja partinn hef jeg auðvitað gefið út eingöngu eftir B, en þar sem það hdr. hefur verið aflagað eða vantað í það hef jeg stuðst við afskriftirnar, sem af því eru komnar. Dönsku brjefin hef jeg gefið út stafrjett. Á fáeinum stöðum hef jeg tekið getgátur frá sjálfum mjer upp í meginmálið, þar sem öll hdr. voru meir eða minna úr lagi færð. Jeg hefi gert grein fyrir tilgátum mínum í orðamuninum aftan við bókina. — Helst hefði jeg viljað prenta allan orðamuninn, en sá það mundi verða alt of kostnaðarsamt, hann hefði einn orðið líkl. einar 2—4 arkir að minsta kosti. Jeg hef því látið mjer nægja að taka aðalatriðin úr honum, og vona jeg að það sje nóg til að rökstyðja það sem jeg hef sagt um afstöðu aðalhandritanna hvers til annars; einkum hef jeg auðvitað tilfært þá staði, þar sem verulegur vafi gat leikið á hver ritháttur væri upprunalegri.

Rjettritun handritanna hef jeg ekki haldið, nema hvað eiginnöfn og útlend orð hef jeg látið halda sjer oftast nær einsog þau voru í höfuðhandritunum, og þá farið aðallega eftir B. Þar sem eiginhandrit Jóns er glatað, er lítil ástæða til að gefa út afskriftirnar stafrjettar, þær mundu sýna rjettritun annara manna og tíma. Að vísu má telja það ókost á útgáfunni að leggja ekki elsta handritið (B) til grundvallar og gefa það stafrjett út, því þá fyrst yrði útgáfan með þeirri vísindalegu nákvæmni, sem heimtuð er, ef á að nota hana til að rannsaka sögu orðmynda. En margt aftraði

mjer frá þessu, fyrst og fremst ásigkomulag B-hdr., sem er svo víða máð og rotið, að ekki verður ráðið úr því nema með aðstoð hinna handritanna, auk þess er textinn, einsog tekið hefur verið fram, svo styttur og breyttur í því víða, að Ö og D gefa líklega betri hugmynd um frumritið þegar öllu er á botninn hvolft. Auk þess hefði þá þurft að leysa úr böndum og prenta slíkt með breyttu letri, og prenta allan orðamun — þetta alt hefði orðið svo mikið verk og kostnaðarsamt, að hvorki sá jeg mjer fært tímans vegna nje fjelaginu peninganna vegna að leggja út í þesskonar útgáfu. Jeg kaus því heldur að reyna að búa til nokkurnveginn áreiðanlega útgáfu að því er innihaldið snerti, og láta hana að því leyti geta komið vísindamönnum að gagni, en um leið vildi jeg láta hana verða það sem Jón sjálfur hefur ætlast til að rit sitt yrði, fróðleiks og skemtibók handa íslenskri alþýðu. Ef eiginhandarrit Jóns einhverntímann finst, á það skilið að vera gefið út stafrjett.

Víða þurfti athugasemda við, og getur verið erfitt að finna hvað það er, sem flestir vilja eða þurfa að skýrt sje. Veit jeg að jeg get ekki farið varhluta af aðfinningum út úr þessu fremur en allir aðrir sem slíkt gera. — Jeg hef auðvitað notað margar af athugasemdum Rists og Clausens við dönsku þýðinguna, einkum úr fyrsta hlutanum; þær, sem jeg hef tekið frá þeim, eru merktar RC; en jeg tók hvergi nærri allar, því margar þeirra áttu ekki við íslenska lesendur. Sumt hefur mjer fundist rjettar að skýra öðruvísi en þeir. Hef jeg auðvitað einn ábyrgð á öllum athugasemdunum. Mjer var bent á, þegar fyrsta heftið kom út, að athugasemdirnar væru nokkuð fáar, einkum þyrfti alþýða, sem ekki skildi útlend mál, fleiri skýringar á útlendum orðum. Jeg sá að þetta var rjett, og hef því í viðaukunum aftan við bókina sett einskonar viðbætir við athugasemdirnar, svo að ef lesandinn finnur eitthvað, sem hann þarfnast skýringar við, og vantar skýringu neðanmáls, getur hann leitað hennar aftan við. — Fáeinar myndir til prýðis og fróðleiks hef jeg látið fylgja með þessari útgáfu, er myndin af Khöfn hin sama og í dönsku útgáfunni, en hinar mynd-

irnar eru þar ekki; aftur á móti er þar mynd af Dansborg og herskipum frá þeim tíma, en af því kastalamyndin er miklu yngri en atburðir sögunnar og samskonar skip má sjá á myndinni af Höfn, tók jeg þær myndir ekki með. — Aftan við bókina hef jeg líka bætt fáeinum köflum, er snertu söguna; er þar fyrst kafli um Pjetur Skyttu, sem var oflangur til að geta komist að sem neðanmálsgrein, ennfremur fáeinar þjóðsögur um Jón Indíafara og svo niðjatal hans. Jón Indíafari er svo merkur maður, að mörgum mun þykja gaman að geta rakið ætt sína til hans, og sú ættartala á hvergi betur heima en aftan við æfisögu hans. Það er ýmislegt einkennilegt við þessa ætt. Fyrst er þýskur ættleggur (Pjetur Skytta) tvinnaður saman við göfuga íslenska ætt (Ástríður systir Jóns Sigmundssonar lögmanns), og ef til vill sænska (ætt Síra Jóns Matthíassonar); svo er sá ættleggur lengi á Íslandi uns kvísl af honum flytst til Danmerkur í byrjun 19. aldar, og er nú ættin orðin allblómleg þar, og hefur flutst þaðan til Ástralíu og Vesturheims. Vona jeg að mörgum þyki vænt um að fá ættartöluna prentaða. Ættu menn síst að gleyma því, að okkur Íslendingum er því skyldara en öðrum að leggja rækt við ættfræði sem við þykjumst meir en aðrar þjóðir af forfeðrum vorum. Finst mjer það óþjóðlegur og all-lúalegur hugsunarháttur, sem því miður ber stundum á, að vera að níðra ættfræði og slíkum greinum. Ættum við heldur að virða þá menn, sem við slíkt vilja fást, því til að gera það v e l þarf mikinn skarpleika, lærdóm, minni og samvitskusemi. Annars hef jeg þá trú að ættfræðisrannsóknir muni fá nokkuð annað snið framvegis en hingað til, menn munu hætta að láta sjer nægja að setja upp þurrar ættartölur, en reyna heldur að bæta við þær ýmsu um fólkið, einkum t. d. reyna að rekja ýmsa eiginlegleika, andlega og líkamlega, sem ætla má að sjeu arfgengir. Ýmsir ágætir náttúrufræðingar eru þegar farnir að rannsaka slíkt, en það er óþrjótandi verk að vinna á þessum nýju og lítt könnuðu sviðum. Sagan og náttúrufræðin munu geta hjálpað hvor annari meir en margur heldur.

VI.

Að lokum vil jeg þakka öllum sem hafa liðsint mjer við útgáfu þessa, fyrst og fremst forstöðumönnum safnanna í Reykjavík, landsbókaverði Jóni Jakobssyni fyrir lán á ýmsum handritum Landsbókasafnsins til afnota hjer í Kaupmannahöfn og ýmsar upplýsingar þeim viðvíkjandi, og landsskjalaverði Dr. Jóni Þorkelssyni fyrir margar ágætar upplýsingar um handrit af sögunni og ýmislegt viðvíkjandi ættum í henni. Þá þakka jeg útgefendum dönsku þýðingarinnar, Julius Clausen bókaverði og P. Fr. Rist ofursta fyrir alla þá velvild sem þeir hafa sýnt þessu riti og starfi mínu, og einkum fyrir leyfið til að nota það sem jeg vildi af athugasemdum þeirra við dönsku útgáfuna. Þá prófessor Finni Jónssyni, sem hefur litið yfir aðra próförk af bókinni, prófessor Þorvaldi Thoroddsen, forseta Hafnardeildarinnar, sem hefur litið yfir þriðju próförkina, og meistara Boga Th. Melsteð, sem hefur litið yfir 2. próförk af síðustu örkunum og formálanum, og hafa þeir allir gefið mjer ýmsar góðar bendingar. Þá forstöðumanni Gyldendals bókaverslunar, Hr. Ernst Bojesen, sem góðfúslega lánaði fjelaginu ókeypis plötuna að hinni stóru mynd af Khöfn, er fylgdi dönsku útgáfunni og nú prýðir bók þessa. Þá Dr. Valtý Guðmundssyni, sem lánaði mjer eiginhandarrit afa síns Einars Bjarnasonar á Mælifelli af Fræðimannatali hans, og leyfði mjer að nota það. Þá Hr. Karli Finnbogasyni, kennara á Akureyri fyrir þjóðsögurnar um Jón Indíafara, og Hr. Jóhanni Kristjánssyni ættfræðingi í Reykjavík og Frú cand. mag. Ásu Rohde hjer í Khöfn fyrir ættartöluna. Þá Hr. Chr. Schlesch, gjaldkera Trúboðsfjelagsins danska, fyrir skýringar hans á ýmsum orðum í tamíl, sem mjer hefði annars orðið erfitt að fást við. Þá premierlieutenant Stöckel við sögulega vopnasafnið í Týhúsinu í Höfn, sem hefur gefið mjer merkilegar upplýsingar viðvíkjandi sjaldgæfu vopni, sem getið er um hjer í bókinni. Þá stud. med. & chir. Stefáni Jónssyni, sem hefur aðstoðað mig

við registrið. Síðast en ekki síst þakka jeg þeim sem mest hafa hjálpað mjer, kennara mínum prófessor Birni M. Ólsen í Reykjavík, sem hefur litið yfir hreinprentanir af öðrum og þriðja kafla sögunnar, bent mjer á ýmislegt, sem skýra þurfti, og gefið mjer margar ágætar upplýsingar, — og konu minni, cand. phil. Björgu Þorláksdóttur, sem hefur afskrifað fyrir mig mikinn part af Ögursbók og hjálpað mjer við prófarkalesturinn.

Kaupmannahöfn, 4. Júlí 1909.

SIGFÚS BLÖNDAL.

ÆFISAGA

JÓNS ÓLAFSSONAR ÍSLENDINGS

INDÍAFARA

af honum sjálfum uppteiknuð fyrir frómra manna umbeiðni, eftir því sem hann framast kann minnast nú í sínum aldurdómi 1661. Biðjandi alla fróma og guðhrædda sína landsmenn, hærri stjettar og lægri, þetta sitt svo fánýtt og auðvirðilegt verk vel að virða, hvers hann af þeim auðmjúklega óskar.

Náð, friður og blessan Drottins vors Jesú Christi sje með yður öllum! Amen.

Elskulegir vinir! Skylt væri að eg ei fundinn yrði í of miklu óþakklæti fyrir Guðs furðanlegar margskonar og óteljanlegar velgjörðir, sem hann mjer af sinni skærri náð, miskunn og gæsku svo mjúklega og mildilega veitt hefir, bæði til líkama, lífs og sálar, í svefni og vöku, á nótt sem degi, á sjó og landi í ýmsum áttum veraldar, undir heitu lofti og köldu, í fjarlægð og nálægð míns föðurlands, á meðal kristinna og heiðinna þjóða, í meðlæti og mótlæti; hverjar hans margar og miklar velgjörðir og dásemdarverk mjer hefði sannarlega borið og hæft að hrósa, virða og víðfrægja bæði hjer innanlands og utan, hvað eg þó, því miður, ei gjört hefi, sem mín frek skylda var þar til, hverja forsómun og hirðuleysi sá náðugi Guð virðist mjer að fyrirgefa, sem og öll mín afbrot og misgjörðir. En þó eg fyrir nokkrum árum liðnum hafi uppbyrjað þetta hið sama að uppteikna, en ei þó til lykta, og í láni glataðist, samt hefi eg mig þó ei síðan þar til gefið sakir míns bjargræðis daglega áliggjandi ómaks og erfiðismuna, og í öðru lagi misjafnt geð manna til að meðtaka þvílíkt af mjer, svo tilkomulitlum manni. En með því að nokkrir góðir menn hafa mig hjer til góðmannlega uppvakt og áhvatt að nýju, hefi eg nú um síðir litla ávísan tilgjört með ósjelegri skrift og óorðentlegri diktan, um það hvað hið sjerlegasta hefir skeð og við mig framkomið á allri minni umliðinni æfi, vitandi mig því framar afsakast hjá alþýðu landsins, eftir því eg, svo sem í vernd

og skjóli þeirra frómra manna, er mig hjer um hafa tilkvatt, má dirfast þessa mína fávisku að auglýsa. Og enn þó að hjer inni sje margt auðvirðilegt og hjegómlegt, þá bið jeg góðan lesara það og fleira að umlíða með góðri þolinmæði, en allra helst, hvað sem hjer talast um Guðs verk, bið eg að snúist Guðs heilaga nafni til vegsemdar, heiðurs og dýrðar, en mörgum til góðra nota og gagnlegra eftirtekta. Svo óska eg og einnin, að í hverju sem mjer hefir yfirsjest á öllum tíma minnar æfi, sjerhvers embætti, sem eg hefi verið til kallaður, mætti öðrum til vareigðar, lærdóms og viðvörunar verða, svo þeir því heldur forðist mín vond dæmi, en framar athugi síði forsjálra til óhættari stundunar og stöðu í þeirra embætti og tilsettri kallan. Hjer með yður og öll Guðs börn almáttugum Guði befalandi til allrar umhyggju lífs og sálar. Amen.

J. O. S. I. F.

HJER BYRJAST FYRSTI PARTUR ÞESSARA FRÁSAGNA,

HLJÓÐANDI UM MÍNA ÆFI ALT TIL MINNAR AUSTINDÍALANDSREISU.

I. KAP.

Innihaldandi um mína fæðing, ætt og uppfóstur og það fleira, sem viðbar, til þess eg var 22 ára gamall, og eg hjeðan úr landi burt sigldi.

Þremur árum fyr en kóng Christian sá fjórði, loflegrar minningar, yfir Danmerkur ríki tók kóngdóm eftir sinn sáluga föður, kóng Friderich hinn annan, afgenginn 1588, hvers krýning skeði í Kaupinhafn 29. Augusti Anno 1596 á hans 20. aldurs ári, á sunnudagsmorgun mjög árla, næstan eftir Allra heilagra messu, fæddist eg í þennan heim[1]) á Svarthamri við Álftafjörð í Eyrarkirkjusókn, innan Ísafjarðarsýslu, af erlegum ektaforeldrum, Olafi Jónssyni og Ólöfu Þorsteinsdóttur. Hans faðir var Jón Þorgrímsson, sá eð var sonur Þorgríms Jónssonar; þessi Þorgrímur

[1]) Fæðingardagur höfundarins er þá 4. Nóv. 1593 í gömlum stíl; sje talið eftir nýjum stíl verður hann 7. Nóv.

var mikilmenni og nafnfrægur maður, þó ei væri hann stórrikur; hann hafði bústað sinn lengi í Æðey í sókn Snæfjallakirkju, og andaðist þá hann hafði fjóra vetur um áttrætt. Föðurmóðir mín hjet Bríit Þórðardóttir, fróm kvinna. Þessi hjón, Jón og Bríit, urðu vel 70 ára gömul, og önduðust mörgum árum fyr en eg fæddist á heimili minna sálugu foreldra. Móðir mín, Ólöf Þorsteinsdóttir, var norðlensk að ætt, í Miðfirði uppalin, af göfugum ættarstofni upprunnin; hennar faðir hjet Þorsteinn Sveinsson, sá eð átti 4 bræður, Olaf Sveinsson, stjúpföður Þórunnar Bjarnadóttur, sem sál. Síra Sveinn Símonsson[1]) kvongaðist, item Þórð og tvo Jóna; þessir menn voru í ætt Jóns Magnússonar[2]), sá eð var afi þeirra loflegu bræðra s[álugu] Magnússona. Hennar móðir hjet Hildur Helgadóttir, dóttir Síra Helga, sá eð var sonur Síra Jóns svenska[3]) er svo nefndist, af hverjum göfugir ættliðir eru komnir. Móðir Hildar hjet Marin Pjetursdóttir, þess er kallaður var Pjetur Skytta[4]), einn Hamborgari, og var hirðstjóri og hjer búandi í landi; hann átti Ástríði Sigmundsdóttir, sú eð var systir Jóns Sigmundssonar, sá eð var afi Herra Guðbrands biskups yfir Hóla stifti. Pjetur átti tvo sonu, Hannes og Mel-

---

[1]) Síra Sveinn (faðir Brynjólfs biskups) var fyrst kirkjuprestur í Skálholti 1578—82, en síðan prestur að Holti í Önundarfirði 1582—1635. Prófastur í vesturhluta Ísafjarðarprófastsdæmis varð hann 1588. Hann dó 1644, 85 ára gamall. (Sv. N. Prestat. IV. 17. XI. 5, 14.)

[2]) Um Jón Magnússon á Svalbarði (giftan Ragnheiði á rauðum sokkum Pjetursdóttur) og ætt hans (Svalbarðsættina síðari) læt jeg mjer nægja að vísa í Sögu Magnúsar prúða eftir Jón Þorkelsson, bls. 7—11. Um Magnússyni (ɔ: sonu Magnúsar prúða) sjá sama rit bls. 92—93; þeir ættmenn koma víða við sögur einsog kunnugt er.

[3]) Síra Jón svenski (Matthíasson) forstöðumaður fyrstu prentsmiðjunnar á Íslandi og prestur á Breiðabólstað í Vesturhópi 1530—1567. Hvar Síra Helgi sonur hans hefur verið prestur er óvíst. Í Prestatali Sveins Níelssonar er hann ekki nefndur, eða að minsta kosti fæ jeg ekki sjeð að neinn af þeim prestum, er sama nafn bera, geti verið hann.

[4]) Um Pjetur Skyttu (Schytt) og ætt hans og mægðir við Jón lögmann Sigmundarson, sjá viðbæti aftan við bókina.

chior, og tvær dætur, Marínu og Guðrúnu.[1]) Þessi Pjetur var veginn af sínum sjálfs tveimur þjenurum, sem þar til voru keyptir af nokkrum hjerlandsmönnum, fyrir einhvers haturs sakir, nær hann gekk úr baði um veturinn á föstu. Þessir hans 2 synir drógu til Hamborgar og tóku mestallan ríkdóm með sjer, einkum kvennlegt skart upp á 12 jómfrúr, en þær systur báðar, Marín og Guðrún, urðu hjer eftir, og þessi Marín var mín langamma, sú eð var móðir Hildar, Hildur var móðir Olafar, sú eð var móðir mín, en Guðrún var langamma Marínar Halldórsdóttur, sem nú er í Súðavík. En af þessum áðurnefndu Pjeturssonum er sögð stór ætt til Hamborgar sje afkomin.

Mínir sálugu foreldrar áttu 14 börn sín í milli í heiðarlegum hjúskap, og af þeim komust ekki utan 3 til aldurs, sem var Halldór, Þóra og eg. Á milli mín og Halldórs var 14 ára munur, en 17 milli Þóru og mín, og var eg næstur seinasta barni minnar móður fæddur, og var ei sóknarprestur í þann tíð nálægt, nje innan sóknar, en sakir fjúks og stórveðurs varð og ei heldur sóktur í Ögurþingha. Mínir foreldrar útbjuggu 2 menn og eina kvennsnift með mig til Eyrar í Skutulsfjörð á fund Síra Sigmundar

[1]) Í 2076 b er ættartalan sett upp í töflu svohljóðandi:

Vatnsfjarðar-Kristín
|
Solveig m. Sigmundur
|

Jón Sigmundsson lögmaður	Ástríður m. Pjetur Schytt hirðstjóri
*) Jón	Helga
Síra Arngrímur	Guðbrandur biskup
Síra Þorkell — Mag. Jón biskup í Skálholti.	Hildur — Páll Vídalín lögmaður. N og S.
Steinunn — Þorlákur biskup.	Kristín — Skúlason — Síra Jón Arason í Vatnsfirði.
Oddur hinn digri	
Guðrún.	
Marín — Ólöf Þorsteinsdóttir — Jón Ólafsson Austindíafari.	
Hildur	

*) Hjer er hlaupið yfir ættlið: Guðrúnu Jónsd. Sigmundssonar, gifta Jóni Hallvarðssyni.

Egilssonar,[1]) sá eð veitti mjer þá heilögu skírn, og sú ferð lukkaðist vel fram og heim aftur, fyrir Guðs og hans heilagra engla aðstoð.

Til þess eg var hálfs annars árs gamall öðlaðist eg góða heilbrigði og döfnun. Síðan veiktist eg, og var mjer í fóstur komið til þeirra hjóna, er undir Hlið bjuggu í sömu sveit; maðurinn hjet Eyvindur Jónsson, en konan Guðrún Guðmundsdóttir, og voru frómir menn. Hjá þeim var eg tvö ár í fóstri.

Á sjöunda ári míns aldurs var eg undir bók settur. A því ári gekk hjer blóðsótt mikil í landi, í hverri margir í burt sofnuðu. Úr þeirri sótt sofnaði í burtu hjeðan minn sálugi faðir og fleiri bændur þessarar sveitar um haustið í Octobris mánuði. Halldór minn bróðir var þá 20 ára gamall; hjelt hann samt búskap með móður okkar. Að öðru hausti eftir kvongaðist hann erlegri dándiskvinnu Randíði Olafsdóttur, og ól með henni 6 börn.

Þá um veturinn eftir kom sá mikli og nafnfrægi vetur, sem landsmenn hjer nefndu Píning, og um vorið milli sumars og krossmessu kom mikill hvalur upp úr ís inst sveitar fram undan Hattardalsstekk, að hverjum varð stórt bjargræði og varð mikil aðsókn þangað úr öðrum sveitum, því stór skortur bjargræðis var víða orðinn hjer í sveitum manna á milli, því vetrarróðrar uppgáfust með Andrjesarmessu, er þá viðbjóðlega uppgekk til stórveðráttu, svo sem raun gaf vitni síðar; heyskapur um sumarið fyrir varð víða hjer um sveitir lítill, og nýttust heyin misjafnlega sakir óþerra.

A mínu fjórtánda aldurs ári gafst mjer heilsubót fyrir Herrans náð, og góð lækning við minni langvaranlegri ungdómsmeinsemd, af einum dönskum skipherra, Andrjes að nafni, fyrir meðalgöngu frómrar kvinnu, Þorkötlu Pálsdóttur, sú eð var mín ljósmóðir, og var það eitt epli,

---

[1]) Síra Sigmundar er getið 1592 og 1603 sem prests á Eyri við Skutulsfjörð og segir Sveinn Nielsson í prestatali sínu, að hann hafi verið orðinn prestur þar fyrir 1583, en fyrir 1596 hefir hann fengið Dýrafjarðarþing. (Sv. N. Prestatal. XI. 4 og 7).

hvers eg neytti til hálfs, er hann sendi með henni til minnar móður; síðan þar eftir fjekk eg góða heilbrigði og viðgang.

Þá eg var 5 ára gamall var eg því nær í bæjarlæknum á Svarthamri í minni sjálfs vöggu druknaður, sem vera átti skipsmynd, hefði ei mína sálugu móður svo skjótt að borið. Item í öðru sinni, þá eg var átta vetra gamall, er eg á einum laugardegi um sumarið var með Halldóri bróður mínum riðinn í veiðiár fram í fjörð, lá mjer við að drukna á þeirri stóru Fjarðará, er svo kallast, en bróðir minn Halldór kom mjer með Guði til hjálpar. Í þriðja sinni á sama ári, er eg var sendur inn yfir ósa eftir mönnum í kaupstaðarferð, lá mjer við í Seljalandsós af hesti að flotna, er um flæði og framarlega að sjónum á sund með mig hljóp. Ráðning fjekk eg í hvert sinn hjer fyrir, svo sem verðugt var. Mín elsku móðir bar stóran kvíða fyrir mjer, við vatnsföllum allra helst, og mælti hún það og margir, að mjer mundi auðnast yfir vötn að ferðast, en Guð bað hún mig jafnan annast, hverja hennar jafnlega bæn að Guð miskunsamur faðir hefur heyrt, og náðarsamlega bænheyrt. Sje hans heilaga nafn lofað og blessað að eilífu! Amen.

Anno 1615, á mínu 22. ári, lá mjer við úr Dvergasteinshlíð um veturinn mjer til heljar að hrapa, svo eg fjekk yfir 40 köst, og kom eg jafnan niður á bakið. Ei fjekk mín móðir það að vita, en minn mágur Skeggi Gunnlaugsson, var í þann tíma úti staddur er svo við bar, og vissi ei hvað til ráða skyldi, og ei meinti hann mig aftur lifandi líta. Svo bar til um vorið fyrir, að móðir mín elskuleg og eg höfðum flutt vist vora frá Eyrardal og til Dvergasteins til Skeggja og Þóru frá Halldóri, og voru því sauðir þar ókendir, og urðu stansa undir skorum og náðust ekki allan veturinn, og liðu sult mikinn, en oft til reyndi óvitandi minni móður og í hennar þrásamlegu forboði. Og í þetta sinn er nú greindist, brast broddur í staf mínum nærri miðhliðis, og síðan varpaðist eg ofan að urðum, og í hverju kasti horfði eg til himins; og nær köstum hætti, fyrir Guðs náð og vilja, var þá ei lengra til urðar en tveir eður þrír faðmar. Svo er Guði alt hægt og mögulegt að verka og

veita, eftir sinni guðdómlegri vild, makt og velþóknan. Og nær eg stóð á fætur var eg að öllu því nær og óhindraður, lof sje Guði! Amen. Mörgu minna gildis verður á loft haldið. Skeggi fagnaði mjer innilega, þá eð miðvegis mjer var móti kominn, og með glúpnan Guði lof sagði.

Eg má segja Guð hafi varðveitt mig í lofti, á jörðu, í vötnum, við mararbotn og í eldi, undir skruggum og reiðarslögum. Ei er það skeð til þess að því skuli strax gleymt verða, heldur en önnur Guðs stórvirki og dásemdarverk, sem uppritast hafa, heldur miklu framar ætti það að skrást og daglega að tjást, fyrir börnum og barnabörnum, alt til enda veraldar, svo Guðs nafns dýrð vari, vaxi og aldrei þverri.

Heiður og dýrð um himin og jörð[u]
af hverri tungu sje þjer sungið,
lifandi Guð vor lífsins faðir,
lof þitt haldist um aldir alda! Amen.

A Snæfjöllum bar til stór tilburður á mínum ungdómsárum, af þeim uppvakningi, sem menn meintu að vera myndi, og hvað margt furðanlegt og skelfilegt þar við bar, gjörist ei þörf hjer að innsetja, en margt hefir auðvirðilegra hjer í landi og annarsstaðar annálast og greinst til minnis þeim, er fæðast skulu.

Á mínu 11. ári bar svo við, að ein gift kona, Bóthildur að nafni, hafði ferðast hjeðan úr Álftafirði og vestur yfir heiði í Önundarfjörð með veturgamalt eður tvævett sveinbarn, sá eð Ketill hjet. Og þegar móðirin vildi hafa hingað aftur ferðast með sinni ungri barnkind til sinnar sveitar, þá vissu það engir í Álftafirði. Þetta skeði um Maríumessu fyrri. Og nær hún kom hingað og fór heiðarskarðið, skeldi yfir myrkraþoku, svo hún gekk og viltist of mikið til hægri handar, alt þangað sem Valagil heita, hvar að eru miklir forvaðar, og með því að hún var bæði veik og mædd orðin, nam hún þar staðar fyrir Guðs anda áeggjan, hið næsta sem mátti þessum forvöðum, og af löngum burði sinnar barnkindar hafði henni þar í brjóst runnið og svo

aldeilis út af sofnað í Herrans vald. Nú vissi enginn maður hvorki Önundarfjarðar nje Álftafjarðarhrepps af þessu tilfelli. — Skömmu síðar í vikunni heyrðist barnsópið ofan til bygða, og ætluðu þeir menn, sem næstir bjuggu, að einhver sjerdeilis dýrshljóð vera mundu. Þetta bar til snemma í Augusto. Í þann tíma A:o 1604 bjó Síra Jón Grímsson[1]) í Svarfhóli í Álftafirði, sá eð var sóknarprestur Ögurs og Eyrar, og nær hann fjekk þetta að spyrja, sendi hann með skrifaðan seðil út eftir sveitinni heim á hvern bæ til hvers búandi manns og bónda, sem það innihald hafði, að hver þeirra kæmi með vopn í hendi heim á hans garð með hraðasta hætti, þá strax samdægurs, og þar samtaka í sinni nálægð og með sínu ráði hvernin þeir sjer hegða skyldu í greindu efni, og gjörðist sú ályktan, að menn skyldu uppleita með alvarlegasta hætti hvaðan þessi ýlfran væri og eymdarhljóð eður af hverri skepnu. Gengu þeir svo af stað frá prestsins garði. Þá gengu allir skattbændur með þrískúfaða atgeira, sem hingað á umliðnu ári fyrir þetta fluttust til kaups eftir Kg. M. [skikkan og] befalningu.[2]) Og nær þeir komu í þann stað, sem konan lá önduð fyrir löngu, og fundu barnið hjá henni ennþá lifandi og konuna óskaddaða, því barnið hafði varið hennar lík í mörg dægur, þá hnykkti hverjum þeirra hjer við, og þótti hryggileg aðkoma, en þeim manni ei síst, sem bóndi og ektamaður var nefndrar konu, sá eð Jón Eyvindsson var að nafni. Var hennar lík svo flutt til bygða og þaðan með erlegum tilbúningi og meðferð til Eyrarkirkju að hún greftraðist. En þessi þeirra sonur uppólst hjá sínum föður þangað til hann var kominn úr ómegð og var síðan vinnuhjón Síra Thómasar Þórðarsonar[3]) og andaðist þar vel tvítugur að aldri á Snæfjöllum.

[1]) Síra Jón Grímsson var ordinn prestur í Ögurþingum fyrir 1599; hann var áður eitt ár prestur í Árnesi í Trjekyllisvík, en 1615 fjekk hann Prestbakka í Hrútafirði. (Sv. N. Prestatal. XI. 8, XII. 1 og 4).

[2]) Um vopnaburð á þeim tímum og vopnadóm Magnúsar prúða 12. okt. 1581 sjá Jón Þorkelsson, Saga Magnúsar prúða, 1895, bls. 63—77.

[3]) Síra Tómas varð prestur á Stað á Snæfjallaströnd (»Snæfjöllum«) árið 1629 og var þar til dauða síns 1670.

Þá Danskir komu hjer fyrst í hafnir [skrifaðist datum] Anno 1601, sem var vorið eftir Píningsvetur hinn mikla, sem nú teljast 60 ár (ár 1661) og hjet sá Trúels er fyrstur var kaupmaður af Dönskum eftir Konráð Íslending [er síðasti kaupmaður var Hamborgara hjer í höfnum].[1])

II. KAP.

Innihaldandi um mína hjeðansigling til Englands.

Á því sama ári, sem fyr var getið, þegar að skrifaðist 1615 bar svo við um vorið fyrir krossmessu, að eitt engelskt skip upp á 50 lestir sleit upp við Vestmannaeyjar í miklum stormi og hleypti inn á Ísafjarðardjúp, og lögðust fram undan þeirri veiðistöðu er Rómaborg nefndist, hvar eg var til fiskiútvega. Og með því vor leið lá daglega nálægt þessu skipi fýsti mig og mína meðfylgjara einn morgun að róa að þessu skipi. Skipherrann hjet Isach Brommet, einn sjerdeilis ágætur, frómur og ráðvandur maður. Hans mæti hjet Vilhelm Hundten;[2]) bátmeistarinn hjet Vinsentzius. Þessi skipherra meðtók mig og mína lagsmenn vel, og þar fyrir þarf ei sögur um að lengja, að eg án vitundar minnar e[lskulegu] móður rjeðst til fars og útferðar með þessum manni. Okkar sáttmáli var þesskonar, að eg mátti flytja góss með mjer svo mikið sem eg ætti og sjálfur vildi, og eftir engelskri vísu skyldi afgreiða honum 10 dala gildi nær

---

[1]) Öll þessi klausa (Þá danskir o. s. fr.) kemur efni kapítulans ekkert við. Sum handritin hafa misskilið hana og sett hana í samband við það sem á undan fer (o: dauða Ketils), en það getur ekki verið rjett, því ef Ketill hefur verið tvævetra 1604 þá hefur hann ekki dáið fyr en eftir 1621, og sje það rjett að hann hafi verið hjá Síra Tómasi, þá hefur hann ekki dáið fyr en 1629 eða síðar. Um nafnið Trúels, og um Konráð Íslending sjá orðamuninn aftantil í bókinni.

[2]) Nafnið er afbakað; máske er þetta enska nafnið Hunter eða þá Huntden(?) Nafnið Brommet er líklega o: Bromhead, ritað eftir framburði. Til er á þeim tímum ensk ætt með því nafni.

við kæmum í England. Þetta fjell mínum samlagsbróður mjög þunglega og líka öllum mínum meðfylgjurum.

Að þremur dögum liðnum fann eg mína elskulega móður, og kunngjörði henni slíkt sem til var fallið, en með því henni var þessi minn ásetningur fyrir löngu alkunnugur, fjell henni ekki þetta í þyngsta máta, og ljet viljuglega mig því ráða, befalandi mig eftir daglegri venju þeim eina og þrenna almáttuga Guði í vald, vernd og umhyggju til lífs og sálar, hver hennar kröftug fyrirbón í Guði mig stutt hefir; lofaður sje Drottinn og blessað sje hans heilaga nafn æfinlega.

Jónsmessukvöld um náttmálabil skildist eg við mína e[lskulega] móður Ólöfu Þorsteinsdóttur, sú eð hafði öðlast af Drottni 68 ára aldur. Margir syrgðu mína burtför, þó eg ei þess verðugur væri. Hjeldum vjer svo heiman úr Álftafirði og út til djúps með góðri veðurstöðu; flutti mig minn bróðir Halldór, mágur og bestu vinir. Þungan draum dreymdi mig þá nótt er eg lá á Oshlíð, um mínar eftirkomandi raunir. Að morgni fórum við til skips, og var gjörð stór veisla. Síðan skildum við með gráti og bað hver öðrum góðs.

Að morgni hjeldum við burt af Ísafjarðardjúpi vestur og frá landi til hafs, og kom það skipmönnum saman að draga fisk til matar sjer, og drógu 7 hundruð af þorski. Þá áhljóp mikið landnyrðingsveður, svo naumlega gátum vatursegli náð, og mistum 10 tunnur lýsis, og þá tunnu, sem eg hjeðan með mjer hafði að mestu. Hleyptum vjer svo vestur á Tálknafjörð, og settum upp vor mersusegl. Þar kom á borð til vor sá loflegi kennimann S. Guðmundur Skúlason,[1]) er þann tíma hjelt Laugardalsstað. Hann afeggjaði mig frábært að framhalda ferðinni til Englands og bauð mjer án betalings að koma öllu mínu norður aftur. En sem skipherrann hugleiddi okkar hljóðtal gramdist hann mjög prestinum, því hann grunaði að okkar hljóðtal mundi afráðum

[1]) Síra Guðmundur Skúlason var síðan prestur á Rafnseyri, og dó 1623 (Sv. N. Prestat. XI. 1).

gegna. Presturinn varð af að láta, og skildum vjer svo að gjörðri bæn og blessan yfir mjer og minni ferð.

Að tveimur dögum liðnum sigldum vjer þaðan í nafni Drottins, að morgunsöng enduðum, bæn og lítaníu, og í haf suður fyrir jökul, og að öðrum morgni sáum vjer Vestmannaeyjar. Þaðan sigldum vjer austur fyrir Horn, og hjeldum í haf síðan í landsuður. Og nær landið var oss nýlega horfið rak á stór mótviðri af suðaustri í gegn oss. Eitt engelskt kræskip[1]) kom á veg fyrir oss, og var í vorri ferð í 3 vikur, þar til stórir stormar oss aðskildu, svo að hvorugir vissu til annara. Skipherrann yfir þessu skipi hjet Thomas Græ.[2]) Hvern dag var suðaustanvindur og hjeldum vjer suðaustan til við Færeyjar, hverjar vjer sáum naumast. Halda stýrimenn þær liggi í landsuður hjeðan frá landi 80 mílur. Þaðan sigldum vjer að Hjaltlandi og eru þar á milli 40 mílur eftir mínu minni; það er og eitt eyland og býr á fátækt fólk. Það hefur legið fyr meir undir Danmörk, og var í brúðarheimangjöf í pant sett þeim Engelsku, og hefur ei verið síðan til Danmerkur innleyst, og liggur því síðan undir England.[3]) Þaðan sigldum vjer þar til vjer fengum Orkneyjar að líta. Á þeim sandrifum eður grynningum þar á milli sáum vjer 700 hæringsskip[4]) og sigldum vjer hjá þremur, er köstuðu síld í skip til vor. Síðan sáum við Skotland, sem er nær því áfast við England, utan eitt lítið sund þar

---

[1]) Svo nefndust einskonar lítil verslunarskip á þeim tímum; orðið er uppr. komið úr miðaldalatínu craiera, creyera, en verður á ensku craye, crayer, dönsku krejert, sænsku krejare og lágþ. kreier, kreiger, kreger.

[2]) líkl. = Thomas Gray.

[3]) Jakob 3 Skotakonungur giftist 1469 Margrjeti einkadóttur Kristjáns 1.; gaf Kristján konungur þá Skotum eftir afgjald það, er Noregskonungar áttu að fá af Suðureyjum, enda hafði það ekki verið greitt í mörg ár. Margrjet átti að fá 60,000 gyllini í heimanmund, en þar eð konung skorti fje til að greiða hann út í einu, veðsetti hann Skotum Orkneyjar, og ári síðar Hjaltland. En fje þetta var aldrei goldið og komust eyjar þessar þannig undir Skotlandskrúnu. Tiltæki Kristjáns konungs gramdist Norðmönnum mjög. (Sjá um þessa atb. Kr. Erslev í Danmarks Riges Hist. II. 551 og 565).

[4]) o: síldveiðaskip; hæringur = e. herring, síld.

á milli [1]) Þá vorum vjer því nær og öllausir utan eitt hofsetur[2]), og átti það að vatnsblanda hefði lengur í reynt. Þá vjer hjeðan í haf hjeldum var kannað hvað mikið öl þá var til, sem voru 11 hofsetur öls; en hvert kvöld nær skipherrann var til hvílu genginn upphófu þeir sinn ölskap.

Einn maður var þar innanborðs, Rúben að nafni; hann sá eg fyrst tóbak með hönd hafa og hvert kvöld taka, og þá list að læra gjörðist minn tilsagnari. Skipherrann og alt fólkið untu mjer hugástum. Skipherramætið og eg tefldum einatt kotru saman þegar tilgaf, og glímdum; hann var glettinn og hvatorður, sem þeir fleiri, um Ísland og þess fólks skikkan, hvar af eg oft firtist við hann; ei var eg hans jafnaðarmaður til glímu, því hann var hinn mesti listamaður þar til og fleira, en í tafli hafði hann aldrei við. Samt vorum við í meinleysi tilsamans, og vildi oftlega hafa fengið mig til Jarmóð[3]) með sjer, þar sem hann átti heima, og koma mjer þar í vist, en skipherrann varaði mig við honum, og kvað hann misjafnlega bæði sjer og öðrum reynst hafa. Eg hafði káhyttu efst og aftur lengst hjá bátmeistara Vinsentzius, hver eð var minn fóstri og sjerdeilis góður. Skipherra bað hann um mig og lofaði honum launum þar fyrir.

Getum nú þess að vjer sáum England þar sem Nýkastali[4]) nefnist. Urðum vjer þá allir næsta glaðir; höfðum vjer þá verið sjö vikur í sjó, og liðið megn stormviðri. Nær vjer áttum nær 3 mílur til lands kom staðarins lífskip frá landi siglandi hið harðasta og beinsta að oss. Þetta var snemma morguns. Skipherrann bauð oss kyrrum að standa til beggja handa sjer, og með afsett höfuðklæði, og fyrirbauð oss bros að sýna eða eitt einasta orð að mæla, og til hvers þeir kölluðu kvaðst ei dirfast annars en í tje láta.

---

[1]) Landafræðiskunnáttu höf. er stundum nokkuð áfátt, einsog hjer, þó hann auðvitað hafi haft langt um meiri þekkingu á slíku, en flestir landar hans á þeim tímum, einsog vænta mátti.

[2]) Líkl. = d. oxehoved, e. hogshead, og mun orðið vera komið inn í íslensku úr ensku.

[3]) o: Yarmouth.

[4]) o: Newcastle.

Þetta skip var geysistórt og veglega útbúið með stykkjum og margskonar öðrum herbúnaði, þar með einnin gylt og göfuglega stafferað um fremri og efri hluta skipsins. Kaptuginn þeirra kom og talaði til vors skipherra svo trássugt að hverju hann spurði; tóku síðan strik frá oss og urðum glaðir við.

Þegar leið yfir miðdag komu út frá Nýkastala 3 hundruð skip, öll hafandi inni steinkol, er þangað víða úr löndum sækjast, og með ærnu fje kaupast; þau skip áttu heima í ýmsum stöðum, í Englandi sum, í Frans, Þýskalandi, Hollandi, Noregi og Danmörk. Um nónbil á sama degi hljóp á æðistormur mikill af norðvestri, því og rjett undan ljetu öll skipin suður með landi hörfa, þar til fyrir Jarmóð kom; þar forgengu tvö skip um kvöldið, á því rifi, er þar fram undan liggur. Vor seglrá brotnaði í miðju sundur. Þetta skeði laugardag í Augusto. Að morgni næstum þar eftir, sem var sunnudagsmorgun, gekk vor skipherra til kirkju. Í þann tíma voru þar í Jarmóð ei fleiri kirkjur utan sú ein; hún var geysistór með háum turni, í hverjum að voru miklar klukkur, sem frábært hljóð af sjer gáfu, og vítt umkring til heyrðist.

Eftir miðdag hjeldum vjer þaðan og suður með landi þar til vjer komum til Harits[1]), hvar skipherrann og fólkið átti heima. Þá komu út á bátum þeir, sem tóku fregn á hverju skipi, er í hafnarmynnið innsigldi. Þessir menn fögnuðu skipherranum vel og hans fylgdarmönnum. Og nær skipið var fyrir sínum atkerum fast orðið, norðvestan til á móðunni hinumegin og gegnt borginni, dró skipherrann til lands með mörgum af fólkinu og heim í borgina, en eg og skipherramætið Vilhelm Hundten skyldum á skipinu með nokkrum af fólkinu til kvölds eftir dvelja. Um miðdegi kom bátur frá norðvesturlandinu; sat í honum einn ríkur maður Sæmund Kock[2]) að nafni. Þessi tók okkur

---

[1]) o: Harwich.

[2]) Líkl. hefur hann heitið á ensku Simon Cock, en skírnarnafnið verið afbakað eftir framburðinum [Saimon] í íslenska nafnið Sæmundur. Sjá athugasemdirnar um orðamuninn aftantil í bókinni.

til síns heimilis með sjer, og gjörði okkur þar mikla veislu. Hann bjó í einu þorpi og margt fint fólk annað; þar voru þrjár kirkjur og var mjer sýnt í eina þeirra og var eg leiddur af meyjum ungum þangað, þær eð buðu mjer heim til sinna foreldra. Um kvöldið ljet hann fylgja okkur 4 menn í gegnum þann skóg er þar lá í milli þorpsins og elfunnar, og sakir morðingja og ránsmanna var oss fyrirskipað að tína grjót í vora hatta. Við eitt steinsnar urðum við varir um kvöldið, því mjög myrkt var orðið. Og er við komum að móðunni var þar strax til reiðu einn ferjumaður. Menn Sæmunds gengu heim aftur óhindraðir. Þessi Sæmund Kock var mjög kunnugur hjer í landi; eg bað hann að koma mjer þar í góða vist, en hann kvaðst ei það að sjer taka, því hann vissi misjafnt fólk og sjer vanþekt í Englandi vera.

Nú er þar aftur til máls að taka, að við um kvöldið fórum með ferjumanninum yfir móðuna til borgarinnar, langt eftir dagsetur. Þá gengum við heim í borgina og til skipherrans húss; þá var hann ei heima er við þar komum, því hann var genginn til sinna reiðara, að skýra þeim frá sinni reisu [og því hann hefði atkerið mist]. Kona hans tók fegins hendi við mjer og sagði mig guðvelkominn með frábæru blíðlæti. Þá við höfðum litla stund þar setið, þá biður hann skipherrans húsfrú að lofa mjer með sjer lítinn veg at ganga; hann lofar henni að skuli með mig koma strax aftur. Hún samþykti það nauðug. Eg gekk svo með honum. Hún ljet fylgja okkur sína þjónustumey með ljóslykt, og nær við komum að einu porti gekk hún heim aftur. Vilhjálmur sló á dyrnar með þeim stálhamri er á porthurðinni hjekk, og strax kom ein stúlka að opna portið og spurði hverjir væri. Vilhjálmur sagði til sín, og sagðist vilja við herra hússins tala, hvern hann nefndi Thómas Tvidd, sá eð var herramanna gestaherbergjari og þeirra, er ríkir og mektugir voru. Þessi Thómas var vellauðugur maður, en ei fylgja auð allar dygðir, hljóðar máltak gamalt, og máske á honum ei síst sannast hafi. Kvinnu átti hann ágæta, sú eð bar kurteislega hegðan eftir mannlegu áliti, við hverja

hann misjafnlega höndlaði. Hún hjet Bersabe; dóttir þeirra hjet Temperenz; hún var væn og dægileg en þó ljúf og lítillát. Þar inngekk þessi Vilhjálmur og eg. Gjörðist þar stór veisla um kvöldið. Ei vildi hann trúa því eg íslenskur væri, því eg í þann tíma hafði lært svo góða engelsku í þær 7 vikur, að hann hjelt mig engelskan mann vera. Þessi Vilhjálmur kom því til leiðar, að eg vistaðist um kvöldið hjá honum, þvert í móti mínum vilja. Þetta gjörði Vilhjálmur því hann fjekk mig ei með sjer til Jarmóð, og til móðs við þann fróma mann Isach Brommet, til hvers hann bar jafnan kælu undir niðri, því hann þóttist ofgóður að vera hans mæti, með því hann var einn skálkur í þeli niðri. Þar hvíldist eg um nóttina í frábæru eftirlæti og af honum til sængur fylgt. Meðtók hann svo mitt alt meðhafandi góss til geymslu, sem var 5 vættir af vorfiski, tvær kistur fullar, item tvær voðir; fjekk eg Isach aðra, fyrir þá 10 dali, er eg var honum um skyldugur, fyrir utanför með honum; item lítið lýsi, sem eftir varð af fullri tunnu, er spiltist og fyr var umgetið.

Um morguninn gengum við Vilhjálmur aftur til Isach og kunngjörðum honum og hans kvinnu hvar komið var. Varð hann mjög reiður við Vilhjálm, og lofaði hann skyldi þess af sjer gjalda á meðan hann til entist, því hann sagðist mig þar síst til vista vita vilja sakir Thómasar Tvidds harðýðgis, fláttskapar og vonsku, en hresti sig þó við hans kvinnu dygðir.

Hann hjelt 3 sveina og skyldi eg í eins þeirra stað á Mikaelsmessutíð innganga, en þangað til skyldi eg mig sjálfur kosta. Tók eg mjer ferð til Nýkastala fyrir laun, sem voru 4 dalir, og líka hans vegna, í þann máta að kynna mjer leið, þegar hann mig í sín erindi þangað senda vildi. Sigldum vjer þangað í 4 daga. Skipherrann hjet Thómas Græ[1]) og fengum vjer gott byrleiði þangað.

[1]) Höf. nefnir líka annan skipstjóra bls. 14 þannig, og getur verið að annaðhvort nafnið sje misminni; sbr. líka bls. 21 Vilhelm Gray; annars er nafnið Gray svo algengt, að það er ekkert því til fyrirstöðu að þetta sje rjett.

III. KAP.

Við sjómálið, sem skipunum er innlagt á móðuna, sú eð liggur upp í landið, stendur einn kastali; í honum brenna ljós um nætur, þeim skipum til leiðarvísirs, er þar skulu að sigla, því þar fyrir utan eru sandrif og mjótt innhlaup, svo varpa má hlut á land upp til hvorrar handar er vill af skipinu, og eru 5 mílur upp til borgarinnar Nýkastala; það er fögur borg og fallega bygð; þar eru 3 kirkjur og ein kostuleg bryggja yfir um móðuna þvera, með hvelfingsportum í gegn upp í landið, og í gegnum þau koma stórar prjámur ofan úr landinu með steinkol til skipanna, sem þangað eftir steinkolum sigla og fyr var um getið. Þar dvöldumst vjer í 3 vikur, og bauðst mjer þar vist hjá einni ríkri og kostulegri ekkju, sú eð hjet Jóhanna, en eg sagði henni hvernig háttað væri, þar öðrum fyr lofast hefði og virti hún það vel fyrir mjer. Þar voru og enn nokkrir kostulegir gentilmenn, er þar svo kallast, sem mjer innilega buðu vist hjá sjer.

Þaðan sigldum vjer að góðu veðri og heim til Harits að þremur dögum liðnum; komum vjer síðla heim fyrir borgina og fórum vjer til lands skömmu síðar. Þá var víðast fólk til sængur komið í borginni; veik því skipherrann Thómas Græ mjer heim til sín, en eg þáði það ei, því eg vildi mjer ei það til hneyxla teldist að eg mitt heimili forsómaði; gekk eg því heim til portsins og sló upp á með hamrinum nokkuð kyrlega. Þjónustustúlkan kom strax og lauk upp portinu, því hún var ei til hvíldar gengin, en var að vaska upp borðsilfur og tin í steikarahúsinu. Neytti eg nokkurs; síðan bað eg hana um lykil til þess húss er mitt góss var inni; hún fylgdi mjer svo þangað með ljós, og strax fann eg mínar kistur brjálaður og mestöllu úr þeim rænt, hvar upp á ei mun hafa stórt brostið að verið mun hafa 30 dala gildi. Varð mjer þá ei gott í geði, sem hver má næst geta, sá eð hugleiðir eins framandi þesskonar ólagleg

efni eða óheillasama tilviljan. Þessa sömu nótt svaf eg harla lítið en gekk þó upp í loftsalinn; þar stóð mín sæng með grænum sparlökum umkring.

Um morguninn árla klæddist eg og fann hans ágætu kvinnu, Bersabe, og var ættuð af þeim stað Ipsits[1]) borgarherra dóttir. Temperenz þeirra dóttir var og ástúðleg og líktist sinni móður. Eg segi þeim með hryggu hjarta hvað mig skeð hefur, hvar yfir þær sig stórum aumkuðu með gráti og ráðlögðu mjer að kunngjöra meistaranum, Thómas Tvidd, og vita hvað hann til segði eða til svaraði. Þennan morgun voru komnir til hans að taka brekfost[2]), það er frúkost, eftir venjunni tveir herramenn, er þeir kalla nobilismenn, hverjir ásamt honum sátu upp á loftsalnum. Þangað gekk eg og upphóf að kæra fyrir honum mínar tilfallnar raunir, hverjum hann illa gegndi og fyltist ofsa og mikilli bræði, greip skerdisk og af hendi til mín fleygði, skipaði sínum sveini mig að slá, í hverju hann og sýndi sig. Urðu um gólfið með okkur sviftingar, þar til hann fjell. Síðan gripu herramenn Thómas, er hann vildi losa, og varð á salnum slark mikið. Þeir álösuðu honum stórlega, er hann svo við einn framandi [breytti og] sjer hagaði, gaf hann mjer það helst að sök, að eg heimti mitt góss að honum, sem hann til ábyrgðar og fullrar varðveislu af minni hendi meðtók, þegar eg til vista rjeðst hjá honum. Og með því eg fjekk ei betra andsvar en sem greint er, afsagði eg honum, undir þeirra heyrn, framar mitt loforð við hann að halda, með því hann hefði sín fyrri brugðið. Þessu urðu þeir báðir samþykkir. Þessir voru báðir herramenn af Ipsits og bauð sá eldri mjer þjenustu hjá sjer í sjö ár, og þriðjung sinna eigna ef eg sjer þóknast kynni, því hann átti enga nákomna erfingja; en með því svo hafði skeð, sem nefnt var fyr og eg hafði viðbjóð þar í landi langa dvöl að hafa, neitaði eg þessu boði, hvað honum mikið þótti, því hann ljet svo í orði sem eg hefði gott álit. Hann keypti

---

[1]) o: Ipswich.
[2]) o: breakfast.

af mjer 5 hundruð fiska fyrir 25 dali engelska og það lýsi er eg eftir hjelt.

Thómas Tvidd átti einn fróman bróður, sá eð hjet Michael Tvidd; hann var aðmíráll fyrir vinskipaflotanum að Spanía. Hann bjó þar í borginni Harits, og var ei þann tíma heima, er þessi aðburður skeði. Hans bróðurs kvinna Bersabe bauð mjer þrásamlega vist hjá sjer eður hjá sínum mági Michael Tvidd; gekk eg tæpt að því, því eg óttaðist fyrir Thómasar svikum, með því hann hafði ilt geð til mín. Nær Michael heim kom, ljet hann kalla mig fyrir sig eftir ráði Bersabe; rjeðst eg svo hjá honum til vista, og ljet eg flytja minn fátækdóm þangað. En tveim dögum síðar spurðist til Harits að tvö skip kóngsins í Danmörk Christiáns fjórða[1]) væri komin til Lundún til kóng Jacobs með skenkingar. Og nær eg það spurði, fjell mjer senn til geðs að biðja Michael Tvidd um orðlof, hvað og skeði, fyrir meðalgöngu og milda tilhlutan Bersabe.

Tveimur dögum síðar gekk hún með mjer ásamt sinni dóttur til strandar að spyrjast fyrir um far til Lundún; fjekk hún að fregna, að einn skipherra að nafni Vilhelm Græ[2]) vildi innan þriggja nátta til Lundún; senn útvegaði hún mjer far hjá honum og það sjálf borgaði; skenktu þær mæðgur mjer mörgu gagnlegu, nærri 15 dala gildi; skildist eg svo við þær með elsku og góðum kærleika. Hún átti einn bróður til Lundún, sá er var einn kokk stórhöfðingja; honum sendi hún brjef með mjer að hafa mig hjá sjer í herbergi, þar til eg kæmist til Danskra, er þar voru komnir og fyr er nefnt.

Síðan sigldum vjer þaðan og fengum gott byrleiði suður að Lundún, og minnist eg ei betur en þar sje í milli 40

[1]) Kristján 4. sendi þessi árin við og við menn til Jakobs 1. Englandskonungs mágs síns með gjafir til hans og heldri manna á Englandi, til að tryggja vinfengið við Englendinga, sem ekki var trútt um að stæði á völtum fótum meðal annars vegna þess að Kristján konungur hafði neitað Englendingum um rjett til hvalveiða í Norðurhöfum er Jakob konungur hafði farið fram á. Sbr. athugas. við dönsku þýð. (hjer á eftir nefnd RC.) bls. 17 og rit þau er þar er vísað í.

[2]) líkl. o: William Gray.

milur eða 50. Fyrst komum vjer að þeim stað er Grafsund nefnist, sá eð liggur við þann ós eður innhlaup, sem upp til Lundún liggur. Þar fyrir utan, nær vjer slöguðum inn fyrir borgina, misti eg góðan hatt af höfði mjer, er segl út sló.

Við bryggju borgarinnar lágu 50 ferjubátar, og aðrir jafnmargir við Lundúnarbryggju. Þar leigði eg mjer bát, og annar maður, sá er hjet Daniel af hollenskri ætt, upp til Lundún, og komum þar síðla dags. Sá ferjumaður er okkur ferjaði, sagði mjer öll örnefni tveim megin móðunnar, og er það fagurt pláss á báðar síður; þar liggja bygðir og þorp, og ein borg, er kallast Kvinsborg[1]). Þar má margan sjá úti hvern við sitt handverk og erfiði, suma við sín akurverk, suma við trjesmíðis handverk, suma við hverfisteinasmíði og aðra steina að úthöggva, ferjur að byggja, skútur og skip og önnur nauðsynleg þarfindi. Skipum mættum vjer fáum, þau eð bljesu í sín trómet. Nær vjer komum á miðja leið, litum vjer þann mikla turn, S. Páls turn, dómkirkjunnar til Lundúnar, sá eð er tilsýndar sem ein fjallsgnýpa, og aðra turna, bæði þeirra tveggja slota, sem að eru til Lundún, og kirknanna, sem að eru innan borgar og utan 3 hundruð að tölu. Vegarlengd til borgarinnar eru 15 mílur engelskar. Ferjumanna bátar eru fallega málaðir, smíðaðir og vel tilsettir; í þeim eftri helmingi þeirra eru tvær bjúgar sperrur og tjald yfir slegið, nær sem döggvar, svo fartugar vökna ei; þar undir kunna þeir að hafa gott bílífi öls og matar. Fyrir borginni liggja mörg skip, stór og smá, á móðunni, og prjámur við bryggjurnar, á hverjum flutt verður korn og malt, og önnur margslags vara frá og til. Í þessum kornprjámum hafa dúfurnar sinn náttstað og gestaherbergi. Á móðunni synda fáeinar álftir, er nefnast kóngsfuglar, og liggur hvers manns bani við, er þær deyðir, með skotum eður öðrum hætti.

Nú tek eg þar til máls aftur er vjer komum seint upp


---

[1]) Líklega er átt hjer við Queenborough, en hún er ekki á leiðinni frá Gravesend, heldur liggur utar, sunnanvert við Tempsárós.

til borgarinnar; þar mátti heyra trómet, bumbur, pípur og hljóðfæri allskonar upp á spilað, og aðrar þesskonar raddir, hana, manna, fjenaðar, klukknanna, á hverjar spilaðir voru psálmar á fjögur hljóð á kvöldin eftir vaktklukkurnar. Ferjumaðurinn fylgdi mjer til kokksins, til hvers eg hafði brjefið úr borginni Harits; Daníel fylgdi með, og bað mig að árna sjer herbergis ásamt mjer hjá þessum hjónum. Vjer fundum fyrst húsfrú steikarans, og fylgdi hún mjer strax til hans, hver eð svaf á einum stól sitjandi, en svo var um búið að steikarahjólin sjálf vendu umkring steikunum. Hún vekur hann af svefni, en ei gegndi hann mjer að nokkru, fyr en hann fjekk sinnar systur Bersabe brjef lesið; strax tók hann mjer í hönd, og bauð mjer sess hjá sjer, herbergi og kost á meðan eg þar dvöl hefði.

Þessi maður var mjög aldraður, en hans húsfreyja ung. Börn áttu þau engin sín á milli utan eina stúlku, sú eð var 7 ára að aldri og í besta máta vanin, tamin og tilsett. Þetta var hennar daglegt háttalag: nær hún hafði af sinni hvílu útgengið lauk hún upp stofuhurðinni og fjell á sín knje á þröskuldinum og bauð sínum foreldrum góðan dag og öllum þar inni, óskandi því húsi og þeim Guðs verndunar og varðveislu; síðan setti hún sig til fyrir speglinum; þar eftir setti hún sig undir borð og las sín fræði, fægði húsið og settist undir sauma. Þessi hjón ljetu mig vel og veittu mjer hverjum degi öðrum betur. Daníel var þar til herbergis svo sem fyrir minn bænastað nærri mánuð; þótti honum það, að mjer var framar honum virðinga leitað. Hann biður húsfreyju einn sunnudagsmorgun að útvega fyrir sinn bænastað, að eg ljeði sjer nokkur klæði til kirkju, því hann ljest til sakramentis vilja ganga. Eg trúði þessu og hans mörgum gyllyrðum, og ljeði eg honum heilan klæðnað til handa og fóta og bók í hönd, og að honum í burt gengnum leit eg hann aldrei meir, hvað alt var víst 20 dala gildi. Þetta þótti þeim frómu hjónum mikils vert. Þrír menn ríkir er bjuggu til Lundún lofuðu að láta finna hann og upphengja; þessir grömdust yfir minni tilviljan.


Dvaldist eg í 9 vikur í greindu herbergi fyrir ekkert



Mynd af Lund[ab]

verðkaup. Einn dag, sem mjer gafst hentugur tími, fann eg þrjá menn í einu húsi; þeir voru frómir af fylgjurum danskra manna. Einn þeirra hjet Jóhann Marteinsson: hann kunni nokkuð í íslensku, því hann kvaðst hjer í landi í 3 ár legið hafa með reiðara góss; hann tók mig strax vel og kvað skyldi mjer hið besta tilleggja hjá eðalmönnum, sem var kóngsins gesant í Danmörk, hvað hann fullvel enti. Skildist eg svo með elsku og kærleika við þau hjón, og óskuðu mjer velferðar og lukku af Guði, bæði fyr og síð. Margir ríkir menn í Lundún buðu mjer þjónustu hjá sjer, en eg fjekk þar aldrei vild til, því mig langaði svo mjög til Danmerkur og hingað.

Fyr en eg tala öldungis um mína burtför þaðan vildi eg lítið áminst hafa um Lundún og Lundúnarbrú, með styttsta hætti og fleira annað. Lundún er prísett og eru stór kauptorg þar í milli og leikvellir, á hverjum framdir verða allskonar leikir. Þar inni og fyrir utan portin eru 3 hundruð kirkjur tólfræð, smáar og stórar, þar ibland eru 70 höfuðkirkjur. Í Lundún eru tvö slot. S. Pálskirkja er sú stærsta og dómkirkjan. Þeim megin, sem fram að móðunni vendir, er borgin á þann veg bygð, sem er, að um flóð gengur vatnið upp undir borgina, svo hátt, að ei þarf að stíga ofan að vatninu meir en 3 tröppur þeir eð sækja



abrú frá rúml. 1600.

vatn til neyslu úr þeim húsum, er á þeim vatnsbarmi standa. En sem hæst útfall er orðið þá má inn undir borgina langt á leirnum ganga, og þar undir borginni stendur mikill fjöldi stólpa, staura og styttna, sem uppi heldur þeim hluta borgarinnar.

Lundúnarbrú er þann veg bygð, að af sterkum grundvelli frá neðarsta er af úthögnum stórum björgum og nær yfir alla breidd móðunnar; þykt hennar eður breidd veit eg ekki, því mikill hluti borgarinnar stendur þar upp á[1]); þar upp á standa 3 þær stærstu höfuðkirkjur, og fleiri að eg meina smærri. Í þann tíma var mjer sagt að í þeim hluta borgarinnar, er á brúnni stendur, væri 700 gullsmiðir. Í hverju steikarahússgólfi, er á brúnni stendur, eru hlemmar ferkantaðir, yfir þeim götum, sem neysluvatn er úr móðunni uppdregið daglega, og þá fiskur er í móðunni verður hann með dorg þar uppdreginn, og strax svo lifandi til matgjörðar tekinn. Undir brúnni eru 9 eða 10 hvelfingar eður dyr, sem undir brúnni upp í gegn liggja, hvar í gegnum móðan hefur sína rás; mikill straumur er við þessa bryggjustólpa eður hvelfingsdyr. Furðulega stór akkeri eru þar í fyrstu

[1]) Þetta er auðvitað orðum aukið, en eins og sjá má á myndinni stóðu mörg hús á brúnni.

innmúruð, hverra hringar af múrnum úthanga, í hverja með bátshökum krækt verður af þeim þar í gegn fara á skútum, prjámum, skipum og bátum, með allra handa góss til og frá. Þetta sje um brúna talað með styttsta hætti.

Eitt lítið þorp lá í þá tíma suðaustan til við móðuna, þvert yfir frá og gegnt borginni; um háfjöru á móðunni standa þau stærstu skip á grunni, og liggja á leirnum án skaða.

Borgin var mjer sögð 9 mílur umkring engelskar, sem er meir en hálf þingmannaleið. Þar eru löng stræti, sem liggja upp í borgina, og veglegar húsaraðir á hvora síðu, og sje langt gengið upp í borgina, þá hljóta menn leiðsögu að fá, að rata aftur til strandar, hvar fyrir kompásar fyrir dyrum standa víða úti, og eru konur svo vel sem karlmenn þar til hentugar þá leiðsögu að gjöra, sem hver beiðist og við þarf.

IV. KAP.

Innihaldandi hvað í þann tíma viðbar, er eg var til Lundún og þeir dönsku þar dvöldust. Hvernig 5 af ráðinu hugðu að svíkja kóng Jacob þann 6. í Englandi.

Eitt kvöld sem kóng Jacob kom neðan frá Grafsundi nærri dagsetri í Octobermánuði á bátum þeim, er kallast kóngsbátar, og eru að tölu 18 og voru það alt tíuæringar og tólfæringar, og með honum vel 200 manns, höfðu þeir þær vjelar gjört með púðri þar á bryggjunni, er kóngur skyldi að leggja, og hann plagaði á land að stíga, en kona ein, sú eð epli plagaði að selja við ströndina, gjörði kóngi bending, svo hann frá þeim svikum með Guðs hjálp frelsaðist. Þrír af þeim náðust en tveir ekki, svo lengi sem vjer dvöl þar höfðum. Þá ljet kóngur setja eitt stórt þing fyrir neðan Lundúnarslot á víðum og sljettum völlum; var þar fráþærlega margt fólk saman komið. Og að þeirra svikræði prófuðu

og með dómsatkvæði ályktuðu urðu þeir hjólbrotnir, liður frá lið, og svo lengi sem þetta var ei yfirstaðið urðum vjer þar að dvelja, svo ályktan þess máls með öllum aðburði yrði Danmerkur kóngi uppritað sent.[1])

Nú er þar til máls að taka hvað á þessu sama sumri viðbar Anno 1615, að kóngins skip 2 í Danmörk að nafni Victor og Júpíter í [Jú]nímánuði náðu einum nafnkunnugum sjóræningja austur undir Rússía í Hvíta hafinu, þar eð kallast Archangel; sá nefndist kaptuginn Manda[us][2]); hann hafði legið 15 ár í hernaði og ásetti sjer í það sinn er þetta skeði, að liggja fyrir einu hollensku skipi, er komst í gegnum Veigat og frá Austindíen hafði síglt, en honum tókst það ei, því hann tapaðist fyr. Þessi sami var stallbróðir þess ræningja, er á þessu sama ári varð unninn á Vatneyri og heitstrengt hafði Ísland að eyða[3]). Þessara stallbræðra varð fimm daga munur að deyja. Kaptuginn Mandaus varð hengdur fyrir utan Austurport í Kaupinhafn í einni vippu, og hans undirkapteinn og skipherra. Þessi Mandaus átti 5 bræður á Englandi, og voru allir handverksmenn.

---

[1]) Merkilegt er það að í brjefi Jakobs 1, sem hann einmitt sendir Kristjáni 4. með Adam Bülow og er dags. $^{26}/_{10}$ 1615, er ekkert minst á þetta. Jeg hef hvergi getað fundið neitt um þetta banatilræði, og býst við að hjer sje mjög blandað málum. — Haustið 1615 stóð einmitt yfir hið nafnkunna mál móti Somerset lávarði (sem áður hafði verið einn af helstu vildarmönnum konungs og með voldugustu mönnum á Englandi) og frú hans, sem voru dæmd til dauða fyrir að hafa látið byrla Sir John Overbury eitur. — Frásagnir um það mál hafa svo líkl. runnið saman hjá JÓl. við frásagnir um tilraun þá, er Guy Fawkes gerði árið 1605 til að sprengja í loft upp með púðri Jakob konung og alt þingið. — Sjá um þessa atburði Gardiner, Hist. of Engl. 1603—1616. London 1863 Vol. 1, 216—257 og Vol. 2, 206—250. Verið getur líka að JÓl. hafi eitthvað heyrt um það að Jakob konungur 1614 ljet fangelsa 4 þingmenn (sama rit II. 164).

[2]) Kapt. Mandaus hjet rjettu nafni Juan Mendoza; um hann sjá 1. kafla, 17. kap.

[3]) Frá þessu segir Espólín þannig: »Þá (o: 1615) komu um sumarit sjóvíkingar á Patriksfiörd, oc ætludu at ræna Vestfiördu, þeir höfðu tekit nockra Enska menn með sér nauduga, enn er þeir komu á land, oc sióvíkíngar ætludu at ræna Dani á Vatneyri, rédust hinir ensku menn á þá, oc urpu þeim í sjóinn oc drápu marga, enn tóku tvo fyrirliða oc fóru á brott sídann.« (Árb. 5 d. bls. 135—36).

Víkjum nú þar til máls aftur, að þar sem eg var fyrir einum degi kominn til Danskra á það skip er S. Pjetur nefndist, en skipherrann Christian Ross, að eftir miðdegi á fimtudag kom fram til vors skips einn af þeim 5 Mandaus bræðrum, sá eð var atkerasmiður og einn ríkur mann, Rúben að nafni; hann spyr Christian Ross að, hvort hann vissi ekki af sínum bróður Mandaus að segja, sem kóngsins skip í Danmörk hefði tekið undir Rússíaríki. Christian kvaðst það geta, og sagði hann hengi fyrir utan Kaupinhafnar Austurport þar í vippunni. Þessum Rúben brá illa við þá fregn og tók mjög litaskifti, kvaddi og gekk svo fyrir borð. Að þremur dögum liðnum kom boðskapur út af slotinu frá kóng Jacob, til vors yfirmanns, sá eð hjet Adam Billau[1]) og var einn með þeim æðstu eðalmönnum í Danmörk, að þessir hans 5 bræður Mandaus vildu nú hefnast á oss og útsenda 3 herskip oss til deyðingar, og var mikið gjört af þeirra umsveiflum í borginni. Kóngur sendi út af slotinu til vor 80 músskyttur, sem vjer köllum luntabyssur, og önnur nauðsynleg vopn móti þessum vorum óvinum.

Og nær sem Adam Billau hafði sitt orðlof fengið þaðan í burt að reisa, hjeldum vjer þaðan úr höfnum um nóttina með lempe ofan til Grafsund.

Skamt fyrir neðan borgina Lundún í luktri höfn fyrir innan grindur lágu kóngs Jacobs herskip stór og sterkleg tilsýndar. Og sem vjer komum til Grafsund höfðum vjer þar litla dvöl; gegnt þeirri borg lágu 2 megtug kóngsins herskip.

Nú er frá því að segja, þar sem eg í fyrstu rjeðst til fars með þeim dönsku, og í þjónustu hjá nefndum eðla manni Adam Billau, að eg var með tveimur öðrum ágætum mönnum settur inn uppá ærlega undirholdning á það skip S. Pjetur. Einn þeirra hjet Magnús af norskri ætt, sá eð var kóngsins í Danmörk stallmeistari, góður maður og

---

[1]) Adam Bülow; († 1619) hann var þá stallmeistari konungs; sbr. ath. RC. við þennan stað.

frómur, annar hjet Jacob Pjetursson, sem til Lundún í 7 ár dvalist hafði, að læra snúruvefnað af gulli, silfri og öðru margskonar, er þeir kalla pússmenterí. Þessir tveir menn voru mjer góðir og hagkvæmir, svo sem og alt það skipfólk.

V. KAP.

Og svo sem fyr var sagt að lítilli dvöl entri hjeldum vjer burt frá Grafsund og í haf að Jótlandsskaga. Þar hljóp á megnveðri mikið af austri, utan vjer fyrir Guðs náð gátum náð þar Noregi er Flekkefjörður heitir með því skipi eg á var, en hitt skipið, sem eðalmaðurinn á var, og Jónas nefndist, náði höfnum sunnar í Noregi, og komst hálfum mánuði fyrri heim til Danmerkur en vjer.

Adam Billau reisti strax á kongs fund, er í þann tíma var vestur í Jótlandi með sinni hirð allt til vors. Ei sá eg þennan Adam Billau í 3 ár, en Magnús, er eg fyr um gat, tók mig að sjer, og vildi að eg þjónaði í kóngsins stalli og yrði hans beriðeri og stall-knekt, hvar til eg mig velviljuglega gaf.

Kóngsins stallur stóð í þann tíma við Hábrú í Kaupinhafn, slotsmegin við portið. Þar í því húsi er við portið stendur bjó einn frómur maður aldraður, Christian að nafni. Hans kvinna hjet Elín; hún var yngri en maður hennar. Þar í því húsi hjá þessum guðhræddu hjónum hafði Magnús sitt herbergi, og af meðgæddri manndygð tók mig þangað til herbergis og lagði mig í sæng hjá sjer, veitandi mjer ærlega tæring við þeirra borð, samjafnt sjálfum sjer. Þjónustu hafða eg enga aðra en þá, að eg gekk með honum tvisvar hvern dag í stallinn hestunum að kemba og þá vandlega að vakta og verka og tvisvar daglega að útleiða til vatns og hressingar og upp á trumbu að slá fyrir þeim.[1]) 2 þjenara hafði hann aðra, sem stallinn fægðu

[1]) til að venja þá við hávaða.

daglega. Þessi mín stallþjónusta varaði ekki lengi, sem var nærri 6 vikna tími; því svo bar við að kóngl. Majest. sendiboði kom til Magnúsar og bar honum þá fregn, að hann sem snarast skyldi koma á fund kóngs, en fyrir það Magnús dró til ferða, bað hann um mig í herberginu hjónin bæði að þau ljeti mjer í tje allt það mig um nauðsynjaði.

Síðan afreisti Magnús frá Kaupinhafn og vestur til Jótlands; kóngur í þann tíma hjelt sitt hof í Jótlandi með 80 hoffólks. Svo bar við á einu kvöldi, sem Magnús gekk af slotinu heim til síns lossamentis og svefnstaðar, að hann, því ókendur var í borginni, gekk til örjettra dyra, hvar einn kóngsins dravant var fyrir í herbergi, og eftir því hann á dyrnar þráklappaði, gramdist sá dravant honum og hljóp til dyra með sinn atgeir og veitti honum bana, hvar fyrir hann hlaut hálsinn að missa.

Nær sem þetta spurðist til Kaupinhafnar og til míns herbergis, fyltist eg harms og trega, og margir hörmuðu Magnús, því hann kom sjer vel. Var eg þá í neyð staddur og munaðarlaus. Þá talaði Elín til við mig einn dag og spyr mig að, hvort eg hafi nokkuð gjald til betalings fyrir kost og herbergi, en ei var gjald þá meir til. Kvinnan af dygð sinni gekk út einn dag, að leita við að koma mjer til einhvers handverks. En með því að komið var fram að jólum svo nær að hver hafði fullráðið fjekk hún ei því orkað.

Einn dag gekk eg ofan á bryggjur mjer til skemtunar, þær stóð einn ungur maður á meðal annars fólks, sá eð Ambrósius var að nafni. Hann spurði mig að ætt og nafni og hvers lands maður eg væri, hvað eg honum alt hið glöggvasta tjeði. Þessi maður þekti mig og minn bróður Halldór og tók mig heim í sitt herbergi með sjer, þar rjeð fyrir mágur hans og systir, mætir menn og frægir í borginni. Hann hjet Hans Jacobsson, hann var kjallaramaður hinn ypparsti á Bremerhólmi. Hann bauð mjer þangað og láta mig þar innskrifa fyrir viss verðlaun, en eg hafnaði því með öllu, því eg hugði mig sneiða hjá kóngsins þjenustu, þó ei svo yrði. Síðan gekk hann uppá slotið og fann

kóngsins silfur-popp, sem vaktan hefur daglega á kóngsins öllu borðsilfri, og vildi hafa komið mjer í sveinsstjett hjá honum. Þessi lofaði að morgni komandi þar upp á honum andsvar að gefa. Enn á meðan hann var uppá slotinu varð eg áeggjaður af þeim manni, er Rasmus hjet og var einn könnusteypari, að gefa mig undir kóngsins regimente fyrir einn byssuskytter,[1]) og hrósaði því mjög og týhússins yfirvöldum einkum meistara Hannesi,[2]) sá eð var í þann tíma týmeistari og kóngsins byssuskyttur yfir settur ásamt týjunkurnum sem Adolphus Fridericus Grabov hjet,[3]) og þá var nýlega kominn frá landi Holsten og stóð þar nálægt, er við Rasmus vorum um greint efni að samræða. Varð það svo fyrir hans stóra eftirleitni að eg lofaði mig þar til að gefa undir heyrn og handsöl junkursins Grabov. Befalaði hann greindum Rasmus, sem var einn kóngsins byssuskytter, að fylgja mjer heim í borgina til eins manns, er Jón Halldórsson var að nafni, og var íslenskur og ættaður úr Eyjafirði, líka ogsvo einn byssuskytter, og lofaði honum borgun fyrir þann kost, er hann mjer veitti, til þess eg yrði undir regimenti kóngl. Majst. innskrifaður, hjá

[1]) 'Byssuskyttur' voru á þeim tímum kallaðir hermenn í fallbyssuliðinu: þeir fengu í mála minst 9 dali á hverju missiri. Einkennisbúningur þeirra var rauður og gulur. Þeir voru notaðir á flotanum, týhúsinu og í Krónborgarkastala; þeir stóðu undir forstöðumanni týhússins, sem var nefndur »Tøjjunker« eða »Øverste Arkelimester«; undir honum voru svo aðrir arkelímeistarar. Þeir höfðu aðstoðarsveina til að vinna fyrir sig það sem verst var við fallbyssurnar, en þeir áttu sjálfir að skjóta af þeim. — Oft höfðu þeir einhverja vinnu aukreitis á friðartímum auk herþjónustu sinnar, og tilfærir Jón Ólafsson ýms dæmi þess. — En fyrst árið 1645 komst gott lag á skipun fallbyssuliðs í Danmörku. — Sbr. ath. RC. við þenna stað og rit þau sem þar eru tilfærð.

[2]) Hann hjet fullu nafni: Hans Kort og var arkelímeistari 1602—1617. RC.

[3]) Adolph Friðrik Grabow af Watike, af þýskri aðalsætt var æðsti-arkelímeistari 1618—1624. Hann varð 1619 varaformaður í indverska verslunarfjelaginu og 1624 »berghauptmand« í Noregi, en var settur af fyrir illan embættisrekstur, og vita menn ekki með vissu hvað af honum hefur orðið síðar. Sbr. ath. RC. við þennan stað og I. bls. 216. og rit þau er tilfærð eru á fyrri staðnum.



Byssuskyttur frá dögum Friðriks 2. — Annar hermaðurinn heldur á luntastöng með brennandi lunta. (Joach. Arentsehe).

hverjum eg dvaldist upp frá því í þrjú ár til herbergis, og átti eg hann fyrir einn góðan og trúfastan vin og stallbróður bæði leynt og ljóst alt til hans æfiloka, hvað reiknast mátti ein góð vingjöf af Drottins hendi, einkum í framandi stöðum.

Þrem vikum síðar en fyr var umgetið, varð eg innskrifaður með öðrum 25 undir regimentið, og í regimentis manntalið brustu, sem iðuglega skyldu vera eftir rjettum passa og tilskikkun kónglegrar tignar hálft fjórða hundrað, og þá í fyrsta sinni sór eg kóngl. Majest. hollustu og trúnaðareið, ásamt öllum þeim regimentislýð þar saman komnum. Ei var kóngur þar í þann tíma. En svo er tilháttað, að eitt borð er sett innan vjebanda í týhúsinu, á það er látið salt og brauð, þegar eiðar eru unnir, en þess þýðing er Christur og hans orð, og kallast að sverja upp á salt og brauð.

Sex vikum síðar var eg tekinn og tilsettur við týhúsið vakt að halda, en til þess tíma hafði eg frípass, spilrúm og liðugan gang í borginni, framar öðrum, er komu samtíðis mjer undir regimentið, því sá frómi gamli mann, Meistari Hannes, týmeistari, var mjer svo frábærlega góður og eftirlátur, sem eg hefði verið hans eiginlegur sonur, og af því vóx elska og ástsemd fólksins til mín og varð eg því ei síðstur haldinn af öllum mínum jafnöldrum og samnótum, hvar út í Guðs náð og ósegjanleg þolinmæði sig bevisaði, mjer aumum og framandi til eflingar og hjartans hugsvölunar.

Mínir landsmenn reyndust mjer flestallir góðir og gagnlegir, tryggvir og tállausir, hverjir hjeðan af landi voru þangað komnir. Fyrst í þann tíma, eg þangað kom, var norðan frá Hólum kominn Þorlákur Þorkelsson,[1]) sem prestur varð síðar og ordíneraður til þeirrar sóknar 3 mílur frá Kaupinhafn er Orupp hjet, þó honum það ei auðnaðist, því hann andaðist í Kaupinhafn og var minn elskulegur

[1]) Hann var sonur Þorkels Gamlasonar, ráðsmanns á Hólum, og varð $^{20}/_{7}$ 1621 prestur í Hvidovre, en dó í Janúarmánuði 1622. Hann er talinn að hafa orðið fyrstur Íslendinga prestur í Danmörku síðan siðabótin komst á. Sjá RC. og rit þau er þar eru nefnd.

og góður vinur. Item og þaðan var kominn Jón Gissurs-son[1]) frómur maður þangað, sem síðar varð skólameistari í Skálholti og á Hólum, og síðan prestur og staðarhaldari fyrir norðan á Múlastað. Item Finnur Böðvarsson[2]) úr Borgarfirði úr Sunnlendingafjórðungi, minn frómur og elskulegur vinur, hver eð í Kaupinhafn hjeðan í burtu sofnaði til Drottins náða. Item Guðmundur Jónsson frá Hítardal,[3]) einn frómur og góður maður, hver eð ásamt hinum áðurnefndum auðsýndi mjer stóra æru, elsku og velgjörðir. Þessi andaðist og í Kaupinhafn, og fengu þessir allir 3 stúdentar heiðarlega greftran. Item Páll Sveinsson[4]) fann eg þar, þessum samtíða, sá eð var einn bartskeri og góður medicus, einn frómur mann, og minn jafnan góður vin, ættaður og kominn frá Holti í Önundarfirði, og andaðist einnin í Kaupinhafn og varð ærlega greftraður í Helligе-Geistis kirkju jurtagarði, er svo kallast, hvern eg með öðrum 6 vænum ungum mönnum, þar til keyptum, jós moldu.

---

[1]) Um hann sjá Janus Jónsson, Sögu latínuskóla á Íslandi (Tímarit Bókmfj. XIV. 1893, bls. 53). Síra Jón fjekk Múla í Aðalreykjadal árið 1633 og var þar prestur til 1660; þá slepti hann brauðinu og dó 1662. Hann var prófastur í Þingeyjarprófastsdæmi 1636—1660. (Sv. Níelsson Prt, XVI, 9 og 18.)

[2]) Um hann sjá Árbækur Espólíns V. 141, VI, 33. — Hann var sonur Síra Böðvars Jónssonar í Reykholti (1518—1626), er Finsensætt er komin af í beinan karllegg (Dr. J. Þorkelsson í Obituaria Island. bls. 221).

[3]) Hann var sonur Síra Jóns prófasts Guðmundssonar í Hítardal og Guðríðar Gísladóttur lögmanns Þórðarsonar. Sjá Espólíns Árb. VI. 6.

[4]) Páll Sveinsson var sonur Síra Sveins prófasts Símonarsonar í Holti í Önundarfirði († 1644) með fyrri konu hans, Þórunni, laundóttur Björns Hannessonar, og var því hálfbróðir Brynjólfs biskups Sveinssonar. — Hann hafði tvo um þrítugt er hann andaðist. (Dr. J. Þork. í Obit. Isl. 215).

VI. KAP.

Innihaldandi um það hið sjerlegasta hvað viðbar fyrst eg kom í Kaupinhafn, og það fleira sem áminst verður.

Skömmum tíma þar eftir er eg var innskrifaður í kóngsins bók og að unnum eiði, bar svo við einn snemma morgun að eg gekk yfir þá járnrist, sem gengin er inn á kirkjugarðinn dómkirkjunnar, sem kallast Vor Frue kirkja (það er Maríu kirkja), að leita eftir Þorláki Þorkelssyni studioso, þá gekk karlmaður og kvensvift undan mjer að þeim brunni, er þar stóð, vatn að sækja. Og er þau litu í brunninn, gáfu þau mikið hljóð af sjer, og sögðu þar flyti eitt dautt meybarn í brunninum. Þangað gekk eg skyndilega og leit hvað skeð var. Slíkt frábært tilfelli barst skyndilega um borgina og rannsökun gjörð með ýmsum hætti, og úr þeirri sókn straks að morgni 500 þjónustumeyjar upp á ráðhúsið hafðar, og þar til reynt hvort mjólk væri í þeirra brjóstum, hvað ei fanst vera hjá nokkurri þeirra. Og af slíku tilfelli gekk kveinan og grátur í borginni, og í kirkjunni bæn gjörð til Guðs, að auglýsast mætti, hvað þó ei skeði augljóslega, utan hvað tilgátur voru, að komið væri af húsi einnar hálærðrar persónu M. Hr. m. Var þá við lokið skömmum tíma þar eftir þar meir um að tala, til þess að 3 ár voru liðin, bar svo við að tvö börn vansköpuð fæddust í borginni í því stræti, sem kallast Vagnmannsstræti, en í þeirra líkprjedikun var af prestinum Hr. Menelao[1]) áminst um margskonar ósiði, sem honum virtist tíðkast og í vöxt fara í borginni, og á meðal annars varð honum áminst um þetta barn, og talaði harðlega til þeim andlega selskap um vandlætingarleysi, bæði um fyrirboðna hoffrakt og yngismeyjanna ljótlega klæðadrakt, því þessi áður nefndu

[1]) Menelaus Poulsen Næstved, 1585—1626, varð 1610 æðsti kapellán við St. Nikulásarkirkjuna, og hallarprestur 1617 RC.

2 meybörn báru þvílíka vansköpun, eftir meyjanna hárfljettum, topp-húfum, axlasaumshæðum, pilsrykkingapípum og afsettum skóm með öðru þvílíku dreisslegu teikni, hverjar afskaplegar fæðingar að tíðar skeðu bæði þar og víðar annarsstaðar, hvar til Guð verður þrátt neyddur með ýmislegri óhófs athöfn og Guðs gáfna vanbrúkun.

En með því H. Menelaus, sem var kapellan til St. Nikulás kirkju, var næsta harðmæltur til prestanna um þeirra alvöruleysi að aftaka fyrst af sjer og sínu húsi alla vansemd, og fyrirboðið klæðasnið sinna þjónustukvenna ljetu viðgangast, og þessa íbland mintist þessa áðurnefnda dauða barns, sem í brunninum fanst með kvenna bandi um hálsinn, segjandi ei skyldi það komið af húsi þeirra hálærðu og etc. — Sóknar-herrann M. Andrjes[1]) bar það helst úr hans prjedikun fyrir erkibiskupinn Hans Resen,[2]) hvarfyrir hann komst í hans og allra hálærðra reiði og ógunst, afsögðu hann frá embætti og þeirri kirkju. Einatt gekk hann einmana um Nikulásar kirkjugarð. Síðan gjörði hann þar sína síðustu prjedikun, undir hverri eg óverðugur var ásamt öðru frómu fólki, hvert hann með miklum gráti kvaddi, og yfir því auðmjúka blessan gjörði, söfnuðurinn honum það aftur auðsýnandi, því allir untu honum hugástum.

Síðan gekk erkibiskupinn ásamt þeim hálærðu fyrir kóng, framtöldu hans sakir, er þeir gáfu honum, og óskuðu kóngs úrskurðar, að hann annaðhvort útrækist eður aftækist. Enn með því að þeir fyrir fáum árum höfðu einn merkilegan mann útrekið, að nafni M. Olaf Kock,[3]) hvað kóginn stórum angraði, fengu þeir því ekki meira aðgjört nje ráðið. Ljet kóngur strax senda eftir honum, og befalaði prjedikun fyrir sjer strax á slotinu, ásamt þeim hálærðu að

---

[1]) Skáldið A. Christensen Arreboe, sem var sóknarprestur við St. Nikulásarkirkjuna 1616—18. RC.

[2]) 1561—1638; Sjálandsbiskup frá 1615 til dauðadags.

[3]) Ole Jensen Koch frá Björgvin í Noregi var prestur við St. Nikulásarkirkjuna, en Resen þótti hann of kalvínskur, og fjekk komið því til leiðar að hann var rekinn í útlegð 1614. RC.

gjöra, hvað og skeði. Geðjaðist kónginum mjög vel hans ræða, og sagði hann sjer velkominn upp á slotið, og varð þar svo slotsprestur síðan.

Eitt mannsmorð skeði að skömmum tíma þar eftir er eg kom í Kaupinhafn, um nótt í því stræti, er Leirstræti[1]) kallast. Vegandinn flúði og höndlaðist ekki.

Margir misgjörðamenn urðu þar með ýmsum hætti refstir og rjettaðir í gálga og steglum og vippu[2]) þar til að kóngur sá að ei að heldur vildu misgjörðir í minkun fara; gjörðist sú samþykt á herradegi, að enginn í 12 ár skyldi rjettast, hverskyns glæpamaður sem væri, utan eitthvert frábært illvirki aðhafst eða gjört hefði. Þar fyrir var stiftað eitt fangelsi á Bremerhólmi, Truncen, þar inn voru settir þeir menn, sem stærst og smærst ávirðing hafði tilfallið. Þeirra fangelsi var á þann veg, að þeir um lífið höfðu eina járngjörð svo rúma, að klæðaskifti gjört fengu, og fyrir neðan hægra hnjeð aðra, og láu digrir hlekkir utanlærs þeirra á milli. 4 menn voru settir yfir þá, sem til daglegs erfiðis og þrælkunar skyldu fram drífa með kaðalsvipum og bera mat fyrir þá og þeirra nauðsynjar að athuga, fangelsishúsinu að læsa, og aftur upp að ljúka, eftir venju og tilsettum tíma kvölds og morguns. Allrahanda embættisfólk, sem brotlegir urðu í hvern máta, sem vera kunni, voru þar innlátnir, og með dómi tími skamtaður þar að vera, eftir málavexti sjerhverrar persónu. Sumir skyldu þar vera 1 mánuð, 2, 3, 4, ár heilt, 2, 10, 20. Item stórglæpamenn alla sína æfi. Vaktmeistarinn, Söfren Trafn, var þar innsettur fyrir það misferli, að hann með sinni skarvakt[3]) um nóttina hafði yfirfallið einn herramann á Kaupinhafnar strætum, barið og sýnt stórt ofríki. Item tveir aldraðir menn og fógetar, sem hjer kallast sýslumenn, komu þangað úr Lálandi, af drotningunni Sophiu[4]) til sama fangelsis sendir, og skikkaðir

---

[1]) Gatan hjet rjettu nafni Læderstræde. RC.

[2]) Góð lýsing á vippugálga er í 2. kafla 23. kap.

[3]) Lögreglusveit bæjarins var svo nefnd.

[4]) ekkja Friðriks 2. (1557—1631), hafði að lífeyri krúnujarðir á Lálandi og Falstri og var sögð hörð landsetum sínum. RC.

þar að ganga í nokkur ár fyrir ranga dóma og misjafna lögsögn. Item einn stúdent, Pjetur að nafni, ættaður úr Kárseyri,[1]) var þar innsettur og eftir dómi 18 ára tími tilsettur, sá eð knífsting lítinn með pennahníf hafði veitt sínum stjúpföður. Við höfðum báðir einn heilan vetur saman haft sæng og herbergi, og var kominn fram undir vígslu. Þessi Pjetur með öðrum sjö af nefndum föngurum komst úr fangelsishúsinu, þeir eð skriðu aftur á bak, gegnum saurindarennuna alt út í sjóinn, og vörpuðu sjer ofan fyrir múrinn, nærri tvo faðma að hæð, en djúp vatnsins var 3 eða 4 faðmar, og svömluðu svo úti með múrnum á leirana, brutu af sjer járnin, og rýmdu síðan upp til Sviaríkis. Einn af þeim náðist og varð uppheingdur. Þessi Pjetur, studiosus, varð til Sviaríkis herramannabarna skólameistari eitt ár. Síðan fór hann að finna stjúpföður sinn, að krefja síns föðurarfs. Hinn krafðist hans vitnisburðar, að hann væri ærlega kominn frá sínu fangelsi, og að honum auglýstum hjet honum sinni erfð, hvar við Pjetur reiddist og gjörði stórt upphlaup og vildi enn að nýu slá sinn stjúpföður; var svo tekinn af yfirvöldum borgarinnar og færður til Kaupinhafnar, og á slotsplássinu rjettaður, að endaðri þeirri oratiu eður sermon, sem gjörst hafði af innihaldi og texta þess 4. Guðs boðorðs.

Á árinu áður en eg kom til Kaupinhafnar voru 3 galdrakonur brendar í Sælandi. Ein þeirra, sú hin helsta, hjet Marin Kringsteðs, ein ríkiskona, ei minnist eg þeirra tiltæki.

Einn tíma bar svo við 1617 um sumarið, á einum torgdegi, sem var laugardag, að einn maður Jens að nafni, sá eð var nýgiftur einnri frómri dándiskvinnu og bjó í Litla Ferjustræti í Kaupinhafn, var útgenginn fyrir borgina um Vesturport með einum frómum borgara og voru að spássera þar um grundirnar, sem bændurnir skyldu fram um fara, þeir eð áttu heima uppá landsbygðinni og tvisvar í hverri viku komu í borgina uppá torgið, með allrahanda,

[1]) nú: Korsør.

sem af bóndabygðinni plagast að flytja í kaupstaðina, sem er rúg, maltrúg, bygg, þrislags grjón, hveiti, humal, hunang, smjör, ost, svín, gæsir, andir og margslags fisk úr ferskum vötnum. Á meðal annara bænda, sem úr borginni óku á vögnum, var einn bóndi, sem nokkuð var drukkinn. Þessi ungi borgari, Jens að nafni, upphóf eftir sinni gamalli venju að grýta bændurna með hestaperum, þar til þessi drukkni bóndi varð fyrir hans kasti, hrópi og spottyrðum; en með því að hann mjög svo kendi undan hans áköstum og þar með illa sveið hans hæðni, og var í þessu óaflátsamur, og með engu móti hirti um hins annars borgarans umtölur nje afletjan, hljóp úr vagninum með riðugan korða, sem bændur plaga þar án bals[1]) liggja láta og strax hann með honum í gegn nísti, hljóp svo á sinn vagn og burt keyrði. Hinn fjell þar strax dauður niður til jarðar. Borgarinn hinn annar bar þessi tíðindi í borgina, var hann svo sóttur og innfluttur, og að morgni greftraður upp á St. Nikulás kirkjugarði. Hann fjekk eftir sig vont rykti af prestinum í prjedikunarstólnum, hvernin hann í ungdómi hefði sínum foreldrum óhlýðugur verið. Lýst var vegandanum með brjeflegri lýsingu en ei eftir runnið af hans frændum og ei syrgður af hans kvinnu, við hverja hann hafði haturlega breytt, og ekki af nokkrum manni. Síðan aflagðist lengi spott og háðyrði við bændurnar af borgarlýðnum.

Item bar svo við einn tíma, að smápiltar, þeir eð gengu í þann danska skóla, voru að leika sjer við ráðhúsmúrinn með sínum pungum, um það bil að klukkan var 4, það er stund af nóni, og voru nýkomnir út af skólaherberginu, að tveimur af þessum unglingum bar til þrætu, var einn 7 ára en annar 9. Sá yngri þeirra greip sinn pennaknif og stakk þann eldri með til dauða, og strax rann á flótta. En strax sem þessi aðburður skeði, og pilturinn var burtflúinn, barst þvílíkt með skyndi um borgina, svo þys og ys varð mikið, og það varð sagt býfógetanum, það er staðarins

[1]) o: slíðra, þ. Balg.

sýslumanni. Útsendi hann sína þjenara, sem kallast býsveinar, og jafnan eru þar komnir, sem nokkuð ilt viðber, að höndla þennan pilt, sem vígið hafði framið. Og sem þeir voru á leið þangað, sem þessi aðburður skeð hafði, þá mætir þessi ungi sveinn þeim, á því stræti, er lá upp að Vesturporti borgarinnar, og spyr þá að segjandi: »Eftir hverju hlaupið þjer.« Þeir sögðu: að þeim pilti þann annan deytt hefur. Pilturinn sagði: »Þar hljóp einn piltur litill skömmu fyrri, en þið mættuð mjer, og var á mjög hörðu striki,« og benti þeim þangað af vegi. Senn runnu þeir þá leið, er hann þeim tilvísaði, en hann með hægð komst í flóði annara í gegn um borgarhliðið og svo út og uppá landsbygðina til eins bónda, tjáandi honum sína tilviljan. Skömmu eftir, sem hann var útgenginn, kom boð til allra borgarhliða, að enginn piltur innan 10 ára skyldi útgang fá. En með því hann hafði svo hyggilega undan komist, varð engin eftirför honum veitt, heldur skikkað að hjálpa sjer ærlega hvar og hvernin hann kynni, utanlands eða innan, að hann kæmi ekki í Kaupinhafn, og lyktar hjer svo frá honum að segja.

Á mínu 6. þjónustuári undir kónglegu regimenti, skeði eitt hryggilegt morð skamt frá Kaupinhafn á einum prestgarði. Presturinn hjet H. Söfren[1]). Svo bar við að presturinn hjelt einn húsþjenara, ei minnist eg glögt hans nafn. Hann skipaði honum eitt laugardagskvöld að kljúfa við til tveggja sunnudagsmáltiða, svo með því erfiði sunnudagurinn ei vanhelgaðist. Presturinn eftir máltíð haldna ásamt sinni ektakvinnu og 5 eður 6 ára gamallri dóttur og gjörðri bæn gekk til sængur, en 2 þjónustumeyjar, er þessum frómu elskuhjónum þjónandi voru, staðnæmdust við á meðan þessi maður hafði ei við lokið sitt tilskikkað erfiði. Presturinn af meðaumkan og manngæsku skikkaði annari sinna þjónustumeyja, að færa honum út könnu fulla af sínu eigin öli, til hugkvæmdar, því hann vissi vel, að þetta kvöldverk mundi honum illa geðjast. Stúlkan gjörði sem henni var befalað,

---

[1]) Líkl. er hjer átt við Søren Pedersen, prest í Skævinge, sem var myrtur 16. Nóv. 1618. Wiborgs Præstehistorie III. 103. RC.

en strax sem hún kom til hans með ölið út í garðinn, heilahjó hann hana í einu til dauða, og sagði hún prestsins gjalda skyldi. Og nær prestinum þótti hennar dvöl yfir máta langgæð verða, sendi hann hina aðra stúlkuna að vita hvað hennar dvöl valda mundi, og gekk það til fyrir henni á sömu leið sem fyr það hina skeði. Síðan gekk þessi morðingi inn í stofuna að hvílu hjónanna. Presturinn spurði, hvað stúlkurnar dveldi. Hann kvað þær liggja dauðar út í garðinum og hjet honum sömu kjörum og hans kvinnu, svo hann skyldi ekki annað laugardagskvöld fá sjer við að kljúfa. Presturinn með miklum ótta og hræðslu bað um grið og líf og hjet honum aldrei við skyldi fá framar um það kvöld að kljúfa. En þar hjálpaði engin bón nje fortölur. Presturinn bað hann um svo langan frest, að hann læsi faðirvor, hvað honum og veittist. Bar hann svo sína öxi blóðuga á loft og hjó þau bæði í sænginni til dauða. En af því að mjög var dimt í herberginu og áhöld höfðu orðið með þeim í fyrstu, þá skreið þeirra litla dóttir aftur af sænginni og komst út í burt til manna, er þar í þorpinu ekki sjerdeilis langt frá bjuggu. Morðinginn eftir þetta fordæðuverk framið, gekk með skyndi í prestsins hirslur upp að brjóta, og af því dýrasta hans góssi svo ræntu bjó hann sjer bagga svo stóran, sem hann naumast gat borið og meðfarið. Liðu svo 3 ár fyr en þessi morðingi höndlaðist í landi Holsten, er skeði með þvílíkum aðburði sem nú eftirfylgir.

Þessi sálugi prestur átti bróðurson og var kominn í landið Holsten í eitt gestaherbergi; á meðal annara frómra manna sjer þessi hinn ungi maður, að einn situr með hatt síns föðurbróðurs. Prestsins frænda bregður svo við, að hann feldi matarnautn, og þykir nú vant efni sjer að höndum komið, og er nú í umbyltingu sinna þanka, hvað hann helst skuli til bragðs taka. Húsvörðurinn spyr hann að, hvort honum að nokkru óglatt væri, hinn kvað lítið um það vera. Þessi hinn ungi mann spyr að þennan, hvar hann hafi fengið þann hatt er hann bæri, og sagði það vera hatt síns föðurbróðurs, herra Söfrens, er myrtur hefði verið í

Sælandi af sínum eigin þjenara. Honum brá þar lítt við, en kvaðst þó hattinn með fullu verði keypt hafa. Þessi ungi maður efast með sjer, hvort hann skuli á hann hendur leggja. En með því skrif var útgengið um alt ríkið, að hann skyldi höndlast, hvar sem hann þekkjast kynni, þar fyrir í Guðs trausti, þó hann þekti hann ei, lagði hann hendur á hann að tilbeiddum styrk þeirra, er við borðið sátu og lýsti hann kóngsins fangara, inn til þess hann glögglega bevísing til leiddi, hvar eða af hverjum hann hefði þennan prestsins hatt fengið. En strax sem hann greip hann höndum varð hann með öllu megnlaus, og játaði sig sekan í fyrirnefndum glæp og fordæðuverki. Síðan fjekk hann sín forþjent laun og einn herfilegan dauða.

VII. KAP.

Um þann skóflikkara eður skóbœtara, sem stal fátœkra fje úr dómkirkjunni á nótt.

Í borginni Kaupinhafn var einn skóflikkari, Jens að nafni, sá eð hafði búðarkorn í St. Nikulás kirkjustræti, hvar inni hann daglega sína handverksiðju framdi. Svo bar til að hann dreymdi eina nótt í sínum fyrsta svefni, að sem maður nokkur kæmi til hans og spurði sig að, hverju hann vildi launa sjer, ef hann vísaði honum þann stað, hvar hann peninga öðlast kynni; því að þessi maður hafði um kvöldið með þunglegum geðsmunum sig til hvíldar lagt, vegna sinnar fátæktar og naumra búskapsefna. Maðurinn þóttist telja vanmátt sinn, þau laun út að greiða. Hinn kvað að forlíkun mundi verða þeirra á milli. Þóttist hann klæða sig og fylgja honum eftir, inn til þess þeir komu að dómkirkjunni[1]), þá vissi hann sig vera vakandi. Hann segir að þar sje gjald inni nægilegt. Hann segir að ei kunni

[1]) ɔ: Frúarkirkju.

hann því að ná, svo ei verði við vart. Hinn segir að hann með bakhluta síns líkama skuli á hurðina þrýsta, og að því gjörðu hafi hurðin opnast, og eftir hans áeggjan einn ölmusustokkinn út borið fyrir kirkjudyrnar og upplokið án harks eða háreystis. Eg minnist ógjörla summuna að dýrleika, þess smágjalds, hvað alt var í seslingum[1]), sem er fjórði partur úr fiskgildi, hver ein sú smámynt, en 300 dalir minnir mig að summan reiknaðist að vísu. Svo sagðist hann kirkju aftur læst hafa, án harks eða hljóðs. Síðan að þessu svo skeðu, kvað hann hinn horfið hefði.

Nú á meðan þettaráns-fje var ekki öldungis eytt og uppsóað, sem hann með allra handa óhófi útsvallaði, yfirgaf hann á meðan sitt náttúrlegt handverk. Á þeim næsta sunnudegi eftir, sem þetta fordæðuverk skeð hafði, og kirkjuverjararnir skyldu sinn umgang í kirkjunni hafa eftir venjunni að bera þær töflur fram fyrir fólkið, sem á stólunum situr, hvar inn sjerhver leggur sem hver vill sjálfur, og þá þeir ölmusufjeð skyldu innleggja, fundu þeir eina örkina tæmda öllu gjaldinu. Síðan kunngjörðu þeir það prestinum, hverju hann að endaðri prjedikun yfirlýsti af prjedikunarstólnum, og þar eftir á ráðhúsinu tilskikkað, að hver sá maður, sem seldi eður betalaði í seslingum til hálfs dals gildis, skyldi rjetttækur til járna undir próf og rannsak.

Svo bar til nær sem þessi fyrnefndi glæpamann hafði að mestu því rænta fje útsvallað, þá fjell honum til geðs að tiðka sitt gamla handverk aftur að nýju. Gekk til eins skómakara að nafni Jakob, skósólaleður að honum að kaupa; en í verðið býtti hann hálfu öðru dals gildi í seslingum. Hann ljet inntappa honum eina könnu öls, en á laun sendi til býfógetans, Laurits Magnússonar,[2]) hver strax útsendi tvo býsveina, að grípa hann. Og nær þeir koma í stofuna heilsa þeir blíðlega og um könnu öls biðja, hvað þeim og veittist. Þeir spyrja, hver þessi maður sje, og bjóða honum samlag á ölinu, en hann kvaðst ei tefja mega. Húsbóndinn

---

[1]) smápeningur, 6 peninga gildi, þaraf nafnið »Sechsling«. RC.
[2]) bæjarfógeti í K:höfn 1615—20. RC.

segir að hann hafi af sjer keypt leður til hálfs annars dals og í seslingum alt borgað. Þá segja býsveinarnir þann mann vera kirkjuþjófinn, sem stolið hefur því helga fje og volaðra upphaldi. Senn lögðu þeir hendur á hann og hann meðkendist strax fyrir þeim þetta ódæðuverk. Síðan leiddu þeir hann fyrir býfógetann og þaðan í fangelsið, og skömmu þar eftir útleiddur og stegldur fyrir utan Vesturport.

Nú eftirfylgir um þann þjóf sem ljet gjöra lykil að krambúðunum.

Þar bjó í Kaupinhafn einn sá slátrari er Christján hjet, einn velríkur maður. Hann tók sjer það fyrir af djöfulsins innblæstri að komast í sem flestar krambúðir borgarinnar, og keypti að einum smið, þeim Diðrik hjet að gjöra sem þar til hlýddi. Þegar kramsveinar söknuðu margskonar vöru úr sínum krambúðum, þá bar upp þetta hver fyrir öðrum og kunngjörðu sínum herrum með lempe. Þeir taka það til bragðs, að þeir láta tvo menn liggja uppá njósn í hverri krambúð um næturtíma, og með þeim hætti varð það augljóst hver þessu valda mundi. Hann varð svo uppvístur, gripinn og í fangelsi settur með 9 þeim persónum er honum þjentu og í bland þeirra var hans kvinna, 2 dætur og 1 sonur.

Bróður einn átti hann sjer í borginni þann er Jens ferjumaður nefndist. Hann bjó í Vingarðsstræti, þar næstu dyr, sem eg lá til herbergis. Það var haldið að þessi maður mundi vera varúlfur, hverjir menn þessháttar stundum í úlfslíking bregðast, þó án eigin vilja, og hefur ættum fylgt frameftir, sem sagt er að skeð hafi fyrir óhæfilegt meðal. Þessi ferjumaður Jens, bróðir hins áður nefnda, gekk á þann veg sem von var til að kóngur mundi um reisa til Friderichsborgar, hvar eg með mörgu fólki var viðstaddur, sem var við ströndina hjá Hábrú. Þegar kóngurinn kom af slotinu fjell þessi Jens á sín knje. Kóngur spurði hver hans vild væri. Hann segir og kvaðst biðja hann um, að sinn bróðir mætti undir sverð frá hengingu náðast. Kóngur kvað honum annað nauðsynlegra vera en um það biðja,

sem væri að biðja Guð um það, að henti aldrei slík ólukka, sem hans bróðir. Samt væri hann það, sem hann væri orðinn, hvern dauðadaga sem hann fengi. Kóngur snerist við og spurði hvað mikið hann vildi til þess gefa. Hinn bauð 300 dali. Kóngur kvað svo vera skyldi og skyldi til kirkna leggjast, hvað og skeði, að hann með öllu sínu hyski, sjálfur hinn tíundi, var hálshöggvinn.

Um skraddarans kvinnu.

Einn skraddari Hannes að nafni, sá eð bjó upp í Klæðabúðunum, er svo kallast, átti sjer unga og dægilega kvinnu, sú er Anna hjet. Einn af soldátum hafði hana litið með girndaraugum og um sat með sínum kompánum að ná henni frá sínum ektamanni, og þessvegna skeði mikið upphlaup í borginni á einum laugardegi, með soldátum og erfiðisfólki borgaranna. Maðurinn varð það svo búið að hafa, með því hún sjálf þar til styrkti og misti hennar svo aldeilis.

Með sama móti bar til það sama haust að einn að nafni Maurus knífsmiður hlaut að missa sína ektakvinnu Bersabe, sú eð gaf og færi á sjer og fór burt með einum soldát í Þýskaland. Item einn eðalborinn mann Jurgin Dá[1]) að nafni, sá eð var aðmíráll í Vestursjónum og kaptugann Mandaus hertók undir Rússía, með hverjum eg fyrst á herskipum sigldi Anno 1616, misti með sama hætti sína eðalborna frú af einum soldát og rýmdi með hana uppí Þýskaland. En þó skrifað sje fyrir slíka gildir eigi, því einn soldát kroppar sjaldan auga út þess annars síns kompáns og stallbróðurs.

---

[1]) Jørgen Daa, aðmíráll, † 1619.

VIII. KAP.

Innihaldandi um mínar siglingar á herskipum um norðvestursjóinn og fleira hvað viðbar við týhúsið.

Á því fyrsta ári, er eg kom undir kónglegt regimenti, anno 1616 var kóngsins lífskip í smíði á Bremerhólmi, sem í fyrstu kallaðist Caritas, en síðar fyrir nokkurt tilefni Patientia. Á því ári 1616 var haldinn herradagur til Opsló í Noregi, með kónginum ásamt öðrum af ráðinu. Var cancelerinn Christian Fris,[1]) hver eð í þann tíma var mjög á aldur kominn, undir eða yfir áttrætt. Og um kvöldið til Opsló, nær hann með kónginum og öðrum herrum var til borða uppsitjandi, kendi hann sig veikan orðinn og bað kónginn innilega um að hann mætti útflytjast strax til skips þess, er hann kom með frá Kaupinhafn þangað, sem var Fides, og að morgni komast á heimleið, hvað kóngurinn góðmannlega samþykti. En um nóttina nærri miðnætti andaðist hann, og strax að morgni heimleiðis fluttur. Nú sem hans frú, Mette eður Mathildur[2]) það spurði, brá henni undarlega við, og var sagt að hefði rangan grun, að öðruvísi mundi skeð hafa um hans dauða; nefnt var að hún mundi ósæta samvisku hafa til kóngsins, og varð kóngur af trúum vinum þar um viðvaraður að hann til sjós og lands sem best sig athugaði.

Á því ári 1617 um vorið ásetti kóngur sjer enn þá sem fyrri að útsigla sjálfur með sínu lífskipi Patientia. Um kvöldið var við lokið að flytja til skips hvað við þurfti, en um morguninn eftir vildi kóngur afreisa. Um nóttina kom svo mikil ógn af austri að undrast mátti, og menn hugðu hús og turnar niður hrapa mundu. Það varði nærri hálfa

---

[1]) Chr. Friis, kanslari, f. 1556 † 29. Júlí 1616.

[2]) Mette Hardenberg kona Friis kanslara á einmitt að hafa verið mikil vinkona Kristjáns konungs. Hún dó 15. Júní 1617. Sjá RC. og rit þau er þar er vitnað í.

eykt. En í þeim sama byl hrakti kóngsins lífskip uppá sandrif nokkur, er lágu fyrir utan Bremerhólm, úr flotanum 100 skipa, er þar lágu, og um koll á stjórnborðssíðuna og rann sjór inn af hverju porti, því stykkin lágu öll úti. Svo skemdist allur farkostur fólksins með kóngsins öllu meðfylgjandi. Hann sjálfur, kóngurinn, ásamt öllum honum þjenandi, sem var kapteinar, skipherrar, byssuskyttur, bátsmenn, timburmenn og hofþjenarar, sem þar daglega við voru í hálfan mánað, skipið aftur að viðrjetta, hvað og skeði með stórum erfiðismunum. Þá umbreyttist skipsins nafn, sem fyr hjet Caritas, enn með því að slík raun og reynsla það yfirfjell, ljet kóngurinn nefna það Patientia.[1])

Skömmu síðar en þetta skeði ljet kóngurinn tilbúa uppá nýtt þetta sitt skip til siglingar, að reyna þess gang, stöðugleik og ferð undir seglum, með öðru velsiglandi skipi, Spes að nafni. Nokkrum dögum fyr ljet kóngurinn það spyrjast út um landið í nálægð, að hann með þessu skipi vildi afreisa. En sem skipin skyldu frá höfnum halda, ljet kóngurinn setja sig með bát til hins skipsins. Á þessum degi var gott veður með sólskini. — Í þann tíma lá eg sjúkur í köldu og varaði 18 vikur sá sjúkdómur. — Og nær sem skipin undir þeirra seglum voru komin út fyrir Drageyri í hægri kylju, kom einn andgarður svo geysilega hart, að stórmastrið, sem var samansett af 9 trjám og var tveggja eða 3ja feðminga að þykt, hrökk í sundur[2]) og í einu út í sjó með 12 mönnum, er í mers-körfunni sátu, af hverjum einn þeirra andaðist, og kóngur mjög syrgði með tárum, og kvað hann fyrir sig sitt líf mist hafa. Hans börn ljet hann taka, þau sem vaxin voru, en þeirra móður síðan einum bátsmanni gifta. Í þriðja sinni var eg með þá kóngurinn sigldi þessu skipi ofan í Eyrarsund, og tókst þá alt vel.

Páskadaginn sjálfan, þegar öll kóngsins skip lágu á straumunum fyrir utan Bremerholm, undir sínu skarti, sem

---

[1]) þessa atviks getur konungur í dagbók sinni $^{21}/_{4}$ og $^{2}/_{5}$ 1617.
[2]) eftir dagbók konungs skeði þetta 30. Júní.

er skansklæðum umkring alla borðstokka og allar merskörfur, með sín flögg á toppum og bolsaner[1]) frá rámúlum,[2]) undir prjedikun, rak eina tunnu tvíbotnaða að skipinu Patientia, en sá maður, er bar dagvakt, brá karnatskrókum[3]) á þessa tunnu og innbyrti hana, því hann hugði þar gagnlegt nokkuð inni vera mundi. En nær hann tunnuna opnaði var þar inni höfuðlaus dauður maður liggjandi. Maðurinn var felmsfullur og úthæfði tunnunni aftur í sjó. Síðan gjörðist stór reimleiki lengi í skipinu, hvers 9 menn urðu við varir, á meðal hverra eg var einn, hvern vjer fengum yfir höfuðið, hvar yfir kóngur sig mjög aumkaði og daglega vitjaði vor sjálfur og tilskikkaði sínum matgjörðamanni oss þá heilnæmustu fæðu að bera. Þetta var í öðru sinni er eg sigldi innanborða á þessu skipi með kónginum ofan í Eyrarsund. Guð veitti oss aftur vora heilbrigði.

Þriðja sinn ljet kóngur útbúa 2 önnur skip Fides og Spes til Noregs þar sem þeir kalla Fleckerey,[4]) til að umskoðast þar fyrir umtölur nokkurra manna, hvort þar mætti ekki blokkhús byggjast, svo þau skip, sem í stormi þar inn hleypti, gæfi ríkinu toll. Því þar hleypa inn mörg skip, þegar svo viðliggur og liggja þar af sjer storminn. En kóngi leist ei það ráðlegt vera nje þeim herrum, sem voru af ráðinu og kónginum meðfylgdu, sem var: Albert Skiel ríkisins aðmíráll, sá norski canceler, sá norski statholder.[5]) Vjer fengum þangað góða byri. Þessi ríkisins aðmíráll var einatt á ræðu við kóng um ríkisins nauðsynjar og jafnan lagði til hið besta, eftir því sem hverjum viðveik, og hann sá að meðþurfti.

---

[1]) o: veifur.

[2]) o: rárendum.

[3]) 'karnat' er verkfæri til að draga vörur upp í skip (einskonar »talia«); karnatskrókur er þá krókur á reipisenda, sem er festur í karnat.

[4]) Eftir dagbók konungs fór hann á stað 7. maí 1617 og lenti aftur við Varberg 14. maí.

[5]) Albert Skeel (1572—1639) ríkisaðmíráll 1616—23. — Norski kanslarinn var Jens Bjelke (1580—1659), landstjórinn í Noregi (1608—1618) var þá Enevold Kruse (1554—1621). RC.

Einn morgun bar svo við, nær menn tóku sinn morgunverð, að einn af kóngsins hofjunkurum var sendur til að spyrjast fyrir um í skipinu, hvort engir Íslenskir væru innan skipsborða, hverjir, ef þar væri, skyldu án viðtafar með sjer ganga fyrir kóng, því hann svo bífalaði. Honum var andsvarað að 2 af byssuskyttunum væri íslenskir, sem var Jón Halldórsson ættaður úr Eyjafirði, og Jón Ólafsson, sem var eg. Við gengum svo með honum upp á þiljur fyrir kóng og ríkisins aðmirál Albert Skiel.

Kóngur bað mig bíða svo lengi, sem hann við hinn eldri og stærri mann talað hefði. Hann spyr hann að ætt og nafni, og með hverjum hann hefði út af landinu siglt, og fyrir hverja orsök. Jón kvað enga vera utan alleina sína girnd, sem þar til hafi stórum langað. Kóngur kvað það ei vera mundi, heldur kvaðst hyggja að hans frek elska til kvenna því valdið hafa. Síðan kallar kóngur á mig, og með sama hætti aðspyr mig að ætt og nafni og hvort eg hafi í skóla gengið, því eg sjái út til þess, að hafa lærðra manna yfirliti, og enn spyr hann mig að, með hverjum eg hjeðan siglt hefði. Eg segi með Engelskum, því eg vogaði eigi þar um að missegja. Kóngur spyr mig, hver nauðsyn mig hafi þar til dregið heldur enn með Dönskum. Eg kvað ei aðra en sjálfs míns vild þar til komið hafa. Hann spyr að minni reisu til Englands, þarveru og þaðanför, og hvernin mjer þar fallið hefði, og margs fleira þar innanlands, um byggingar og vegarlengdir þar í milli borga, trúbrögð, og margs annars, og uppá flest gaf eg kóngi svar, og meðkendi mig það alt satt segja og hafði gaman af þessu okkar samtali. Síðan mintist kóngur á Engelskra kaupskap hjer við land, og varð mjer það til svara, að hjer kæmi oftlega á vor rekaís frá Grænlandi og burt tæki veiðarfæri manna, og stæðu menn þá eftir hjálparlausir. Kóngur kvaðst þetta fyrri heyrt hafa. Albert Skiel ansaði jafnan góðu til vegna þessa lands innbyggjara, og kvaðst svo breyta mundi, og því enn framar ef hjer byggi, að kaupa sjerhvað um nauðsynjaði, reiðurum Danmerkurríkis að þakkarlausu. En þó þeir keyptu sjer veiðarfæri aftur, þá hefðu reiðararnir

þar ei síður gagn af, því sagt væri að Íslenskir fengi Dönskum matinn, en hjeldi eftir beinunum. Hann spyr mig hvort ei svo væri. En eg kvað það satt vera, að Danskir hefðu bolina, en Íslenskir höfðunum eftirhjeldu.

Margt fleira varð um þessa lands höndlan og háttalag, ríkra og fátækra talað, en eg ansaði fáu til; en svo var að merkja, að kóngur væri margs vís orðinn, hvernin hjer til gengi og spurðist fyrir um falsaða vöru Danskra, hvort satt væri, sem þeir jafnan um knurruðu, þeir eð hjer byggi, en þó kæmi enginn hjeðan með skjallega klögun þar yfir, hvað honum mjög þótti, óskandi að Ísland væri sjer svo nálægt, sem þá var Noregi. Eg segi kóngi að einn íslenskur stúdent væri þann tíma í Kaupinhafn, Þorlákur Þorkelsson að nafni, frá Hólum, sem þrislags próf hefði til sýnis. Kóngur gladdist við og bað mig að áfýsa, að hann þau fyrir sjer til sýnis ljeti, svo hann þar um eitthvað glögglegt fregna fengi. Og svo að þessu samtali í það sinn öllu enduðu, ljet kóngur kalla á sinn eigin víntappara M. Christian Skammelsson[1]) og bífalaði honum eitt 12 marka vínstaup okkur að afhenda, og að því meðteknu gafst okkur burtfararleyfi aftur þaðan.

Albert Skiel áfýsti kóng hjeðan fólk að útskrifa; kóngur kvað land þetta ei fólkríkt vera og bændur ei missa mega. Uppfrá þessu ávarpaði kóngur mig þrávalt með ljúflegu ávarpi, hvar hann sá mig.

Síðan fengum vjer suðaustanvind norður með Noregi alt til þess að vjer komum í Fleckerey; þar kom kóngur á land að umskoða hvað honum virtist og hinir aðrir herrar með honum, og svo ferðaðist hann með þeim á þann næsta prestagarð, er þar lá við höfnina, og svo út til skipanna um kvöldið, og svo aftur að morgni til heimferðar. Ei leist kóngi þar hentugt blokkhús að byggja láta.

Sá viðburður skeði á heimreisunni, að nær kóngur vildi kvöldmáltíð halda, þá vantaði alt borðsilfrið, en kóngsins

---

[1]) Christian Skammelssen var efnaður borgari og hjelt vínkjallara í Höfn. Hann dó 1626. RC.

vaktari hafði gleymt silfrið að heimta eftir miðdagsmáltíðina. Þá gjörðist mikill ókyrleiki í skipinu af þvílíku tilferli, og voru þá allir uppá þilfar kallaðir og lykill sjerhvers manns heimtur að öllum hirslum, og var eg þá sem fleiri stórlega uggandi, að hefði svo mátt ske, að nokkur óráðvandur hefði mátt koma því á veitur frómra manna. Þessi rannsökun var gjörð af prófoss og hans 4 sveinum. Einn bátsmaður Rasmus að nafni gekk til skipherrans og gaf honum heimuglega að skilja, að á sama degi, stund eftir máltíð, hefði úr fötu gegnum vatnsportið einhverju hringlandi helt verið. Það kom fyrir kóng. En sá sem gjört hafði hjet Jón og var nýlega kominn í kóngsins þjónustu, og var ættaður norðarlega úr Noregi, og eru í fyrstu kallaðir Grábeinar. Þessi maður var ljeður kóngsins matgjörðarmanni M. Christian, sá eð hafði undir sjer 11 sveina. Senn var hann fyrir kóng kallaður og með stórri hræðslu varpaði hann sjer flötum fyrir kóng og meðkendist sjer það með óvilja orðið hafa, og hann hefði þess ei gáð, því vatnið hefði gruggótt verið. Kóngur brosti við og vorkynti manninum og kvað hann fávísan og fátækan vera, og sagði hann skyldi þjóna eitt ár þar fyrir upp á hólminum. Var þar svo ei meir umtalað.

Einn sunnudag á heimleiðinni var byrleysi, og eftir prjedikun og máltíð ljet kóngur fólkið alt uppkalla á þiljur og bað það eitthvað til gamans upp að finna. Kóngur bað helst að einhverir tveir drægi kattastrjúpa, er svo kallast. En þeim leik er svo varið, að þeir bregða snæri aftur fyrir hvors hnakka og dragast svo hart á hnjám og höndum sem megna, og er með krít merki skrifað yfir um þvert þilfar, yfir hvert hvor keppist öðrum að kippa. Þessi Jón, sem silfrinu hafði úthelt, var upphvattur þenna leik að hefja, hann var stór maður og geysilega sterkur. Honum var valinn einn af fólkinu, fyrst af bátsmönnum, til leikbróðurs sá sterkasti, og síðan 4 aðrir, hverja alla hann kasklega yfirvann. En kóngur miðlaði honum við hvern mann hálfri mörk, sem er fjögra fiska gildi. Síðan var leitað meðal byssuskyttanna. Fyrst gekk af þeim í leik við hann Jón

s[álugi] Halldórsson, sem eg fyr nefndi, minn trúfasti stallbróðir. Ei vildi það duga. Síðan kom einn af byssuskyttunum, Michael að nafni, mikill maður að stærð og krafti; þessir áttu langt þjark sín í milli, þar til Michael vann, og gaf kóngur honum tvöfalt. Mikill var þeirra aðgangur, svo mönnum fanst skipið skjálfa í þeirra viðureign. Síðan urðu margir aðrir leikar framdir kóngi til skemtunar. Nokkrir ljeku það, að sækja einn smápening með munninum ofan í einn vatnsstamp, og halda sínum höndum aftur á bak. Sumir hlupu í reiða, og af toppi fóru á hnakka toppstaginn ofan eftir, og margt fleira annað.

Síðan nær meir leið á daginn sáum vjer eitt skip á vorri framleið, það skip var hollenskt, ei stríðsskip. Eg hafði 2 stykki fram á skipinu, ekki mjög stór, sem kallast hálfgóss; lóðið upp á 9 marka þyngd. Kóngur bífalaði þeim, er þau vakta ætti, að gjöra þau ferðug, hvað og gjörðist. Þá mælti kóngur: »Nú skaltu Jón ramma oss það skip þar siglir.« Nær eg stykkin með fengpúðri og slíku sem til heyrði undir sigti tilbúið hafði, þá afrjetti kóngur stykkin sjálfur, eftir sinni vild, en eg gaf fýr uppá þau. Ei vildi hann þeim mein gjöra, utan skelk. Svo voru skotin ellefu skot eftir þeim fyr en þeir strika vildu. Síðan kom skipherrann með fimta mann á borð til vor, skjálfandi og mjög hræddur, varpandi sjer fram fyrir kóng með gráti, afsakandi sig mjög, einkum það hann ei vitað hefði að kóngur sjálfur innanborðs verið hefði. Kóngur uppsló til gamans og reynslu að hann öll skotin borga skyldi, sem var hvert skot með rosenobel. Ei vildi kóngur þau þiggja í það sinn, utan ef í öðru sinni þvílíkt tráss sýndi, skyldi hann útlátum mæta. Kóngur ljet færa honum og hans mönnum 12 marka staup með Rostockaröl og mat. Ei gat hann fyrir hræðslu matar nje öls neitt. Síðan fór hann í friði aftur til síns skips.

Og nær vjer komum fyrir Varbergs slot ljet kóngur setja sig með bát til lands, með nokkrum fleirum af hofjunkum og herrum. Þar stje kóngur til vagns og hans herraleg meðfylgd og reisti svo í gegnum Halland inn í Skáney og

yfir um Eyrarsund frá Helsingborg til Helsingeyrar, og að lítillri dvöl þar entri, kom kóngur til skips aftur, og seint um kvöldið komum vjer upp fyrir Kaupinhafn, þar eð St. Önnu brú kallast. Kóngsins hofprestur að nafni M. Davíð[1]) gjörði langa oratiu og þakkargjörð með innilegu málfæri. Síðan dró kóngur til lands í sinn aldingarð, sem stóð utanborgar í þann tíma í norður frá borginni.[2]) Þar í voru allrahanda jurtir og grös. Marcus hjet jurtagarðsmeistarinn. Slot stendur í miðjum garðinum með háum turni, veglega gjörður, og ypparleg hús með gyltum og máluðum bílætum og ilmandi lykt þar inni. Í garðinum miðjum stóð kóngsins mynd úthöggvin í alebastursteini.

Að morgni komum vjer heim í borgina og var sjerhverjum af oss vel fagnað af vorum kunningjum og Guði þakkir gjörðar fyrir lukkusamlega reisu fram og heim aftur.

Um frú Mathildi sem fyr var nefnd, var sagt, nær hún spurði kóngs ásetning, að hún hafi inngengið í sitt svefnherbergi einsömul og bannað sinni þjónustumey þar inn að ganga með sjer, og hafi skömmu seinna þar inni dauð fundist.

IX. KAP.

Fyrst nær eg kom til Kaupinhafnar 1615 var eitt opið sund á milli borgarinnar og Amakarlands, og þar yfir um var fólk ferjað á smábátum;[3]) en þar sem fólkið út í bátana stje nefndist Kífunes, af því snakki fólks, mælgi og kífan, sem þar daglega heyrast mátti. Því hver þrengdi sjer sem mest mátti út í bátana að komast, svo margt handar og

[1]) Hjer halda RC. að J. Ól. muni ekki nafnið, því svo hafi enginn hirðprestur eða skipsprestur heitið þá, er hjer geti verið átt við.

[2]) 1606 var byrjað að stofna til Rosenborgargarðs og 1610 að byggja höllina með því nafni. Marcus Wiblitz stóð fyrir garðinum 1606—1623. RC.

[3]) Knippelsbrú var fyrst bygð á árunum 1618—20. RC.

hnífslag varð þar tíðum útgefið, þegar harðfengnir þar hittust tíðum. — Fyrst í stað fór eg yfir um það sund og upp á Amakarland, því þar bjó einn maður, sem eg hafði erindi við, Níels Ákason að nafni, sá eð var kaupmaður við Skutilsfjarðar pollhús við Ísafjarðardjúp.[1]) Var eg jafnan þar vel meðtekinn í hans húsi, og af honum og hans kvinnu mjög elskaður. Hvern laugardag fann eg hann í Kaupinhafn, nær eg var heima, því þá var torgdagur. Magnús Arason[2]) og Magnús Sæmundsson[3]) mínir elskulegir landsmenn (nú í Guði burtsofnaðir) voru nokkrum sinnum til samans í hans húsi með góðu yndi og eftirlæti, og einn tíma með honum í kostulegri brúðkaupsveislu. Hann lánaði mjer oftlega peninga, hverjir honum aftur rúntlega borguðust af minni s[álugu] móður og bróður, af mínum peningum, þeim er eg hjer eftirljet. 15 vætta gildi varð eftir í hans garð af því góssi er mjer hjeðan útsendist þangað.

Einn ungur maður Jaspar að nafni þjónaði þeim æruverðuga manni í Kaupinhafn Ívar Pálssyni, sá eð var borgmeistari, fyrir kaupsvein. Hann sigldi 2 ár upp á Skutilsfjörð, og átti fyrir mína móður og bróður að færa mjer til 18 vætta. En pest greip hann á öðrum degi eftir það hann heim kom frá Hamborg, því skipin í þann tíma aflossuðu þar. En með því hans handskrift var ei til sýnis eftir hann, fjekk eg þar enga leiðrjetting á, þó eg þess oftlega krefðist bæði af borgmeistaranum, og mannsins erfingjum; þeir áttu heima í landi Holsten.

Þessir voru borgmeistarar í Kaupinhafn í þann tíma er eg þar fyrst kom og dvaldist. Fyrst þeirra hinn elsti var Knútur Marcússon, 2. Ívar Pálsson, 3. Michel

---

[1]) o: verslunarhúsin við „pollinn"; þar sem síðar hefur risið upp Ísafjarðarkaupstaður.

[2]) sonur Ara í Ögri, á Reykhólum síðar sýslumaður í Barðastrandarsýslu. Dó úr bólu 1635. (Esp. árb. VI. 73; sjá Sýslum. B. Benediktss. II. 89 ff).

[3]) síðar sýslum. í Barðastrandarsýslu, dó líka í bólunni 1635 (Esp. l. c.). — Um hann sjá Sýslumannaæfir Boga Benediktssonar II. 87 ff.

Vibe, 4. Pjetur Andrjesson.[1]) Þessir allir höfðu verið fátækra manna synir og um brauð biðjandi, þegar þeir fyrst komu í Kaupinhafn, en fyrir Guðs náð og vilja urðu voldugir menn, sem raun gaf vitni. PjeturAndrjesson hafði ferðast til Jerúsalem, og var hálft ár í burtu. En tilrekstur til þeirrar ferðar var þesshättar, eftir því sem hann mjer frá sagði, að hann einn tíma um kvöldið sat í samdrykkju með 3 herramönnum og kom í með þeim þung kappmælgi um reisu til Jerúsalem. Þeir sögðu, að sú reisa fullendaðist ekki á skemmri tíma en á tveggja ára fresti, en hann því sterklega mótmælti, og kvaðst forfallalaust á einu ári skyldi fullgjöra og sagðist vilja játa alt fje sitt uppá trú sína og æru kóngi til eignar, ef ei svo fullgjörðist. Hjer um slógu þeir veð sín á milli, að þeir skyldu hver þeirra honum skyldugir um eitt þúsund dali, ef þeim brigðist; þetta fullgjörðu þeir með handsölum sín í milli. Um morguninn næstan eftir báru þeir þetta fyrir kóng. Strax var hann þangað kallaður og ámintur um inntak sinna orða, hvað hann hlaut að meðkenna, og varð svo prófors alt að standa á báðar síður. Svo varð hans kvinna með sínum 3 dætrum hús að rýma, og ekki eitt skildings virði þaðan úttaka, og varð að fá henni hús og viðværi hjá sínum góðum vinum, á meðan hans frávera yfirstóð. Svo skildist hann með miklum harmi við sína kvinnu og börn, og fór svo með greiðasta hætti, sem honum af Guði lukka til gafst, eftir því sem leið lá, fyrst suður í Róm og fjekk páfans aflátsbrjef, síðan suður til Jerúsalem, hver vegarlengd er 600 mílur frá Kaupinhafn og til Jerúsalem. Svo enti hann sína ferð lukkusamlega á hálfu ári og fjekk aftur sitt hús, hvert á meðan var aftur lukt og með þremur fjölum fyrir utan enn kröftugra tilslegið, og á hverri fjöl kóngsins innsigli sett. Þrjá hátíðaklæðnaði skenkti kóngur honum og skikkaði honum borgmeistaraembætti. Svo hlutu þessir herramenn

[1]) Knud Markvardsen var borgmeistari 1606—1629, Michel Vibe 1609—1624, Iver Poulsen 1615—1622, og Peter Andersen Randulf 1618—1620. Sjá O. Nielsen, Kbhvns. Hist. III.

3 að útpunga honum sitt unnið veðfje, sem var 3 þúsund dalir. Svo hjálpaði Guð honum vel og farsællega úr þeim raunum til langgæðlegs heiðurs og sæmdar, og var alla tíma í virðingum hjá kóngi og í allra manna góðu yfirlæti. Og nú að þessari frásögu endaðri skal nú víkja til annars þess viðbar.

Skömmum tíma eftir það eg var innskrifaður undir kónglegt regimenti, var mjer vakt við týhúsið tilsögð hverja níundu nótt, og svo línkindarsamlega, að eg skyldi í vakt tveggja minna stallbræðra vera, sem var Jón Halldórsson og Rasmus Hansson, og var þeim tilsagt mjer að undirvísa í einu og öðru, sem stykkjunum og týhússins höndlan við kæmi. Vaktmeistarinn hjet Hans Michelsson einn frómur mann. Við það port hjá Hábrú, þar eð eg var fyrst til herbergis hjá kóngsins stalli, var vaktin fyrst hvert kvöld uppþrekt að allri fullri tölu samansafnaðri, sem voru 24 menn, að auk vaktmeistarinn, píparinn og trumbuslagarinn, þeir eð gengu heim aftur með þeim, sem vakað höfðu í sín 2 dægur. Fólkið gengur í pörum og liðum sem í fylkingu, fyrst vaktmeistarinn undan með sinn mikla atgeir, síðan trumbuslagarinn á hægri en píparinn honum til vinstri síðu, þar næst hinir elstu og svo hver með öðrum í liðum, hafandi hver verju við sína síðu og spjót á öxlum, sem sintreyr kallast,[1]) sem er að þvílíkri myndan, sem hjer sýnist.



[1]) Teikningin í textanum er tekin úr Ögursbók: hún finst líka nokkuð öðruvísi í E og D en ekki í hinum handritunum. — Menn hefur hingað til greint á um hvað „sintreyr", (d. „Zintrør") hafi verið. Sjá Blom, Chr. IV's Artilleri bls. 303 og rit þau er hann nefnir. — Teikning Jóns Indíafara bendir á að þetta verkfæri hafi verið einskonar „luntastöng". — „Luntinn" var digurt snæri eða mjór kaðall, sem var kveikt á, og svo logandi endinn borinn að púðurholi fallbyssunnar. Til þess að brenna sig ekki á höndunum var hann stundum vafinn upp á stöng („Luntestok") eins og sjest á myndinni á bls. 32.

Þegar að kom austur fyrir slotið, á þann veg er til týhússins liggur, þar stillir hann sína fylking, og skipast alt fólkið í einn kringlóttan hring; síðan lýtur hann í þess manns eyra, er honum stendur til vinstri handar, og segir það lausnarorð, sem hann af slotsherranum hvern dag meðtekur í hljóði og vaktinni í hljóði svo sagt verður, að enginn maður má það orð vita utan alleinasta vaktin. Og hver sem því orði týnir, og ekki kann því að svara á miðnættinu, þegar vaktmeistarinn uppkemur með píparann og trumbuslagarann til porta týhússins vaktina að reyna, sá hefir lífinu týnt, er þá skildvakt stendur í þann tíma. Áðurnefnd orð segir hver öðrum í eyra, þar til það verður í hans hægra eyra talað. En sje svo að þetta hljóðmæli hafi einhverjum misheyrst, og komi því rangt orð að vaktmeistarans hægra eyra, þá verður að segja aftur uppá nýtt, þar til það verður rjett skilið.[1]) Síðan ganga 6 ársknektar uppá slotið að vaka á slotsplássinu en 18 upp til týhússins. Síðan ganga þeir heim, sem einn dag og nótt vakað hafa, þangað sem vaktmeistarinn bíður eftir þeim, og síðan fylgir hann þeim með sömu aðferð í fylkingu að portinu, þar sem öll vaktin samansafnast og fyr var umgetið, og þá gengur hver án orðu heim til sín.

Stundum ganga menn nær þyrstir eru í þá kjallara, sem eru við ströndina að svala sjer. — Svo bar til einn tíma, er eg var nýlega skrifaður við týhúsið vakt að halda, og eg var genginn vestur yfir brúna frá portinu af minni vakt,

---

En stundum var þessi luntastöng útbúin sem vopn, og mátti nota hana sem spjót ef á þurfti að halda; var þá luntinn dreginn upp í gegnum op á þverálmum framan á stönginni, en milli þeirra gekk svo reglulegur spjótsoddur fram. — Þetta verkfæri mun hafa verið það sem kallað var „sintreyr“. Á teikning Jóns Indíafara má vel greina álmurnar og oddinn. Til samanburðar eru hjer á bls. 58 settar myndir af tveimur þesskonar verkfærum frá dögum Chr. IV. Sbr. líka myndir í W. Boeheim, Waffenkunde. Lpz. 1890, bls. 489, og Catalogo della Armeria Reale Torino 1890, bls. 377. — Hr. Premierlieutenant Stöckel við sögulega vopnasafnið í týhúsinu í Höfn hefur bent mjer á þetta, og þakka jeg honum hjer með fyrir það.

[1]) Þessi siður með lausnarorðið helst þann dag í dag í danska hernum. RC.

að einn maður og einn byssuskytter að nafni Pjetur Drageyri bauð mjer í þann kjallara sem var gagnvart brúnni og kallaðist Christínar Doktors kjallari, að drekka eitt



Sintreyrar („luntastengur") frá dögum Christiáns 4. Nú á hinu sögulega vopnasafni á týhúsinu í Kaupmannahöfn.

glas öls. Eg var lengi tregur fyrir og sagðist eg enga peninga með mjer hafa. Hann kvaðst peninga sjálfur hafa fyrir sig og mig, og bað mig sjer ekki mistreysta. Eg gekk

með honum, þó nokkuð deiglega. Kjallarasveinninn hjet Niels. Pjetur heimtir öl, inntil þess hálfs dals gildi var inntappað, og var þá liðið mjög á nótt Pjetur sagðist ætla að ganga fyrir dyr. Eg bið hann fyrir öl og vín að borga; hann ljest vera mikill dánumaður, og spurði mig hvort eg sig efaði sem einn æruleysing. Síðan gekk Pjetur og kom aldrei inn aftur í það sinn. Þá mælti kjallarasveinninn þegar hinum dvaldist yfir mátann: »Nú er þinn stallbróðir burtvikinn, þar fyrir tel mjer gjald út fyrir öl og vín.« Eg kvaðst ekkert gjald hjá mjer hafa, þar með og líka hefði eg einskis öls af honum óskað. Hann kvað mig samt með honum drukkið hafa, og sagði mig fyr ei burtganga mega en bitalað hefði, og tók í laf míns kyrtils og bað mig honum afklæðast, en þó með hóglyndi. En svo hafði tilborið fyrir þremur dögum liðnum, að Þorlákur Þorkelsson, minn góður vinur, hafði skenkt mjer einu kostulegu refskinni íslensku, því eg hafði varið hans íslenskri vöru fyrir gjald, er honum frá Hólum hafði send verið, og fjekk eg fyrir það tvo sljetta dali, og af þeim voru 5 mörk eftir í mínum leynipoka, er eg bar næst mjer, og þar af taldi eg honum tvö sljett mörk, það er 16 fiska gildi. Hann tók mig í faðm og þakkaði mjer innilega fyrir, og lofaði eg skyldi þess gjalds fullvirði öðlast með Guðs hjálp, að sjer og mjer heilbrigðum, og þaðan af kunningjar vera, hvað og skeði að eg var honum jafnan síðan meðan hann þar þjenti, kær og velkominn, en lofaði hinn skyldi þar aldrei meir staðar nema, og ráðlagði mjer að eg forsjálega með honum og slíkum umgangast skyldi. Síðan tappaði hann pott af frönsku víni, og hann útdrukkum; gekk eg svo burt í friði heim til míns heimilis, sem að var í Vingarðsstræti hjá Jóni Halldórssyni. Hans kvinna var ættuð úr landi Holsten og ein fróm dándiskvinna.

Nú bar svo við, að um morguninn snemma næstan eftir var umslegin öll stræti með bumbunni af Marteini vorum trumbuslagara, sem oftlega viðbar, nær kóngur vildi oss nokkuð. Píparinn og prófoss, sem hjet Jurgin Kiempa fylgdist með, og í hvert sinn sem trumbuslagarinn afljet

uppá bumbuna að slá, varð hrópað af prófoss, hvað sem þá var að erinda í hvert sinn. En nú hagaðist svo til að stykki 52 er nýlega voru steypt og úthöfð af rauðgotans[1]) húsi, sem svo kallast, er stykkin steypir og tilbýr, skyldu þar nálægt á einu plássi próberast og reynd verða í kóngsins glöggri nálægð og alvarlegri aðgætni, og í metum vegið til sjerhvers stykkis. Á þessum sama morgni, er nú var sagt, var oss öllum kgl. Majest. byssuskyttum með prófossins hrópi strengilega tilsagt, að vjer skyldum uppá þá Gömlu Myntu, er svo nefnist, koma, einn og hver undir hæsta lífsstraff, þar klukkan var 6 um morguninn, sem er miður morgun, er vjer hjer svo köllum, hvað og skeði, að vjer þar komum í nefndan tíma. Kóngur var þar fyrir og strax vorum vjer munstraðir, og með nafni sjerhver upplesinn af Jurgin Hanssyni týhússins munsturskrifara. Kóngur stóð sjálfur hjá skrifaranum, að hugleiða ef nokkurn brysti. Rodgyderen, það er stykkjasteyparinn, hjet Hartvig og var þýskur;[2]) þessi nær eð kóngur upphóf að vega sjálfur í metum púðrið í einni skálinni, enn lóðið í annari, bað kónginn að vægja sjer fátækum svaramanni með voginni, að ætla ei svo mikið púður til hvers stykkis, sem til jafns væri við sjerhvert lóð, er þeir kalla kugel, því hann meinti að stykkin mundu það ei þola. En hvert það stykki, sem springur, nær það í fyrstu verður próberað, það hlýtur meistarinn aftur að nýju steypa upp á sinn eigin kostnað, og til þess verks heldur hann 5 sveina, hverjum hann stórum launar. Kóngur gaf sjer fátt að hans umræðu, en kvað meir gilda líf manna en litlir fjemunir og honum óhægra að borga en stykkið aftur ferðugt að gjöra. Hartvig bað oss alla með gráti með sjer bæn að gjöra, svo vel lukkaðist, hvað Guð veitti, svo ekki eitt stykki brast af 52, utan lítill moli hjá eins munning, og kvað kóngur jafngott vera fyrir þess sakir, og gaf meistarinn oss drykkjupeninga

---

[1]) o: fallbyssusteypari, þ. Rothgieter; Christján 4. ljet byggja steypihús í Gammelmønt sem nú er.

[2]) Hann hjet Hartvig Quillichmeyer. RC.

og varð fullur fagnaðar. Að morgni skikkaði kóngur honum upp á renteríið, að taka sín laun þar fyrir, en eg minnist ei hve mikið fyrir hvert skippund af kóngi goldið verður. Þau koparstykki kosta mikið gjald, sum 400, sum 800, sum 1200, 1600 dalí. Einn maður Jens Korsør að nafni, bar eld að þeim stykkjum öllum, og var svo umbúið, að hvort lá við annars síðu á trjám; undir aftur- og framparti hvers stykkis voru sívöl trje, en á milli stykkjanna voru beinir tunnustafir við fenggötin, og á þær smáfjalir var niðurdreift strikpúðri, og sá sem eld bar að stykkjunum, bar ekki eld nema að því fyrsta stykkis strikpúðri, og rann sá eldur að einu af öðru og svo til lykta. Kóngur gladdist mjög hjer við að svo vel lukkaðist, að stykkin hjeldu heilu og engum heldur slysaðist. Kóngur hjet oss lest af því öli, sem kóngsöl nefnist, og oss hjer í landi er vel kunnugt.

Nú er að víkja aftur til Pjeturs Drageyrar, er mjer á deginum fyrir bauð í kjallarann til veislu og fyr var nefnt, að um kvöldið sem eg kom úr veislunni, sagði eg mínum húsvert Jóni Halldórssyni alt hið sanna frá Pjeturs pússerii og plögun. Þessi hans gabban og gletni barst út á meðal vorra lagsbræðra, hvar yfir þeir sig stórum grömdu og uppertu mig með miklu æði þar straks með einu steinshöggi honum að endurgjalda, hvað og skeði. Þeir skygðu á, svo kóngur skyldi ei sjá. Hann greip hnif og með miklu orgi vildi til mín; þeir gripu hann og hjeldu honum. Svo vildi hann ganga fyrir kóng og klaga mig, þeir sögðu honum skyldi það til ólukku snúast, þar hann hefði gjört slíkt skemdarstykki, og urðum við svo öldungis forlíktir. Hann lofaði mjer aldrei slíkt nje annað pússerí að gjöra, hvað hann jafnan vel enti, þó frábær maður væri til kífs og klamaríis. Allir menn undir regimentinu untu mjer hugástum.

Einn maður að nafni Marteinn, og var kallaður hinn munnsterki, hann veitti mjer einn tíma einn sting mjer óvitanlega í vinstri öxlina. En efni til þess er sem eftir fylgir, að einn maður norskur að ætt bjó í borginni Jón að nafni. Hann plagaði jafnan á sumrum í kaupferðum

vera til ýmsra landa. Konu átti hann sjer er Bóthildur hjet Þessi Marteinn og hún höfðu fyrir þremur árum missátt orðið, þá hún var stúlka og hjá frómum þjónandi. Með því að þessi maður var stundum glettinn hafði hann einn tíma með keskni gripið sinni hendi upp undir hennar klæði ofarlega, þar hún var að sauma, en hún greip skæri og stakk hann í handlegginn með. Þessu hafði Marteinn ekki gleymt nje viljað gleyma fyrir nokkrar umtölur og hennar góðmótlega viðleitni og æruboð það útlátum viðveik. Nú bar svo við sem oftar að Jón var ekki heima en þessi maður var í land kominn af einu stríðsskipinu án leyfis með hverjum hann átti út að sigla, og inngenginn í hús Jóns og hans kvinnu, klamarí þar að gjöra, og bauðst hennar auðæfi öll innanhúss að fordjarfa. Konan bauð honum 4 dala gildi til friðarstillingar. Ei vildi hann nokkurt boð hennar þýðast, og hræddi hana til öl að sækja. Nú á meðan svo við bar sat eg heima í mínu herbergi að sundurspretta mínum gömlum kyrtli til fóðurs. Þar kom einn maður Andrjes Sandvík að nafni til mín, sá eð hafði kóngl. Maj. í 8 ár þjónað fyrir soldát, en var nýlega orðinn byssuskytter. Þessi bað mig að vísa sjer leið til eins af vorum selskap, sá eð var Bernet Berntsson að nafni, hvað eg gjörði, og gekk eg útaf húsinu án hnifs eða verju, því eg hugði strax inn aftur að ganga, því hjónin voru bæði útgengin, en húsið eftir mannlaust. Nær við gengum fyrir þær húsdyr er Marteinn sat inni og sýndi konunni stórt ofbeldi með stórum heitingarorðum og kúgan til ölpeninga, og nær konan sjer mig kallar hún ákaflega og biður mig í Guðs nafni að koma og gjöra hjálp, því einn af vorum selskap væri þar inni og gjörði sjer stórt ofbeldi. En með því Jón og eg vorum kunningjar, en hann nú í fjarska, hrærðist eg aumkunar yfir henni, og líka svo fyrir umtölur Andrjesar, gekk eg svo inn í þeirri meiningu að afstýra og til friðar að stilla þeirra á milli, ef ske mætti. Marteinn heilsar mjer sæmilega og býður mjer með sjer til gildis, en eg kvaðst ei þiggja vilja, utan hann við konuna áður forliktist og friðsamlega höndlaði. Hann strax með miklu

forsi og bræði spurði hvort eg vildi hennar mál að mjer taka og forsvar gjöra. Eg svaraði ei framar en sem forlíkun tilhlýddi. Hann greip könnu fulla af borðinu, og með henni hugði mig ramma í höfuðið, og hljóp eftir kastinu. Eg veik mjer undan og hljóp honum í mót, og í einu vatt honum uppá bekkinn því hann var drukkinn, annars hefði eg ekki kannske haft orku honum í gegn, því hann var efldur maður. Hann bað mig friðar og lofaði öllu góðu, eg lofaði honum aftur vild og vináttu, og áminti hann til vareigðar, svo hann ólukku og skaða forðast mætti. Hann tók því vel í orði, og lofaði mín heilræði sem best að nýta. En nær hann liðugur gjörðist, greip hann sinn hníf, og sýndi sig í mig með honum að skaða, hverju honum varð hamlað. Síðan bauð hann mjer fyrir dyr til útafgöngu og mína æru viðlagði, um hvað eg honum ei synjast mátti. Konan býður mjer strax verju manns síns, sem var hálfkorði, og gengum svo fyrir dyr, og deildum við ei mörgum höggum okkar í milli fyr en hann fjekk í höfuðið skrámu, framanvert yfir enninu, og kvað sjer að fullu nægja, gekk strax í burt þaðan, uppá þann skans, er í kring um borgina liggur, úr vorri augsýn. En skömmu seinna kom hann mjer óvitanlega, er eg var að uppljúka dyrum þar nálægt, og stakk mig í vinstri axlarliðinn með sínum stóra hníf upp undir skaft, og hljóp svo sem harðast mátti. Einn maður af voru fólki, Jóhann Christjánsson að nafni, kallaði og hljóp eftir honum, bað hann bíða og kvað hann sem einn skelmir slíkt gjört hafa. Hinn rann sem kunni, og nær hann kom til skips aftur hlaut 9 sinnum frá skipsins rámúla í sjó að dansa, með sínu sári.[1]) Síðan gekk eg til M. Jacobs bartskera, sem bjó í Austurstræti. Hann leit þennan áverka mjög hættan vera, sakir liðamótsins, af hverju bartskerinn hjelt 3 merkur runnið hefði af liðavatni. Margir ráðlögðu mjer, að láta hans mál fyrir dóm og álit koma á týhússins rjettargangi, og að gjöra hann að óærlegum manni, hvað eg girntist ekki. Þeir kváðu mig sjerlegan vera.

[1]) líkl. vegna þess að hann hafði farið í land leyfislaust. RC.